


skoðun 28

SÉRBLAÐ
með Fréttablaðinu
Allt








# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

13. apríl 2010 — 85. tölublað — 10. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÞUNGAR ÁVIRÐINGAR** Nefndarmennirnir þrír, Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson, ásamt vinnuhópi um siðferði og starfshætti, sem Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir skipuðu, fóru hörðum orðum um stjórnsýsluna, stjórnmála- og viðskiptalífið á blaðamannafundinum í Iðnó í gær.

# Enginn gekkst við ábyrgð

**Rannsóknarnefnd Alþingis skilaði af sér skýrslu um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna í gær. Ráðherrar, seðlabankastjórar og forstjóri FME eru sakaðir um mistök og vanrækslu í starfi. Stærstu hluthafar bankanna fengu óeðlilegan aðgang að lánsfé.**

**RANNSÓKNARSKÝRSLAN** Ríkisstjórn, stjórnsýsla og bankarnir fá falleinkunn í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem kom út í gær. Þrír ráðherrar, þrír seðlabankastjórar og forstjóri Fjármálaeftirlitsins eru sakaðir um að hafa gert mistök og sýnt vanrækslu í starfi.

„Það gekkst enginn þeirra við ábyrgð,“ sagði Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndarinnar, á blaðamannafundi í gær, spurður út í þá stjórnendur sem komu fyrir nefndina. Í allt gáfu 147 manns skýrslu.

Ráðherrarnir þrír eru Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Sá síðastnefndi situr enn á þingi. Hann sagði af sér sem þingflokksformaður Samfylkingarinnar í gær.

„Ég kalla eftir að landsdómur komi saman og vil fá tækifæri til að verja nafn mitt þar,“ segir Björgvin.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, er sagður hafa sýnt af sér andvaraleysi gagnvart því að koma nægilega traustu skipulagi á daglega starfsemi stofnunarinnar. Nauðsynlegan slagkraft hafi skort í störf stofnunarinnar við að halda fjármálafyrirtækjunum að lögum.

Í skýrslu vinnuhóps um siðferði og starfshætti kemur fram að sá hópur sem stýrði bönkunum hafi fallið í nánast allar þær freistingar sem á vegi hans urðu.

> Segja má að sá hópur sem stýrði bönkunum hafi fallið í nánast allar þær freistingar sem á vegi hans urðu.“
>
> ÚR SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR

„Rannsóknarnefnd Alþingis telur að samþjöppun og áhætta hjá íslensku bönkunum hafi verið orðin hættulega mikil, þónokkuð fyrir fall þeirra,“ sagði Sigríður Benediktsdóttir nefndarmaður í gær.

Eigendur allra stóru bankanna fengu óeðlilega greiðan aðgang að lánsfé í eigin bönkum, að því er virðist í krafti eignarhalds síns. Helstu eigendur stærstu bankanna þriggja, og Straums-Burðaráss, voru meðal stærstu lántakenda.

Baugur og félög tengd honum voru stærstu lántakendur Glitnis. Vöxtur hljóp í útlán bankans á árinu 2007 þegar stjórnarskipti urðu í honum og aðilar tengdir Baugi og FL Group juku við eignarhlut sinn. Lán til Baugs og tengdra félaga námu 250 milljörðum eða um 70 prósentum af eiginfé bankans.

Exista, stærsti hluthafi Kaupþings, var jafnframt næststærsti skuldari bankans. Robert Tchenguiz, hluthafi og stjórnarmaður, var sá stærsti. Exista skuldaði bankanum 200 milljarða þegar hann féll.

Björgólfur Thor Björgólfsson og félög tengd honum voru stærstu skuldarar Landsbankans og Björgólfur Guðmundsson þriðji stærsti. Skuldir þeirra námu vel yfir 200 milljörðum, sem var meira en eigið fé bankans.

Nefndin hefur afhent ríkissaksóknara lista yfir mál og málaflokka sem hún telur að þarfnist sakamálarannsóknar.

Sjá síðu 2 til 26

Veljum framboð um
Heiðarleika
H-lista
í vor
Ólafur F. Magnússon greiðir auglýsinguna



## Inngrip hefði kostað málaferli

*Geir H. Haarde segir að vöxtur bankanna hafi valdið hruninu*

fréttir 14

## Eigendurnir veiktu bankana

*Viðskiptabankarnir þrír lánuðu eigendum hundruð milljarða króna.*

fréttir 20



## Sjálfstæðismenn fengu mest

*Tíu þingmenn fengu 100 milljónir eða meira að láni frá bönkunum*

fréttir 6








Áfram Skólahreysti!
MJÓLKURSAMSALAN
- aðalstyrktaraðili Skólahreysti
Munið keppnina í kvöld á RÚV

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

# Hraðferð yfir skýrslu rannsóknarnefndar

### ? Leiðir skýrsla rannsóknarnefndar til málshöfðana?

*Í skýrslunni er ekki að finna lista yfir einstök mál, heldur er þar bent á málaflokka sem nefndin telur ástæðu til að rannsaka sérstaklega með tilliti til þess hvort þar voru framin refsiverð afbrot.* SÍÐA 4

### ? Voru gerð mistök við þjóðnýtingu Glitnis?

*Þjóðnýting Glitnis er harðlega gagnrýnd í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Seðlabanki og ráðherrar eru taldir hafa brotið stjórnsýslulög, eigin verklagsreglur, óskráðar meginreglur og jafnvel stjórnarskrá þegar ákveðið var að bregðast við ósk Glitnis um lán til þrautavara með þjóðnýtingu. Seðlabankinn er ekki talinn hafa aflað sér nauðsynlegra gagna um stöðu Glitnis og ekki hafa lagt mat á hugsanleg viðbrögð markaðarins og þá hættu sem þjóðnýtingin gat haft í för með sér fyrir fjármálakerfið.* SÍÐA 6

### ? Hefðu stjórnvöld og eftirlitsstofnanir getað komið í veg fyrir að Icesave-reikningarnir yrðu sú byrði á þjóðinni sem raunin hefur orðið?

*Umfjöllun rannsóknarnefndar um Icesave-reikningana er áfellisdómur yfir íslenskum stjórnvöldum, Fjármálaeftirliti, Seðlabanka en þó ekki síst Landsbankanum sjálfum. Þau tæki sem voru fyrir hendi voru ekki nýtt, raunar þvert á móti í sumum tilfellum, eins og sannaðist þegar Seðlabankinn lækkaði bindisskyldu á innlánsreiknum erlendis.* SÍÐA 8



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**BÚINN AÐ NÁ SÉR Í SKÝRSLU** Rannsóknarskýrslu Alþingis hefur verið beðið með eftirvæntingu. Margir lögðu leið sína í bókaverslanir í gær til að ná sér í eintak.

### ? Hver er ábyrgð forseta Íslands?

*Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var áberandi boðberi útrásarinnar og er einn þeirra sem bera siðferðislega ábyrgð á aðdraganda og falli íslensku bankanna, með því að taka þátt í „því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra“, að mati vinnuhóps rannsóknarnefndarinnar um siðferði. Forsetinn er í skýrslu hópsins sagður hafa beitt sér af krafti við að draga upp fegraða, drambsama og þjóðerniskennda mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi.* SÍÐA 10

### ? Brugðust fjölmiðlar í aðdraganda hrunsins?

*Fjölmiðlum ber að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagsumræðu og veita aðhald öflum sem vinna gegn almannahag, segir í skýrslu vinnuhóps rannsóknarnefndar um siðferði sem telur fjölmiðla þarna hafa brugðist. Þeir hafi hvorki verið vakandi fyrir hættumerkjum né sýnt nægilegt sjálfstæði. Ekki hafi verið sýnt fram á bein áhrif eigenda á fréttaflutning en sjálfsritskoðun fjölmiðlamanna hafi verið útbreidd, meðal annars vegna fárra atvinnutækifæra fjölmiðlafólks.* SÍÐA 12

### ? Tókst Fjármálaeftirlitið á við aðsteðjandi vanda?

*Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að stjórnendur Fjármálaeftirlitsins hafi ekki talið meiriháttar vandræði steðja að íslensku bönkunum fram eftir ári 2008. Það hafi hins vegar verið rangt mat. Skýrsluhöfundar átelja stjórnendur Fjármálaeftirlitsins meðal annars fyrir að setja mál ekki í formlegt ferli heldur treysta á að hægt væri að leysa úr þeim með óformlegum samskiptum við fjármálafyrirtæki.* SÍÐA 16

### ? Sinnti Seðlabankinn hlutverki sínu?

*Seðlabankastjórarnir Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson eru taldir hafa sýnt af sér vanrækslu með því að kanna ekki stöðu Icesave-reikninganna þegar Landsbankinn óskaði eftir 390 milljarða króna fyrirgreiðslu Seðlabankans í ágúst 2008. Seðlabankastjórarnir þrír eru einnig taldir hafa sýnt vanrækslu í starfi í aðdragandanum að falli Glitnis, meðal annars með því að rannsaka málið ekki nógu vel áður en ákvörðun var tekin. Auk þess telur rannsóknarnefndin ýmsa annmarka hafa verið á starfsemi Seðlabankans sem iðulega hafi verið skrefi á eftir markaðnum og of seinn að hækka vexti sína.* SÍÐA 18

### ? Hverjir voru stærstu skuldarar bankanna?

*Í skýrslunni er dregið fram að stærstu eigendur bankanna hafi á sama tíma verið fyrirferðarmiklir lántakendur og aukið áhættu bankanna. Rekstur bankanna hafi einkennst af því að hámarka hag stærstu hluthafa þeirra, sem í krafti eignarhlutar síns hafi haft góðan aðgang að lánsfé. Baugur og tengdir aðilar sóttu sér fé í alla bankana og mynduðu of stóra áhættu í þeim öllum. Svipuðu máli gegnir um Existu, helsta eiganda Kaupþings, feðgana Björgólf Guðmundsson og Björgólf Thor Björgólfsson, kjölfestueigendur Landsbankans, og Ólaf Ólafsson, einn af stærstu hluthöfum Kaupþings.* SÍÐA 20

### ? Hverjir eru taldir hafa sýnt vanrækslu í skilningi laga?

*Þrír stjórnmálamenn, þeir Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Auk þess fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans, Davíð Oddsson, Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason, sem og Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins.* SÍÐA 22

### ? Voru gerð mistök við einkavæðingu bankanna?

*Niðurstaða rannsóknarnefndarinnar er að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar hafi valdið því að eignaraðild varð ekki dreifðari í bönkunum en raun ber vitni. Einkavæðingin hafi „á vissan hátt gefið tóninn fyrir það hvernig skipulag eignarhalds varð á íslenskum fjármálamarkaði“. Heimild Alþingis um sölu bankanna hafi verið allt of víð og of mikið vald sett í hendur framkvæmdarvaldsins. Reyndin hafi því verið sú að pólitík hafi ráðið ferðinni en ekki faglegt mat.* SÍÐA 24

### ? Hverjir tóku mest út úr peningamarkaðssjóðum mánuðinn fyrir hrun?

*Starfsmenn og tengdir aðilar tóku mun meira fé út úr peningamarkaðssjóðum mánuðinn fyrir hrun en ótengdir aðilar.* SÍÐA 26









## PORTÚGAL
Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Allt það helsta sem ferðamenn á sólarstað þrá.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **82.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Aparthotel Oceanus – Olhos D´ Aqua. Brottför: 10. júní.



## MARMARIS
Perla Tyrklands

Marmaris er einn vinsælasti ferðamannastaður á Tyrklandi og hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Þetta er fallegur strandbær í skógi vöxnum fjallshlíðum. Útsýni yfir Marmarisflóa er fagurt, sjórinn glitrar og seglskútur í hundraðatali setja svip sinn á umhverfið. Veitingastaðir eru þekktir fyrir fjölbreytni og ferskleika. Gestrisni heimamanna er rómuð og verðlag er sérlega hagstætt. Spennandi staður þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi!

VERÐ FRÁ: 10 nætur **109.495 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Hotel Club Aida. Brottför: 19. júní.



## TENERIFE
Staður hinna vandlátu

Tenerife er sú stærsta af Kanaríeyjunum og sker sig úr fyrir einstakt náttúrufar og veðursæld, hreinleika og góðan aðbúnað. Í suðurhlutanum, þar sem við erum með okkar gististaði, skín sólin nánast alla daga ársins og þar er vinsælast að vera. Meðalhiti er 20-22°C en á svalari dögum fer hitinn sjaldan undir 15°C. Í boði er fjölbreytt úrval skoðunarferða fyrir þá sem það vilja og hægt er að velja milli margra mismunandi gistinga.

VERÐ FRÁ: 7 nætur **99.900 kr.***

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi á Parque de las Americas. Brottför: 20. júní.

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir í fallegri náttúru, menningar- og sögustaði að ekki sé talað um frábæra golfvelli. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórinn og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.

ÚRVAL·ÚTSÝN

LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000

MEIRA Á **urvalutsyn.is**

MasterCard VISA

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

## GENGIÐ 12.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,67 | 126,27 |
| Sterlingspund | 193,88 | 194,82 |
| Evra | 170,85 | 171,81 |
| Dönsk króna | 22,951 | 23,085 |
| Norsk króna | 21,362 | 21,488 |
| Sænsk króna | 17,529 | 17,631 |
| Japanskt jen | 1,3428 | 1,3506 |
| SDR | 191,62 | 192,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,4107

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Meintir kaupendur vændisþjónstu Catalinu Mikue Ncogo bíða ákvörðunar:

# 17 vændiskaupamál til saksóknara

**DÓMSMÁL** Mál sautján meintra kaupenda vændis á vegum Catalinu Mikue Ncogo hafa verið send til ríkissaksóknara. Þar verður tekin ákvörðun um hvort einhverjir þeirra eða allir verða ákærðir.

Kaup á vændi eru brot á ákvæði almennra hegningarlaga. Í ákvæðinu segir að hver sem greiði eða heiti greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins greiddu kaupendur um tuttugu þúsund krónur fyrir þjónustuna í hvert skipti. Enginn þeirra mun hafa keypt vændisþjónustuna ítrekað.



**Í GÆSLUVARÐHALDI** Catalina situr í gæsluvarðhaldi.

Catalina situr í gæsluvarðhaldi til 23. apríl. Vitnisburðir kvenna vegna rannsóknar lögreglu á starfsemi hennar benda til þess að hún hafi gerst sek um mansal gagnvart sumum þeirra. Hún hafi beitt ofbeldi, hótunum um ofbeldi og frelsissviptingu gegn konunum.

Við rannsókn málsins hafa konur borið að þær hafi stundað vændi hér á landi á vegum Catalinu og að þær hafi komið til landsins í því skyni að starfa við vændi á vegum hennar. Þá hefur hún reynt að fá samfanga sinn, unga konu, til að starfa fyrir sig í vændi fyrir 500.000 krónur á mánuði þegar hún væri laus úr fangelsi. **- jss**

Dæmdir fyrir húsbrot og rán:

# Hótuðu ofbeldi

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi, þar af sjö á skilorði, fyrir húsbrot, hótanir og rán. Félagi hans var dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi og sá þriðji var dæmdur til að greiða 80 þúsund króna sekt. Þrír til sem ákærðir voru í málinu, voru sýknaðir.

Þrír menn ruddust inn á heimili tveggja ungra manna með hótunum ef þeir létu ekki verðmæt tæki af hendi. Þeir sögðust bora með borvél í hné þeirra og beindu að þeim hnífi, áður en þeir yfirgáfu húsnæðið með verðmætin. **- jss**

Kosningaeftirlit í Taílandi:

# Vilja leysa ríkisstjórn upp

**TAÍLAND, AP** Abhisit Vejjajivea, forsætisráðherra Taílands, er nú undir vaxandi þrýstingi að segja af sér og boða til kosninga.

Kosningaeftirlit landsins úrskurðaði í gær að flokkur forsætisráðherrans hafi misnotað fjárframlög sem honum hafi borist. Leysa eigi flokkinn upp og boða til kosninga. Þá sagði hershöfðinginn Anupong Paochinda í gær að mögulega yrði að leysa þingið upp til þess að skapa sátt. Herinn er valdamikill og hingað til hefur forsætisráðherrann notið stuðnings hans.

Mikil mótmæli hafa verið gegn ríkjandi stjórn landsins undanfarinn mánuð. Á laugardag létust svo fjórir hermenn og sautján óbreyttir borgarar þegar lögreglu og her mistókst að leysa mótmælin upp. **- þeb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Íkveikja á Hrauninu

Lögreglan á Selfossi rannsakar meinta íkveikja í fangaklefa á Litla-Hrauni í lok síðustu viku. Þar voru tveir menn saman í klefa þegar eldur kom þar upp. Fangaverðir náðu með snarræði að slökkva eldinn.

## ÍTALÍA

### Ellefu látnir eftir lestarslys

Að minnsta kosti ellefu manns létust og 30 eru særðir eftir að aurskriða féll á lest í norðurhluta Ítalíu í gærmorgun. Svo virðist sem vatnsleiðsla hafi brostið og aurskriðan orðið vegna þess.

## HEILBRIGÐISMÁL

### Grunur um salmonellusmit

Grunur er um salmonellusmit í ferskum kjúklingi framleiddum af Ísfugli og Matfugli. Frekari rannsókna er þörf til að staðfesta gruninn. Dreifing á vörunni hefur verið stöðvuð og vörurnar innkallaðar.

# Fátt nýtt til ríkissaksóknara

**Rannsóknarnefndin afhenti saksóknara lista yfir mál sem hún telur þarfnast rannsóknar. Endurskoðendur, peningamarkaðssjóðir og kaupréttir til skoðunar. „Velflest höfum við séð áður," segir sérstakur saksóknari.**

**RANNSÓKNARSKÝRSLAN** Endurskoðendur bankanna, peningamarkaðssjóðir þeirra, afskipti stjórnarmanna af einstökum viðskiptum, kaupréttarsamningar starfsmanna og umfangsmikil markaðsmisnotkun er meðal þess sem rannsóknarnefnd Alþingis telur að saksóknari eigi að taka til sérstakrar rannsóknar.

Sérstakur kafli er í skýrslunni um málin. Skjalið var fært Birni L. Bergssyni, settum ríkissaksóknara, á sunnudag og mun hann nú leggjast yfir upplýsingarnar og ákveða hvort málunum verði eftir atvikum vísað áfram til sérstaks saksóknara til sakamálarannsóknar.



**BJÖRN L. BERGSSON**



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Ekki er um tölusettan lista yfir einstök mál að ræða, heldur fyrst og fremst málaflokka sem nefndin telur ástæðu til að rannsaka sérstaklega með tilliti til þess hvort þar voru framin refsiverð afbrot. Nokkur einstök mál eru þó nefnd til sögunnar. Sjá má listann hér til hliðar.

Björn segir í samtali við Fréttablaðið að töluverð vinna sé nú fram undan við að greina upplýsingarnar í skýrslunni og vísa síðan málum áfram til Ólafs Haukssonar, sérstaks saksóknara. Ekki sé þó mjög margt splunkunýtt í kaflanum. Ólafur tekur í sama streng. „Velflest höfum við séð áður eða erum byrjuð að vinna í," segir hann. „En það er eitt og annað nýtt," bætir hann þó við.

**stigur@frettabladid.is**

## Mál sem vísað er til saksóknara

- Refsiverð brot stjórnenda banka og annarra fjármálafyrirtækja. Vanhöld meðal annars talin vera á ársreikningum, sem stjórnendurnir báru ábyrgð á, auk þess sem stjórnarmenn hafi í einhverjum tilvikum haft ólögmæt afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.
- Skuldatryggingakaup Icebank af viðskiptavinum sínum. Icebank keypti til dæmis í árslok 2007 skuldatryggingu fyrir skuldabréf að fjárhæð átta milljarðar af ónefndu fyrirtæki með eigið fé sem nam 105 milljónum. „Líkurnar á því að fyrirtækið gæti bætt Icebank **8.000 milljónir** króna voru því nánast engar," segir nefndin. Grunur leikur á að þetta hafi verið málamyndargerningur notaður til þess að tryggja að Icebank uppfyllti lágmarkskröfur um eiginfjárhlutfall.
- Meint auðgunarbrot þegar Kaupþing lánaði fyrir sölu á skuldatryggingum á sjálft sig. Kaupendur skuldabréfanna, og þar með seljendur skuldatrygginganna, voru stórir viðskiptavinir Kaupþings, sem **gátu einungis grætt** á viðskiptunum á meðan áhættan lá alfarið hjá bankanum.
- Fimm lán Kaupþings til kýpverska félagsins Desulo Trading ltd. upp á samtals rúma 20 milljarða til kaupa á bréfum í bankanum sjálfum. Grunur um markaðsmisnotkun. Egill Ágústsson, framkvæmdastjóri Íslensk-Ameríska, er skráður fyrir félaginu.
- Hálfs milljarðs lán Kaupþings til Caramba, félags í eigu Björns Inga Hrafnssonar, til kaupa á bréfum í Existu. Grunur um markaðsmisnotkun.
- Veðtöku stóru bankanna í eigin bréfum sem voru langt umfram 10 prósenta hámarkið. Sem dæmi var verðmæti veða Kaupþings í eigin bréfum 214 milljarðar í lok september 2008, eða **42 prósent af öllum bréfum bankans.**
- Kaup Baugs á eigin bréfum af stærstu eigendum sínum fyrir hluta af söluverðmæti Haga til 1998 ehf. Þetta hafi verið til þess fallið að rýra hagsmuni annarra kröfuhafa Baugs.
- Framvirkir samningar upp á samtals tíu milljarða um skuldabréf í FL Group við tvö félög, Glúx ehf. og Consensus ehf., með það að markmiði að lána FL Group féð án þess að telja það til áhættu Glitnis vegna tengdra aðila. Til tryggingar var meðal annars víxill útgefinn af Icebank, en starfsmenn hans eru taldir hafa verið með í ráðum.
- Aðrar ótilgreindar óábyrgar lánveitingar, þar sem reglum um áhættumat, innri verkferla, til dæmis umfjöllun lánanefnda, og viðmiðum um tryggingar var ekki fylgt. Viðmiðum um veðköll ekki alltaf fylgt og einnig gríðarlegar fjárhæðir lánaðar eignarhaldsfélögum sem **áttu ekki meira eigið fé en hálfa milljón** án annarra veða en bréfanna sem lánað var fyrir.
- Kaupréttarsamningar og framkvæmd þeirra eru í einhverjum tilvikum taldir hafa verið markaðsmisnotkun. Dæmi nefnd um það þegar Landsbankinn meinaði starfsmönnum sínum að innleysa kauprétti í desember 2007 til að halda uppi gengi bréfa í bankanum.
- Bankarnir allir hafi tryggt óeðlilegt verð á hlutabréfum í sjálfum sér eða stuðlað að því að rangar eða misvísandi upplýsingar væru gefnar um framboð, eftirspurn eða verð bréfanna.
- Gjaldeyrisviðskipti Kaupþings og tengdra félaga fyrir **1.392 milljónir evra** á þremur mánuðum um áramótin 2007 og 2008. Þetta kolfelldi íslensku krónuna og grunur leikur á markaðsmisnotkun.
- Endurskoðendur bankanna eru taldir hafa brotið starfsskyldur sínar.
- Stjórnendur peningamarkaðssjóða bankanna eru grunaðir um að hafa brotið með refsiverðum hætti starfsskyldur sínar við fjárstýringu og utanumhald sjóðanna.
- Fjöldi innherja tók eign sína út úr peningamarkaðssjóðunum skömmu fyrir hrun.

**LÖGBROT STJÓRNENDA**

**GJALDEYRISVIÐSKIPTI KAUPÞINGS**

**SALAN Á HÖGUM**

**LÁN TIL BJÖRNS INGA**


# SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**TÍÐINDALÍTIÐ** Í dag má búast við nokkuð björtu veðri austan til en það þykknar þó heldur upp er líður á daginn. Hitastig verður með ágætum næstu tvo daga en síðan kólnar heldur á landinu. Vestlægar áttir verða ríkjandi út vikuna en vindur verður tiltölulega hægur.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 12° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 15° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 11° |
| París | 13° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

# Það er bara eitt sem er alveg á tæru til 2015

Powerful. Intelligent.

**POWEREDGE™ T610**

Intel® Xeon® Processor E5504 (2.00 GHz, 4M Cache)

Frábær alhliða netþjónn sem hentar í allan almennan kerfisrekstur
Turn sem hægt er að breyta í 5U Rack þjón
Allt að 8TB diskapláss og 96GB vinnsluminni
Einn eða tveir fjögurra kjarna Intel® Xeon5500 örgjörvar
Tilvalinn netþjónn fyrir sýndarvélar og 64bita stýrikerfi
Tveir straumgjafar



## Fimm ára ábyrgð

Öflugur og áreiðanlegur netþjónn frá Dell eykur skilvirkni og tryggir gagnaöryggi fyrirtækisins.

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel logo, Xeon, and Xeon Inside are trademarks or registered trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries.



### Dell EMC AX4-5

Einföld og hentug SAN gagnageymsla. Fáanleg bæði í iSCSI og FC útgáfum. Stækkanleg í 60 diska, SAS eða SATA.



### Dell 5130 litalaser prentari

Sennilega hraðvirkasti A4 geislaprentari í lit. Mögnuð prentgæði, áreiðanleiki og hraði.



### Dell Poweredge T310

Góður alhliða netþjónn, einn fjögurra kjarna Xeon örgjörvi, tveir eða fjórir Hot Plug diskar. Allt að 32GB vinnslu-minni.



### Dell Latitude™ E6400

Hönnuð fyrir atvinnulífið til að hámarka afköst, hlaðin nýjungum, áreiðanleg og örugg.



### Dell Optiplex 780

Tölvan sem hentar best fyrir atvinnulífið, endingargóð, einföld í umgengni og umsjá.



### Dell 23" Pro LCD skjár

Vandaður skjár í góðri stærð með fjölda tengimöguleika.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegi 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

EJS 1939 70 2009

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • 1414

## Úr skýrslu rannsóknarnefndar



„Og mér var sérstaklega minnisstætt að þegar fundurinn er að hefjast þá snýtir Össur sér og segir yfir fundarborðið að hann hafi bara akkúrat ekkert vit á bankamálum […] Og síðan bara endaði fundurinn snögglega og ég hugsaði með mér: Bíddu, ætlar enginn að „rappa“ upp hvað var sagt og hvaða ákvörðun var tekin? En ég meina, það var bara ég allavegana náði engri ákvörðun þarna, enda var engin ákvörðun tekin.“

**SIGRÍÐUR LOGADÓTTIR**, LÖGFRÆÐINGUR SEÐLABANKANS, VAR VIÐSTÖDD ÖRLAGARÍKAN FUND UM ÞJÓÐNÝTINGU GLITNIS.


# Rannsóknar-skýrslan

Samfylkingarfélagið í Reykjavík heldur opna félagsfundi næstu þrjá miðvikudaga, 14. apríl, 21. apríl og 28. apríl, sem allir munu fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá ýmsum hliðum. Fundirnir verða á Hallveigarstíg 1 og hefjast kl. 20.30.

Miðvikudagur 14. apríl

## Hvað stendur í skýrslunni?

Gestir fyrsta fundarins verða Sigurður Líndal, lagaprófessor og Jóhann Hauksson, blaðamaður. Fundarstjóri verður Helga Vala Helgadóttir, laganemi.





Miðvikudagur 21. apríl

## Hvaða lærdóm má Samfylkingin draga af skýrslunni?

Gestir á öðrum fundinum verða Valgerður Bjarnadóttir, þingkona og Jóhann Ársælsson, fyrrverandi þingmaður. Fundarstjóri verður Björk Vilhelmsdóttir, borgarfulltrúi.





Miðvikudagur 28. apríl

## Hvað finnst þér um skýrsluna?

Á þriðja fundinum verða engir frummælendur heldur munu flokksfélagar eiga sviðið. Haldin verður opin hugmyndasmiðja þar sem félagsmenn fjalla um skýrsluna, spyrja spurninga og deila hugsunum sem kviknað hafa eftir viðburði síðustu vikna. Umræðum stjórnar Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri.

Við hvetjum félagsmenn og aðra sem hafa áhuga á að ræða og kynna sér efni skýrslunnar að fjölmenna á miðvikudagsfundi félagsins og taka þátt í mótun samfélagsins.

Allir velkomnir!

**Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík**

SffR

*Kynnt með fyrirvara um breytingar.*


# Hörð gagnrýni á þjóðnýtingu Glitnis

**Seðlabanki og ráðherrar brutu stjórnsýslulög, eigin verklagsreglur, óskráðar meginreglur og jafnvel stjórnarskrá þegar ákveðið var að bregðast við ósk Glitnis um lán til þrautavara með þjóðnýtingu. Seðlabankinn hafði ekki forsendur til að meta hvort sú leið sem hann gerði tillögu um væri forsvaranleg.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÞJÓÐNÝTING** Davíð Oddsson seðlabankastjóri og Lárus Welding, bankastjóri Glitnis, tilkynntu á blaðamannafundi að ríkið yrði eigandi 75 prósenta hlutafjár í Glitni.

Þjóðnýting Glitnis er harðlega gagnrýnd í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Spjótum nefndarinnar er bæði beint að bankastjórn Seðlabankans og ráðherrum ríkisstjórnarinnar. Seðlabankinn aflaði ekki nauðsynlegra gagna um stöðu Glitnis og lagði ekki mat á hugsanleg viðbrögð markaðarins og þá hættu sem þjóðnýtingin gat haft í för með sér fyrir fjármálakerfið.

Seðlabankinn hafði í raun ekki forsendur til að meta hvort leiðin sem hann lagði til að ríkisstjórnin færi í málinu væri forsvaranleg, segir í skýrslunni.

Atburðarásin hófst 25. september, á fundi þar sem Þorsteinn Már Baldvinsson, stjórnarformaður bankans, óskaði munnlega eftir aðstoð Seðlabankans við Glitni vegna erfiðleika bankans við að standa í skilum með lán sem voru þá að komast á gjalddaga innan skamms.

Við meðferð málsins var ekki fylgt eigin áætlun Seðlabankans um viðbrögð við lausafjárvanda og veitingu svonefndra þrautavaralána til fjármálafyrirtækja. „Seðlabankinn leitaði ekki til viðeigandi sérfræðinga bankans og þeir sérfræðingar sem þó unnu að undirbúningi og mati á málinu voru flestir kallaðir til síðla sunnudagsins 28. september,“ segir í skýrslunni. Þá var í raun búið að taka ákvörðun um að ríkið eignaðist 75% hlutafé í bankanum. Það var tilkynnt eigendum Glitnis þá um nóttina og almenningi daginn eftir.

Í skýrslunni segir að lítill gaumur hafi verið gefinn að því að meta trúverðugleika þeirra aðgerða sem Seðlabankinn lagði til gagnvart erlendum lánveitendum og aðilum á markaði. Það sé ámælisvert. „Ekki er að sjá að líkur á hugsanlegri gjaldfellingu hafi verið metnar á rökstuddan hátt af Seðlabanka Íslands,“ segir í skýrslunni. „Stjórnendum Seðlabankans mátti sem sérfróðum aðilum á þessu sviði vera ljóst að veruleg hætta væri á að inngrip ríkisins í Glitni, með þeim hætti sem lagt var til, yrði talin ótrúverðug aðgerð.“

Auk bankastjórnar Seðlabankans sýndu ráðherrarnir Árni M. Mathiesen og Geir H. Haarde af sér vanrækslu, segir í skýrslunni.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafði óskað eftir því að Össur Skarphéðinsson, en ekki Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra, tæki þátt í afgreiðslu á málum Glitnis fyrir hönd Samfylkingarinnar. Þrátt fyrir það bar bæði Geir, sem verkstjóra ríkisstjórnarinnar, og einnig Árna M. Mathiesen, skylda til að sjá um að Björgvin væri upplýstur um málið. Nefndin vísar í þessu sambandi til stjórnarskrárákvæða og reglugerðar um stjórnarráð Íslands. „Málefni er varða fjármálafyrirtæki eins og Glitni heyrðu á þessum tíma undir málefnasvið viðskiptaráðherra,“ segir í skýrslunni.

Viðskiptaráðherrann frétti hins vegar af málinu fyrir tilviljun þegar það var á lokastigi að kvöldi sunnudagsins 28. september.

peturg@frettabladid.is

## Úr skýrslu rannsóknarnefndar

„Ég var rétt byrjaður, þá trylltist hann, sagði að ég væri að grafa undan tillögum hans og sagði: „Þarna situr forsætisráðherra frammi og skelfur eins og lauf í vindi og getur ekki tekið ákvörðun. Hann hlustar á þig og þú ert að grafa undan þessu. Ef þetta gengur ekki fram mun ég persónulega sjá til þess að þér verði ólíft á Íslandi það sem eftir er.“ Jafnframt sagði hann að ég skyldi ekki hræra í Össuri, þá skyldi hann eiga mig á fæti. Hann var vægast sagt tryllingslegur og mér féll gjörsamlega allur ketill í eldinn. Ég brást við með því að segja að við hefðum verið samherjar til margra ára, ég hefði ekkert annað í huga en framtíð landsins okkar, hann róaðist nokkuð við það en ég sá að hann hugsaði mér þegjandi þörfina.“



**TRYGGVI ÞÓR HERBERTSSON** UM EINKAFUND SINN MEÐ DAVÍÐ ODDSSYNI Í AÐDRAGANDA ÞJÓÐNÝTINGAR GLITNIS.

## Úr skýrslu rannsóknarnefndar

„Skilaboð almennt frá yfirvöldum voru þau að menn hefðu bara miklar áhyggjur af stöðunni, menn eru náttúrlega – ég var náttúrlega, tel ég nokkuð hreinskilið, menn höfðu alltaf mestar áhyggjur af okkur, eða svo höfðu þeir aðeins minni áhyggjur af okkur yfir sumarið, þannig að ég fékk alls konar skilaboð úr öllum áttum um að ég væri algjörlega, vissi ekkert hvað ég væri að gera, alveg vonlaus í öllu. Þannig að það voru svona almennt skilaboðin, það voru svo sem engin sérstök skilaboð.“

**LÁRUS WELDING**
Í YFIRHEYRSLU HJÁ RANNSÓKNARNEFNDINNI

Þingmenn og makar þeirra skulduðu bönkunum háar fjárhæðir árin fyrir hrun:

# Sólveig og Þorgerður með mest

Sjö sjálfstæðismenn eru á lista þeirra tíu alþingismanna sem fengu yfir 100 milljóna króna lánafyrirgreiðslu frá íslensku bönkunum frá ársbyrjun 2005 og fram að falli bankanna. Upphæðirnar taka einnig til lána til maka þingmanna og félaga í þeirra eigu.

Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, trónir á toppi listans og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, er í öðru sæti. Lánin sem þær eru skráðar fyrir skrifast að langstærstum hluta á maka þeirra, Kristin Björnsson og Kristján Arason.

Herdís Þórðardóttir er þriðja á listanum, en stór hluti lána sem skráð eru á hana eru vegna lána eiginmanns hennar eða sameiginlegs félags í þeirra eigu. Herdís sat á þingi í tvö ár frá 2007 til 2009.

Fimmti er Lúðvík Bergvinsson, Samfylkingunni, sem fékk 755 milljónir að láni.

Sjö sjálfstæðismenn eru sem áður segir á listanum, einn samfylkingarmaður og tveir framsóknarmenn.

### Lán til alþingismanna og maka þeirra

| | |
|---|---|
| 1 Sólveig Pétursdóttir | 3.635 milljónir |
| 2 Þorgerður K. Gunnarsdóttir | 1.683 milljónir |
| **3** Herdís Þórðardóttir | 1.020 milljónir |
| **4** Lúðvík Bergvinsson | 755 milljónir |
| **5** Jónína Bjartmarz | 283 milljónir |
| **6** Árni Magnússon | 265 milljónir |
| **7** Ármann Kr. Ólafsson | 248 milljónir |
| **8** Bjarni Benediktsson | 174 milljónir |
| **9** Ásta Möller | 141 milljónir |
| **10** Ólöf Nordal | 113 milljónir |

Þrír sitja enn á Alþingi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal, öll úr Sjálfstæðisflokki.

Flokksbróðir þeirra, Ármann Kr. Ólafsson, er oddviti sjálfstæðismanna fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í Kópavogi. Hann skuldaði mest 248 milljónir. - sh

# VORTILTEKT!



QUEEN SIZE RÚM
(153x203 cm)
FRÁ 99.000 kr.

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT

## 30-50% AFSLÁTTUR

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, ánæstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

## ÁTTU VON Á GESTUM?



Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.

ARGH! 130410

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

### Úr skýrslu rannsóknarnefndar

„Bankamálaráðherra, nei, við töluðum við aldrei við hann, Seðlabankinn bara boycut-aði á hann og talaði aldrei við hann, hann var náttúrulega aldrei inni í neinu, það talaði aldrei neinn við hann.“

SIGURJÓN Þ. ÁRNASON, FYRRVERANDI BANKASTJÓRI LANDSBANKANS.

„Það er nú eitt sem maður saknar svolítið, mér finnst að við hefðum getað gert meira, við Íslendingar, á þessu blómaskeiði okkar. Það ætti að liggja meira eftir okkur, stór verk.“

HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FYRRVERANDI FORSTJÓRI KAUPÞINGS.

„Og ég sagði við hann: Þorsteinn [M. Jónsson], ég veit að þú átt enga peninga, geturðu útskýrt fyrir mér hvernig þú getur keypt Vífilfell? Og hann horfði á mig, brosti, og ég gleymi aldrei orðalaginu: Með þróaðri fjármálatækni.“

STYRMIR GUNNARSSON, FYRRVERANDI RITSTJÓRI MORGUNBLAÐSINS.

„Sigurjón er nú mikill stærðfræðingur og teiknaði upp fyrir mig einhver box sem ég skildi nú ekki helminginn af hvernig ætti að með pílum og örum að sem sagt ná í pening út úr Seðlabanka Evrópu. Þetta snerist allt um það að búa til einhver instrúment, einhver bréf sem bankinn tæki gild sem veðandlag fyrir því að ná út evrum.“

GEIR HAARDE, FYRRVERANDI FORSÆTISRÁÐHERRA.



„Þau laun sem ég hef verið með hjá þessum banka síðan 2003 hafa í öllum samanburði við þá sem ég ber mig saman við verið óheyrilega lág. Það er nefnilega þannig.“

SIGURÐUR EINARSSON, FYRRVERANDI STJÓRNARFORMAÐUR KAUPÞINGS.

# Ekki nóg gert í Icesave

**Hvorki stjórnvöld né eftirlitsstofnanir gerðu nóg vegna þess vanda sem ljóst var að Icesave-reikningarnir myndu skapa. Utanríkisráðuneytið er gagnrýnt. Síðasta árið fór meira út en inn af reikningum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.**

### Heildarinnlán Icesave í Bretlandi




Stjórnvöld og eftirlitsstofnanir eru átaldar fyrir að skilja ekki það vandamál sem Icesave-reikningar Landsbankans fólu í sér fyrir íslenskt samfélag. Fremstir í flokki fóru reyndar Landsbankamenn sjálfir, sem að mati nefndarinnar átta sig ekki á alvarleika málsins fyrr en á síðustu dögunum fyrir lokun útibúanna í Bretlandi. Fjármálaeftirlitið var hins vegar málpípa bankans ytra.

Landsbankinn tilkynnti Fjármálaeftirlitinu, með bréfi dagsettu 29. júní 2005, að hann hygði á útvíkkun starfsemi sinnar í London með því að taka á móti innlánum. Það varð síðan að veruleika í október 2006 og í janúar 2008 voru fimm milljarðar punda á reikningunum. Til tryggingar þeim fyrir fjárhæð, ef illa færi, stóð Tryggingarsjóður innstæðueigenda á Íslandi.

### Eðlisbreyting án athugunar

Í skýrslunni er mikið gert úr þeirri staðreynd að svo virðist sem engin athugun hafi verið gerð áður en sú aðstaða var komin upp. Í raun og veru hafi verið um grundvallarbreytingu á fjármögnun íslenska bankakerfisins að ræða. Eftirlitsaðilum hafi þó ekki þótt ástæða til athugunar.

Í stað þess að bankinn fjármagnaði sig að stærstum hluta með fjármunum frá erlendum lánastofnunum og fagfjárfestum, bættist nú í hóp lánardrottna mikill fjöldi erlendra einstaklinga sem fól bankanum vörslu sparifjár síns. Engin könnun var gerð á hve öruggir Icesave-reikningarnir voru sem fjármögnunarleið, eða hvaða áhætta kynni að fylgja þeim fyrir efnahag Íslands.

Landsbankinn var það sem nefnt er kerfislega mikilvægur banki. „Ef áföll yrðu í rekstri hans var ljóst að það gat haft veruleg áhrif á fjármálastöðugleika Íslands sem Seðlabanka Íslands bar samkvæmt lögum að varðveita,“ segir í skýrslunni.

Seðlabankinn hafi þannig ekki gert nægilega athugun og ekki Fjármálaeftirlitið heldur. Stjórnvöld hafi einnig flotið sofandi að feigðarósi.

### Utanríkisþjónustan ekki nýtt

Breskar eftirlitsstofnanir höfðu raunar meiri áhyggjur af Icesave en þær íslensku, ef marka má skýrsluna. Bæði fjármálaeftirlitið breska og seðlabankinn ræddu ítrekað við íslenska kollega sína og stjórnvöld um möguleikann á að færa Icesave undir breskt dótturfélag. Ekkert varð úr því. „Íslensk stjórnvöld voru ekkert að keyra okkur áfram í þessu,“ sagði Sigurjón Þ. Árnason í yfirheyrslu hjá nefndinni. Það hefðu hin bresku gert.

Eftir fund tveggja bankastjóra íslenska bankans með fulltrúum þess breska í mars 2008, voru skilaboð Íslendinganna að Bretar hefðu ekki nægar upplýsingar til að meta íslensku bankana.

Þá vekur nefndin athygli á því að fyrir utan aðkomu að fundi í september 2008, er sendiherra Íslendinga í Bretlandi fyrst virkjaður. Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hafi átt fundi með Seðlabanka Íslands og verið upplýst um stöðuna.

Ekki verður þó séð af gögnum að „neinar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar af hálfu utanríkisþjónustunnar af þessu tilefni til að undirbúa viðbrögð eða virkja tengsl við erlend stjórnvöld“ segir í skýrslunni. Er þá sérstaklega horft til þess ef áhlaup héldu áfram á reikninga bankans.

### Meira út en inn

Til Icesave-reikninganna var stofnað svo flytja mætti fjármuni af þeim reikningum yfir í aðra hluta samstæðu bankans. Það gekk vel framan af, en þegar leið á árið 2008 kom að því að Bretar spurðu sig hvað byggi að baki þessum reikningum. Umræður voru í breska þinginu og The Times fjallaði um reikningana og Tryggingarsjóðinn.

„Honum [Tryggingarsjóðnum] er lýst sem forfjármögnuðum en í raun á hann 88 milljónir punda í sjóðum. Það á að tryggja inneignir fyrir 13,6 milljarða punda, 154 sinnum hærri upphæð.“ Þá var bent á að heildarupphæð inneigna væri tvöföld þjóðarframleiðsla bankans.

Þar kom að útflæðið varð meira en innstreymið og þannig var það síðasta árið fyrir fall bankanna. Átti það við útibú bankans í Bretlandi og Hollandi.

Landsbankamenn virðast hins vegar ekki hafa áttað sig á í hvaða óefni stefndi, sérstaklega Sigurjón, sem var tregari til að færa reikningana yfir í dótturfélag en Halldór. Haft er eftir Sigurjóni 14. júlí 2008 að hann sé „ekki viss um að flutningurinn borgi sig nema fyrir Tryggingarsjóð innstæðueigenda“.

### Áfellisdómur

Skýrslan er áfellisdómur yfir íslensk stjórnvöld, Fjármálaeftirlit, Seðlabanka og ekki síst Landsbankann sjálfan. Þau tæki sem þó voru fyrir hendi voru ekki nýtt, raunar þvert á móti í sumum tilfellum, eins og sannaðist þegar Seðlabankinn lækkaði bindisskyldu á innlánsreiknum erlendis.

Icesave-reikningarnir voru mál af þeirri stærðargráðu að gat komið íslenskum efnahag á kné, líkt og reyndin varð. Ráðherrar virðast ekki hafa áttað sig á því, litlar ráðstafanir voru gerðar og því fór sem fór. Loks þegar ljóst var hvert stefndi var það allt of seint.

Á fundi Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra og sendinefndar með Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta 2. september 2008, lýsti sá síðarnefndi því hvað væri í vændum. Bretar myndu ábyrgjast innistæður að fullu og spurning væri hvert ætti að senda reikninginn.

Enn er ósamið um Icesave.

kolbeinn@frettabladid.is

VitrA GÆÐI



VITRA Mod blöndunartæki
23.900



VITRA Slope blöndunartæki
8.990

VitrA QUALITY

Flísa&Bað MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laug. 11-16.




SIEMENS

Uppþvottavélar frá Siemens.

Hraðvirkar, hljóðlátar og vinnusamar.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Taktu haustið með trompi!




## Tækninám og brautir NTV opna nýjar leiðir

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 493.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á almennum vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa.

Kerfisstjórinn samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator“

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. ágúst |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 110.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. ágúst |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 299.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

| Morgunnámskeið byrjar 16. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

| Lotunám byrjar 4. september |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 139.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig víðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

| Morgunnámskeið byrjar 14. september | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

| Síðasta kvöld- og helgarnámskeið á vorönn byrjar 29. apríl |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 249.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

| Morgunnámskeið byrjar 17. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 16. ágúst |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeiðið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði námskeiðsins.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

| Kvöldnámskeið byrjar 5. október |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

| Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 14. september |

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

OPIN KERFI — Microsoft Certified Partner | Learning Solutions — PEARSON VUE Authorized Test Center — ECDL — PROMETRIC

**INNRITUN Á HAUSTÖNN STENDUR YFIR NÚNA!**

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

# ÁRSFUNDUR

## ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS ÁRIÐ 2010

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. apríl 2010 á Grand Hótel Reykjavík kl. 17.15.**

**DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2009 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Skýrsla endurskoðunarnefndar
4. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
5. Tillögur um breytingar á samþykktum.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
8. Ákvörðun um laun stjórnar.
9. Önnur mál.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 22. apríl 2010 kl. 24.00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

*Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.*
*Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.*

www.almenni.is

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

VERTU VELKOMIN/N Í NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

OPNAÐ HEFUR VERIÐ FYRIR INNRITUN

*Auðlindafræði*
*Fjölmiðlafræði*
*Heilbrigðisvísindi*
*Heimskautaréttur*
*Hjúkrunarfræði*
*Iðjuþjálfunarfræði*
*Kennarafræði*
*- (leik- og grunnskólastig)*
*Líftækni*
*Lögfræði*
*Menntunarfræði*
*Nútímafræði*
*Samfélags- og hagþróunarfræði*
*Sálfræði*
*Sjávarútvegsfræði*
*Umhverfis- og orkufræði*
*Viðskiptafræði*
*Þjóðfélagsfræði*

WWW.UNAK.IS

*Engin skólagjöld. Innritunargjald fyrir veturinn kr. 45.000.*

*Umsóknarfrestur er til 5. júní.*


RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS



FRÉTTABLAÐIÐ E.ÓL.

**ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN** Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Sigurði Einarssyni, stjórnarformanni Kaupþings, og Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings, útflutningsverðlaun forseta Íslands árið 2005. Sigurður fékk einnig fálkaorðu.

# Var áberandi sem boðberi útrásarinnar

**Þáttur Ólafs Ragnars Grímssonar vekur sérstaka athygli í þeirri atburðarás sem leiddi til hrunsins, segir vinnuhópur um siðferði. Forsetinn gekk langt í að nota embættið útrásarvíkingum til framdráttar, eins og segir í harðorðum kafla um þátt forsetans.**

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er einn þeirra sem bera siðferðislega ábyrgð á aðdraganda og falli íslensku bankanna, með því að taka þátt í „því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra“. Þetta er óháð þeirri staðreynd að hann kom ekki beint að stjórnvaldsákvörðunum.

Þetta er niðurstaða vinnuhóps um siðferði og starfshætti. Þar segir jafnframt: „svo hart gekk forsetinn fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem þar voru fremstir í flokki,“ að ekki varð hjá því komist að skoða þátt forsetans sérstaklega.

Vinnuhópurinn fjallar í smáatriðum um hvernig forsetinn þróaði „kenningu sína“ um yfirburði íslenskra fyrirtækja og stjórnenda þeirra. „Forsetinn beitti sér af krafti við að draga upp fegraða, drambsama og þjóðerniskennda mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi.“ Þetta gerði forsetinn einnig eftir að gagnrýnar raddir tóku að heyrast hér og erlendis og er niðurstaða vinnuhópsins að Ólafur hafi verið í hópi þeirra ráðamanna sem markvisst nýttu stöðu sína og „héldu í víking útrásinni til varnar“.

Vinnuhópurinn fjallar sérstaklega um ferðalög forsetans í þágu útrásarinnar og segir að upphaflega hafi sú vegferð hafist með nánu samstarfi við Sigurð Einarsson, stjórnarformann Kaupþings. „Má telja Sigurð meðal helstu samstarfsmanna forsetans á síðari árum.“ Vinnuhópurinn segir að fjárfestingar íslenskra fyrirtækja í mörgum löndum árin 2002 til 2008 endurspeglist vel í ferðum forsetans og nefnir ferðir til Rússlands, Búlgaríu og víðar sem tengdust umsvifum Björgólfsfeðga.

Vinnuhópurinn rifjar upp skrif Guðjóns Friðrikssonar sagnfræðings um ferðir forsetans til Kína árið 2005 ásamt hundrað manna föruneyti. Í þeim hópi voru „allir helstu aðalleikararnir í útrásinni,

> Þrátt fyrir að kenningar forsetans væru harðlega gagnrýndar hélt hann áfram að lofa útrásina. Hann tók þátt í að gera lítið úr þeim röddum sem vöruðu við hættulega miklum umsvifum íslenskra fyrirtækja.
>
> **NIÐURSTAÐA VINNUHÓPS UM SIÐFERÐI OG STARFSHÆTTI**

frá fjárfestunum Björgólfi Thor Björgólfssyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Hannesi Smárasyni til bankastjóranna Hreiðars Más Sigurðssonar og Sigurjóns Þ. Árnasonar,“ segir í skrifum vinnuhópsins.

Í umfjölluninni er rakið að Ólafur þáði oft að ferðast í einkaþotum þeirra fyrirtækja sem helst hafa verið til umfjöllunar vegna hrunsins. Má þar nefna leiguvélar eða flugvélar í eigu Kaupþings, Actavis, Glitnis, Novators, FL Group og Eimskipafélags Íslands.

Eins er fjallað sérstaklega um bréfaskrif forsetans. Fjallað er um átta bréf sem teljast varpa ljósi á hlut forsetans í þjónustu við stóru útrásarfyrirtækin. Fréttablaðið hefur fjallað ítarlega um þessi skrif forsetans en var neitað um aðgang að fjölda bréfa á þeim tíma.

svavar@frettabladid.is

## Lærdómar að mati vinnuhópsins

- Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.
- Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.
- Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífinu stuðning.



# Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

**IQ-CARE**
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi




## Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

## Fermingartilboð

| STÆRÐ | VALHÖLL | SAGA | ÞÓR | IQ-CARE |
|---|---|---|---|---|
| 90x200 | 69.900 | 89.900 | - | 134.900 |
| 100x200 | 74.900 | 94.900 | 104.900 | 144.900 |
| 120x200 | 84.900 | 109.900 | 124.900 | 164.900 |
| 135x203 | - | - | - | 169.900 |
| 140x200 | 89.990 | 119.900 | 139.900 | 179.900 |
| 153x203 | 99.900 | 129.900 | 149.900 | 179.900 |

Tilboð með leðurlituðum botni og fótum

**30% afsláttur af lökum og hlífðardýnum**

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á RÚMBOTNUM**




Svefn & heilsa
★★★★★




**3 mán. vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

# Voru ekki vakandi fyrir hættumerkjum

**Fjölmiðlar brugðust hlutverki sínu í aðdraganda bankahrunsins, er niðurstaða skýrslu vinnuhóps um siðferði og starfshætti. Langtum fleiri jákvæðar en neikvæðar fréttir birtust af fjármálafyrirtækjum á tímabilinu 2006 til 2008 og flestar byggðar á gögnum frá fyrirtækjunum. Ekki fékkst staðfesting á áhrifum eigenda á umfjöllun fjölmiðla.**

Fjölmiðlum ber að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagsumræðu og veita aðhald öflum sem vinna gegn almannahag, segir í skýrslu vinnuhópsins sem telur fjölmiðla þarna hafa brugðist. Þeir hafi hvorki verið vakandi fyrir hættumerkjum né sýnt nægilegt sjálfstæði. Þó að ekki hafi verið sýnt fram á bein áhrif eigenda á fréttaflutning hafi sjálfsritskoðun fjölmiðlamanna verið útbreidd, meðal annars vegna fárra atvinnutækifæra fjölmiðlafólks.

Í rannsókn sem hópurinn lét vinna um umfjöllun um íslensk fjármálafyrirtæki í fjölmiðlum á árunum 2006 til 2008 kemur fram að á tímabilinu voru um 18 þúsund fréttir af fjármálafyrirtækjum sagðar í íslenskum fjölmiðlum. Þar af töldust um 80 prósent vera hlutlaus. Af þeim fréttum sem eftir sitja eru langtum fleiri fréttir jákvæðar en neikvæðar. Hlutfall á milli jákvæðra og neikvæðra frétta af stærstu fjármálastofnunum var misjafnt. Flestar jákvæðar fréttir á móti þeim neikvæðu birtust um Landsbankann en fram kemur að tólf til þrettán jákvæðar fréttir birtust á móti hverri neikvæðri um bankann. Hlutfallið var til dæmis ein neikvæð á móti hverjum fimm jákvæðum um Kaupþing.

Fjórar af hverjum fimm fréttum úr fjármálaheiminum voru byggðar á gögnum frá fyrirtækjunum sjálfum að mati rannsóknarhópsins og greinandi eða sjálfstæð umfjöllun var lítil sem engin. Umfjöllun um fyrirtækin var almennt neikvæðari eftir því sem fréttirnar byggðu á fleiri heimildum.

### Áhrif eigenda ekki staðfest

Engin staðfesting fékkst á beinum áhrifum eigenda á umfjöllun fjölmiðla og ekki þóttu fjölmiðlar hafa fjallað með jákvæðari hætti um fjármálafyrirtæki í eigu eigenda sinna en annarra. Í skýrslunni segir hins vegar að vinnuhópurinn hafi undir höndum gögn sem sýni ýmiss konar afskipti eigenda fjölmiðla af fréttum og annarri dagskrá. Rannsókn á þeim sé þörf en hafi ekki fallið innan ramma skýrslunnar.

Rætt var við ritstjóra og yfirmenn á fjölmiðlum við gerð skýrslunnar. Í þeim samtölum kemur meðal annars fram að fjölmiðlamenn hafi ekki haft sömu kunnáttu til að fást við fjármálamenn og til dæmis stjórnmálamenn. Ein skýring á linkind fjölmiðlamanna var „óþarflega mikið vináttusamband við umfjöllunarefnið“, er haft eftir Jóni Kaldal, fyrrverandi ritstjóra Fréttablaðsins. Þegar fjallað var um neikvæðar skýrslur erlendra greinenda um íslenskt viðskiptalíf hafi forsvarsmenn banka brugðist hart við.

### Þöggun samfélagsins

Einn meginvandi íslenskra fjölmiðlamanna var lítill aðgangur að upplýsingum um fjármálafyrirtæki. Gagnrýnt er hlutverk upplýsingafulltrúa stóru fyrirtækjanna sem virðist hafa verið að hagræða sannleikanum. Fram kemur að fjölmiðlamönnum sem vinnuhópur um siðferði tók viðtöl við þótti íslenskt samfélag hafa verið mjög lokað, bæði hafi skort á upplýsingar og menn sammælst um að rugga ekki bátnum. „Ástæðan er sú að það voru svo margir sem áttu hagsmuni af því að þegja,“ er haft eftir Ólafi Stephensen, þáverandi ritstjóra Morgunblaðsins, núverandi ritstjóra Fréttablaðsins.

Smæð og einsleitni íslensks samfélags eru skýringar sem fjölmiðlafólkið nefnir um þöggunina í samfélaginu. Fólk hafi verið hrætt við að missa vinnuna ef það myndi gagnrýna valdamikla menn og sömuleiðis hafi menn ekki viljað fá á sig þann kverúlantastimpil sem fylgdi þeim sem gagnrýndu íslenskt samfélag á þessum tíma.

sigridur@frettabladid.is



**STAÐAN Í DAG** Vandi fjölmiðla í dag að mati vinnuhópsins er að þeir glíma við fjárhagslegar þrengingar auk þess sem sumir „stórleikaranna á sviðinu“ í aðdraganda hrunsins eru þar áhrifamenn. Þá er átt við Jón Ásgeir Jóhannesson, en Ingibjörg Pálmadóttir, kona hans, er aðaleigandi 365 miðla, og Davíð Oddsson, fyrrum forsætisráðherra og seðlabankastjóra, sem er ritstjóri Morgunblaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Jákvæðnistuðull frétta um fimm stærstu bankana

| Miðill | Glitnir | Kaupþing | Landsbanki | Straumur-Burðarás | SPRON | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Morgunblaðið | 0,82 | 0,67 | 0,86 | 0,71 | 0,7 | 0,78 |
| Fréttablaðið | 0,84 | 0,71 | 0,79 | 0,76 | 0,63 | 0,77 |
| Viðskiptablaðið | 0,88 | 0,9 | 0,96 | 0,87 | 0,76 | 0,9 |
| Blaðið/24 stundir | 0,67 | 0,3 | 0,85 | 0,76 | 0,45 | 0,62 |
| DV[1] | 0,03 | 0,2 | 0,7 | -0,14 | 0,26 | 0,28 |
| Fréttastofa Útvarps | 0,59 | 0,47 | 0,9 | 0,29 | 0 | 0,55 |
| Fréttastofa Sjónvarps[2] | 0,73 | 0,54 | 0,87 | 0,33 | 0,2 | 0,65 |
| Stöð 2 | 0,61 | 0,49 | 0,84 | 0,46 | 0,44 | 0,61 |
| Meðaltal | 0,77 | 0,65 | 0,85 | 0,69 | 0,59 | 0,74 |

Búinn var til mælikvarði sem virkar þannig að ef allar fréttirnar hefðu verið jákvæðar hefði niðurstaðan verið 1 en ef allar hefðu verið neikvæðar hefði stuðullinn verið -1. Talan núll hefði sýnt jafnvægi í jákvæðum og neikvæðum fréttum.




Höfum þjónað Volkswagen eigendum í 101 ár

Þú getur treyst því að við gerum betur við Volkswagen

Þótt Volkswagen bili sjaldan er mikilvægt að eftirlit og þjónusta sé í höndum fagfólks. Birgir og félagar hafa samtals 101 árs reynslu af Volkswagen þjónustu og tryggja að þú þurfir aldrei að bíða lengi eftir bílnum þínum. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

100% þjónustulán án vaxta | Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# Inngrip hefðu getað kostað málaferli

**Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, segir skýrsluna sýna að vöxtur bankanna hafi valdið hruninu. Ekki hafi verið hægt að bjarga þeim árið 2008.**

„Það blasir við sem við höfum sagt að það er fyrst og fremst framferði bankanna sem verður þess valdandi að þeir fara á hausinn. Með öðrum orðum er það ekki stjórnsýslunni að kenna að svo fór. Vafalaust mátti margt betur fara en það er ekki þannig að ágallar á henni hafi orðið til þess að svo fór sem fór. Eða þá að ég hafi ekki talað nægilega mikið við viðskiptaráðherrann. Það er ekki ástæðan fyrir hruninu.

Það sem við í raun og veru vorum að reyna að gera á árinu 2008 er nú komið í ljós að var ómöguleiki. Það var ekki hægt að bjarga bönkunum þegar þarna var komið sögu. Það vissum við auðvitað ekki þá en við gerðum það sem við gátum þó auðvitað megi segja: þið hefðuð átt að gera meira og þið áttuð að gera það fyrr.“

Geir gerði grein fyrir sínum sjónarmiðum í löngu bréfi til rannsóknarnefndarinnar. Hann segir að tekið hafi verið mark á sumu en ekki öllu. „Þetta eru vissulega mikil matsatriði og þegar menn koma núna og segja: þið gerðuð ekki réttu hlutina 2008, geta þeir ekki sagt okkur hvað hefði verið rétt að gera. Og eru nú liðin eitt og hálft til tvö ár. Það voru því miður ekki augljósar ráðstafanir sem hægt var að grípa til en nefndin leggur mér til vanrækslu nokkur atriði og ég svaraði þeim öllum í bréfinu. Ég gat ekki tekið undir þau þá og geri ekki núna en með þeim orðum er ég samt ekki að víkja mér undan þeirri ábyrgð sem á mér hvílir.“

*En bankarnir fengu að vaxa. Áttuð þið ekki að stöðva þann vöxt?*

„Þeir fengu að vaxa, það er undirrótin að þessu, en þeir uxu á grundvelli Evrópusambandsreglna. Það er mjög hætt við því ef við hefðum ætlað að grípa inn í og banna þeim að stækka, til dæmis með lögum, að þá hefði verið farið í málaferli við íslenska ríkið. Í skýrslu Seðlabankans frá því í maí 2008 er talað um að hvergi á EES-svæðinu séu hugmyndir um að setja einhver sérstök stærðarmörk á bankana. Auðvitað voru þeir orðnir alltof stórir en það eru ákveðnar ástæður fyrir því. Það eru þessar Evrópureglur og það er ástandið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sem gerði þeim kleift að fá svona mikið að láni á lágum vöxtum. Hiklaust má halda því fram að það hefði verið skynsamlegt að stoppa þetta af, til dæmis á árinu 2006 eða fyrr en það sá þetta enginn fyrir.

Og við vitum líka hvernig andrúmsloftið í þjóðfélaginu gagnvart bönkunum var á þessum tíma. Það voru allir yfir sig hrifnir og ánægðir með þau háu laun sem bankarnir borguðu, þessa miklu skatta og hvað þeim virtist vegna vel, til dæmis í útlöndum.“

*Var ríkisstjórnin undir ægivaldi Davíðs Oddssonar í Glitnismálinu?*

„Þegar þarna var komið var þegar komið í óefni. Glitnir hafði leitað til Seðlabankans og Seðlabankinn kom með tillögu sem ríkisstjórnin féllst á. Síðan hafa menn deilt um hvort hún hafi verið rétt eða röng en það var að mínum dómi ekki um neitt annað að ræða þá. Og við höfðum ekki forsendur til að vefengja þessa tillögu. Ég tel ennþá að þetta hafi verið það eina sem við gátum gert“


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**GEIR H. HAARDE** Fyrrverandi forsætisráðherra telur að ekki hafi verið hægt að bjarga bönkunum árið 2008.

*Stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir margt í efnahagsstjórninni, til dæmis breytingar á útlánareglum Íbúðalánasjóðs. Þær eru sagðar hafa verið til skaða og þú ert sagður hafa séð þann skaða fyrir en metið hann ásættanlegan svo ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks héldi völdum.*

„Þetta er ekki rétt útlegging. Það sem ég segi í skýrslunni er að þessi ákvörðun hafi verið mistök í ljósi þess sem síðar gerðist og var ekki partur af þessari ákvörðun, Það er að segja þegar bankarnir ruddust inn á íbúðalánamarkaðinn með miklum hávaða og byrjuðu að keppa og dæla inn erlendu lánsfé á þennan markað.

Ég óttaðist, og það er það sem ég segi í þessari skýrslu, að það gæti verið varhugavert að auka útlánamöguleika Íbúðalánasjóðs en það var samt ákveðið að gera það af ýmsum ástæðum. Þetta var mikið áherslumál hjá Framsóknarflokknum en auðvitað vissi Framsóknarflokkurinn ekki frekar en við hvernig bankarnir myndu bregðast við og það var auðvitað mjög alvarlegt og hafði mjög óheppileg áhrif.

Við þetta vil ég bæta að margt sem snertir þjóðarhag er gagnrýnivert og hefði betur mátt fara en þau atriði eru ekki ástæða fyrir hruninu. “

*Hvernig horfir við þér að þurfa hugsanlega að verja þig fyrir landsdómi?*

„Komi til þess mun ég bara gera það. Alþingi fer með ákæruvaldið í þessu máli og verður þá að koma sér saman um ákæru með einhverjum ákæruliðum og ef það verður niðurstaðan þá tek ég því auðvitað. Ég reyni ekki að víkja mér undan því frekar en annarri ábyrgð sem á mér hvílir í þessu en ég legg áherslu á að þessi þingnefnd fái starfsfrið til að meta þetta og svo kemur einhver niðurstaða úr því.“

bjorn@frettabladid.is

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49904 04/10

Ert þú í Vildarþjónustu Arion banka?

Kynntu þér ávinning þinn á árinu 2009 í Netbankanum.



Nánari upplýsingar um Vildarþjónustu Arion banka má nálgast á arionbanki.is

Arion banki



**SKÝRSLAN LESIN** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hófst strax handa við lestur skýrslunnar á skrifstofu sinni í stjórnarráðinu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

147 manns voru kallaðir til skýrslutöku:

## Flestir frá bönkunum

Alls 147 manns voru kvaddir til skýrslutöku hjá rannsóknarnefnd Alþingis, 121 karl og 26 konur.

Rúmlega helmingur þeirra sem kallaðir voru fyrir nefndina starfaði hjá eða tengdist bönkunum. Um tuttugu stjórnmálamenn og embættismenn í ráðuneytum og 25 frá Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu voru einnig kallaðir fyrir nefndina. Einnig gáfu yfirmenn stærstu fjölmiðla landsins, nokkrir stjórnendur lífeyrissjóða, háskólakennarar og lögmenn skýrslur.

Rannsóknarnefnd Alþingis er skipuð Páli Hreinssyni hæstaréttardómara, Tryggva Gunnarssyni, umboðsmanni Alþingis, og Sigríði Benediktsdóttur, hagfræðingi við hagfræðideild Yale-háskóla í Bandaríkjunum. Sérstakur vinnuhópur sem lagði mat á hvort skýringar á hruninu megi finna að einhverju leyti í starfsháttum og siðferði skipuðu Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisráðs.

Þrjátíu manns störfuðu við gerð skýrslunnar og veittu nefndinni ráðgjöf og aðstoð. Sex manns veittu siðferðisvinnuhópnum aðstoð og sex erlendir sérfræðingar aðstoðuðu einnig við skýrsluna. Rannsóknarskýrslan er 2.381 blaðsíða í níu bindum. - þeb


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS ÓDÝRT Í BÓNUS
598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
1598
KR.KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
KJARNAFÆÐI
398
KR. KG
TILBOÐ
FERSKT NÝTT KJÖTFARS
Gríms Plokkfiskur
398
KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400G
René
René KAFFIPÚÐAR 36 stk 398 kr.
Aðeins 11 kr. bollinn.
GÓÐ KAUP
BÓNUS borgarar
10 stk. x 120 g
1298
KR.STK
BÓNUS STÓRIR NAUTABORGARAR 10x120g
ALLT Í NÚÐLUSÚPUNA
ROKEE
28 KR. PAKKINN
ROOKEE NÚÐLUR 85g PAKKINN / 4 TEG.
B.K.I
Classic
20.000 kaffipakkar í boði á þessu verði:
398 KR.PK
BKI Classic kaffi mellanrösted 500g
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
SPAR HAKK
KJARNAFÆÐI
398
KR. KG
TILBOÐ
FROSIÐ SPARHAKK
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# FME í fjársvelti og óx allt of hægt

**Forstjóri Fjármálaeftirlitsins óskaði ekki eftir auknum fjárveitingum og nýtti ekki þær valdheimildir sem eftirlitið bjó yfir í aðdraganda bankahrunsins, að mati rannsóknarnefndar Alþingis. Hann sýndi af sér vanrækslu að mati nefndarinnar. Eftirlitið treysti of mikið á gölluð álagspróf og lét hjá leggjast að gera lögreglu viðvart um lögbrot.**



**VANRÆKSLA** Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, er einn þeirra sem sakaðir eru um vanrækslu í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Hér er Jónas á ársfundi FME árið 2005 þar sem umræðuefnið var FME og útrásin eins og sjá má. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stjórnendur Fjármálaeftirlitsins (FME) töldu að engin meiri háttar vandræði steðjuðu að bönkunum fram eftir ári 2008. Þeir mátu ástandið rangt. Þetta er meðal þess sem fram kemur í þeim kafla skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem fjallar um eftirlitið.

Mikið vantaði upp á að FME hafi verið í stakk búið til að sinna eftirliti með fjármálafyrirtækjum þar sem eftirlitið skorti fé til rekstrarins. Af því leiddi að eftirlitið stækkaði ekki nægilega hratt samanborið við gríðarlegan vöxt fjármálakerfisins.

„Ábyrgð á því að Fjármálaeftirlitið fékk ekki meiri fjármuni en raun bar vitni liggur að mati rannsóknarnefndar Alþingis hjá stjórnendum Fjármálaeftirlitsins þar sem þeir óskuðu sjálfir ekki eftir nægum fjárveitingum,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Rannsóknarnefndin telur að Jónas Fr. Jónsson, þáverandi forstjóri FME, hafi sýnt af sér vanrækslu við framkvæmd laga um fjármálastarfsemi. Eins og bankastjórar Seðlabankans er hann átalinn fyrir að hafa ekki sinnt hlutverki sínu nægilega vel, og að hafa ekki haft nægt eftirlit með fjármálakerfinu.

### Málin ekki í formlegt ferli

FME naut þeirrar sérstöðu að fá ekki rekstrarfé af fjárlögum, heldur var starfsemi stofnunarinnar kostuð af eftirlitsskyldum fjármálafyrirtækjum. Í skýrslunni segir að þar sem stjórnendur FME hafi ekki óskað eftir auknum fjármunum til þess að efla stofnunina hafi ekki reynt á hvort löggjafinn hafi verið reiðubúinn til að hækka eftirlitsgjöldin sem lögð voru á fjármálafyrirtækin.

Tekið er fram að með þessu sé ekki verið að halda því fram að ábyrgð viðskiptaráðherra og Alþingis hafi engin verið.

Skýrsluhöfundar átelja stjórnendur FME fyrir að setja mál ekki í formlegt ferli heldur treysta á að hægt væri að leysa úr þeim með óformlegum samskiptum við fjármálafyrirtæki. Eftirlitið hafi lokið tiltölulega fáum málum með formlegri beitingu valdheimilda, svo sem stjórnvaldssekta, dagsekta eða annarra úrræða.

Í ljósi þeirra alvarlegu brota sem FME benti á í skýrslum sínum verður ekki annað séð en tilefni hafi verið til að grípa í mun fleiri tilvikum til slíkra úrræða, að mati rannsóknarnefndarinnar.

Ekki verður skorti á heimildum kennt um aðgerðaleysi, enda bjó FME að sömu heimildum og sambærilegar eftirlitsstofnanir á nágrannalöndunum, segir í skýrslunni.

Dæmi eru um að mál hafi verið lengi í óformlegum farvegi hjá eftirlitinu lengi, ýmist óhreyfð með öllu eða bréf hafi gengið á milli.

Þetta hafði í för með sér að eftirlitsskyldir aðilar komust í sumum tilvikum upp með að færa stórar lánveitingar í bókhald sitt með ólöglegum hætti, í lengri eða skemmri tíma, segir í niðurstöðum rannsóknarnefndarinnar.

Mörg þessara brota hafi ekki verið hægt að líta á sem minni háttar brot. Það er að mati rannsóknarnefndarinnar „ótækir stjórnsýsluhættir“, og gengur í bága við lögboðna málsmeðferð.

### Treystu á gölluð álagspróf

Fjármálaeftirlitið beitti álagsprófum ársfjórðungslega til að kanna hvort fjármálafyrirtæki væru í stakk búin að taka við áföllum án þess að eiginfjárhlutfallið fari niður fyrir lögboðið lágmark.

Slík álagspróf voru gerð um mitt ár 2008. Allir bankarnir stóðust prófið. Í tilkynningu frá FME, dagsettri 14. ágúst 2008, segir: „Niðurstöður álagsprófsins sýna að eiginfjárstaða bankanna er sterk og getur þolað töluverð áföll.“ Einum og hálfum mánuði síðar voru viðskiptabankarnir þrír allir fallnir.

Álagsprófin voru gagnrýnd fyrir að mæla ekki nægilega nákvæmlega styrkleika fjármálafyrirtækjanna. Þannig benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á það bæði árið 2007 og 2008 að bæta þyrfti prófin. Þau gerðu bara ráð fyrir einföldu áfalli, ekki bylgju áfalla sem skollið gætu á bönkunum.

Þrátt fyrir þetta höfðu niðurstöður úr prófunum mikil áhrif á starfsemi FME. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar segir að Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri eftirlitsins, hafi litið svo á að ekki væri hægt að grípa inn í starfsemi bankanna, eða krefja þá um að draga úr áhættu, þegar hlutlægir mælikvarðar í prófunum hafi verið í lagi.

Rannsóknarnefndin tekur undir gagnrýni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nefndin gagnrýnir að í álagsprófunum hafi eingöngu verið horft til áhrifa á eigin bréfa fjármálafyrirtækjanna af lækkun hlutabréfaverðs. Ekki hafi verið tekið tillit til þess hversu viðkvæm fyrirtækin hafi verið fyrir gengi hlutabréfa vegna lána sem þau veittu með veði í hlutabréfum, auk framvirkra samninga um hlutabréf.

„Áherslan á eiginfjárhlutfall bankanna við framkvæmd álagsprófa leiddi til þess að niðurstöður prófa Fjármálaeftirlitsins urðu verulega villandi síðustu tólf mánuðina fyrir fall bankanna,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

Öll opinber upplýsingagjöf litaðist af niðurstöðum álagsprófana, sem gáfu til kynna að bankarnir stæðu traustum fótum stuttu fyrir hrun. Það veitti að mati rannsóknarnefndarinnar falskt öryggi.

brjann@frettabladid.is

## Frumkvæðisvinnu skorti hjá FME

Íslenska Fjármálaeftirlitið nýtti tíma starfsmanna sinna að mörgu leyti með svipuðum hætti og systurstofnun FME í Danmörku. Íslenska Fjármálaeftirlitið varði þó tímanum í áberandi minna mæli í vettvangsathuganir og reglusetningu, samkvæmt skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.

Þá er bent á að FME hafi aldrei farið í eftirfylgniheimsóknir í kjölfar vettvangsrannsókna. Vitnað er í skýrslutöku af Jónasi Fr. Jónssyni, fyrrverandi forstjóra FME, sem sagði stofnunina hafa venjulega tekið trúanlegar upplýsingar um úrbætur.

Forsvarsmenn FME báru því við í skýrslutöku hjá nefndinni að fjárskortur og mannfæð hafi valdið því að vettvangsrannsóknir hafi ekki verið jafn algengar og æskilegt hefði verið.

Í niðurstöðum nefndarinnar segir að draga megi í efa að stofnun, sem ekki geti sinnt frumkvæðisvinnu á borð við vettvangsathuganir nema að takmörkuðu leyti, geti sinnt hlutverki sínu með fullnægjandi hætti, þegar til lengri tíma sé litið.

Skýrsluhöfundar segja að ætla megi að minni áhersla FME á að vinna að reglusetningu hafi haft skaðleg áhrif, ekki síst þar sem þeirri stefnu hafi verið fylgt hér á landi að innleiða aðeins nauðsynlegar reglur frá Evrópska efnahagssvæðinu.

### Skipting vinnustunda Fjármálaeftirlitsins




Heimild: Rannsóknarskýrsla Alþingis

## Vísa hefði átt lánveitingum til lögreglu

Fjármálaeftirlitið er átalið í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis fyrir að grípa ekki til aðgerða vegna lánveitinga Landsbankans til Björgólfs Thors Björgólfssonar, annars aðaleigenda bankans.

Vitnað er til tilviks sem upp kom árið 2005, þegar áhættufjárfesting Landsbankans til Björgólfs Thors Björgólfssonar var komin í um 50 prósent af eiginfé bankans. Það var um tvöfalt meira en lögbundið hámark, sem er 25 prósent. Brot bankans var að mati rannsóknarnefndarinnar sérlega ámælisvert þar sem Björgólfur var annar af aðaleigendum bankans.



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Fjármálaeftirlitið hefði geta veitt Landsbankanum frest til úrbóta og beitt dagsektum að þeim fresti loknum. Það var ekki gert. Þá hefði FME átt að kæra bankann til lögreglu. Viðurlög við þeim brotum sem þar virðast hafa verið framin geta verið sektir eða allt að tveggja ára fangelsi. Vakin er á því athygli í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að þó málið hafi verið rætt í stjórn FME hafi það einungis verið gert með almennum hætti, ekki hafi verið rætt um hvort tilkynna ætti um málið til lögreglu.

FME kannaði ekki heldur hvort sú staðreynd að Björgólfur Thor átti virkan eignarhlut í bankanum hafi spilað inn í þá ákvörðun bankans að lána honum svo háar fjárhæðir. Hefði það reynst raunin hefði það gefið tilefni til að kanna hvort skilyrði væru til að taka til endurmats hæfi Björgólfs til að fara með virkan eignarhlut í bankanum.




Hjálpum Haítí

Við hvetjum þá sem geta til að greiða valgreiðslu sem send hefur verið í heimabanka

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma 907 2003. Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreikningur er: 0334-26-886, kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Frumherji

# Hjólbarðar?

**Dekkin eru eini snertiflötur bílsins við veginn.** Þau eru því eitt mikilvægasta og stundum vanmetnasta öryggistæki bílsins. Slitnir hjólbarðar magna áhrif slæmra akstursskilyrða. Ekki þarf nema dálitla bleytu eða snjóföl í morgunsárið til að bíll á sléttum dekkjum verði stjórnlaus. Auk hjólbarða skoðar Frumherji 166 önnur öryggisatriði í almennri skoðun. **Frumherji – örugg bifreiðaskoðun.**



Frumherji hf - sími 570 9000 - **Þjónustuver og tímapantanir 570 9090** - www.frumherji.is

# Vanræksla hjá seðlabankastjórum

**Þrír seðlabankastjórar sýndu af sér vanrækslu í starfi varðandi Icesave-vandann og með vinnubrögðum sínum við fall Glitnis. Rannsóknarnefnd Alþingis segir Seðlabankann ekki hafa veitt nægilegt aðhald.**



**BANKASTJÓRAR SEÐLABANKANS** Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddson kynna ákvarðanir Seðlabankans í vaxtamálum í apríl 2008. Þá þegar var vandi íslenska bankakerfisins orðinn risavaxinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rannsóknarnefnd Alþingis telur að þrír fyrrverandi seðlabankastjórar, sem saman mynduðu bankastjórn Seðlabankans þegar íslenska bankakerfið hrundi, hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi.

Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson eru taldir hafa sýnt af sér vanrækslu með því að kanna ekki stöðu Icesave-reikninganna þegar Landsbankinn óskaði eftir 390 milljarða króna fyrirgreiðslu Seðlabankans í ágúst 2008. Féð átti að nota til að tryggja yfirfærslu Icesave-reikninganna úr útibúi Landsbankans ytra í erlent dótturfélag.

Þá eru seðlabankastjórarnir þrír sagðir hafa sýnt vanrækslu í starfi í aðdragandanum að falli Glitnis. Annars vegar með því að kynna stjórnendum Glitnis ekki á réttan hátt frá þeirri ákvörðun Seðlabankans að verða ekki við ósk Glitnis um 500 til 600 milljóna evra lánafyrirgreiðslu í september 2008. Hins vegar með því að ætla á þessum tíma að yfirtaka 75 prósent hlutabréfa í Glitni án þess að kynna sér fjárhagsstöðu bankans á sjálfstæðan hátt.

Fyrir utan vanrækslu bankastjóranna telur rannsóknarnefndin ýmsa annmarka hafa verið á starfsemi bankans sem iðulega hafi verið skrefi á eftir markaðnum og of seinn að hækka vexti sína. Þeir hafi lýst alvarlegri stöðu fyrir ráðherrum á árinu 2008 án þess að með fylgdu greinargerðir eða tillögur um aðgerðir.

„Ég er ekki búinn að ákveða hvort eða hvernig ég tjái mig um skýrsluna,“ segir Eiríkur Guðnason. Davíð Oddsson og Ingimundur Friðriksson segja sömuleiðis báðir að þeir ætli ekki að tjá sig um niðurstöður rannsóknarnefndarinnar að svo stöddu.

### Klúður í Glitnismáli

Að áliti rannsóknarnefndarinnar sýndi bankastjórn Seðlabankans af sér vanrækslu með því að hafa ekki farið að reglum stjórnsýslulaga varðandi tilkynningu á þeirri niðurstöðu að verða að neita ósk Glitnis um 500- 600 milljóna evra lán í september 2008. Bankastjórnin taldi lánið ekki mundu bjarga Glitni og að veðin sem boðin voru hafi ekki verið nógu trygg. „Að fenginni þeirri niðurstöðu bar bankastjórn Seðlabankans að afgreiða erindi Glitnis með skriflegri ákvörðun, áritaðri af bankastjórninni,“ segir rannsóknarnefndin.

Seðlabankinn hugðist yfirtaka 75 prósent hlutafjár Glitnis og leggja bankanum til jafnvirði 85 milljarða króna. Daginn eftir kom í ljós að skuldir fyrirtækja Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, eins eigenda Glitnis, við bankann voru ekki 170 milljarðar króna eins og Seðlabankinn taldi heldur yfir 300 milljarðar.

„Ég varð nú eiginlega fyrir sjokki,“ sagði Davíð Oddsson um þetta atriði í skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni sem hafnaði þeirri skýringu Davíðs að Seðlabankanum hafi ekki verið heimilt að gera kröfu um aðgang að upplýsingum og gögnum hjá Glitni.

„Að mati rannsóknarnefndar Alþingis verður því að álykta svo að það geti ekki talist annað en veruleg vanræksla af hálfu bankastjórnar Seðlabankans að stofnunin hafi ekki aflað sjálf milliliðalaust nánari upplýsinga um stöðu bankans og lánabók hans svo og upplýsinga um önnur þau atriði sem haft gátu þýðingu fyrir mat á því hvort forsvaranlegt væri að veita bankanum þrautavaralán,“ segir rannsóknarnefndin.

### Skorti viðbrögð við Icesave

Í ágúst 2008 óskaði Landsbankinn eftir 390 milljarða króna tryggingu frá Seðlabankanum til að hægt væri að flytja innistæður á Icesave-reikningum í Bretlandi yfir í dótturfélag Landsbankans þar í landi. Þannig átti að tryggja að ábyrgðin á þessum innistæðum heyrði undir Bretland en ekki Ísland. Áætlunin þótti algerlega óraunhæf.

Rannsóknarnefnd Alþingis segir ekki ástæðu til athugasemda við þá afstöðu Seðlabankans að verða ekki við ósk Landsbankans enda hefði hún verið mjög áhættusöm. Hins vegar hafi, í ljósi upplýsinga um alvarlega stöðu Landsbankans og með tilliti til afstöðu breska fjármálaeftirlitsins í málefnum bankans, verið nauðsynlegt af hálfu Seðlabankans að gera viðhlítandi ráðstafanir til að ganga úr skugga um hver væri í reynd staða Landsbankans með tilliti til áhrifa hennar á fjármálastöðugleika í landinu.

„Það er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis að meta verði framangreint athafnaleysi Davíðs Oddssonar, Eiríks Guðnasonar og Ingimundar Friðrikssonar svo að þeir hafi þar látið hjá líða að bregðast við yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt og grípa til viðhlítandi ráðstafana og með því sýnt af sér vanrækslu,“ segir rannsóknarnefndin um þetta.

### Seðlabankinn skrefi á eftir

„Frá hausti 2005 þar til í byrjun október 2008 hækkaði staða lána gegn veði hjá Seðlabankanum úr um 30 milljörðum króna í rúmlega 500 milljarða króna. Annaðhvort mátti því vera ljóst að vextir voru allt of lágir eða að einhverjir bankar voru í reynd að sækja sér neyðarlán í Seðlabankann í sívaxandi mæli um árabil. Ef Seðlabankinn hefði viljað draga úr þenslu hefði mátt ætla að hann hefði haft áhuga á að draga úr lausafé í kerfinu,“ segir meðal annars um peningamálastefnu bankans í rannsóknarskýrslunni.

„Bankastjórn Seðlabankans kaus oft minna aðhald en aðalhagfræðingur bankans lagði til. Tekið er fram að fundargerðir bankastjórnarinnar varpa ekki ljósi á það hvort og þá á hvaða gögnum eða upplýsingum bankastjórnin byggði ákvarðanir sínar um aðra stefnumörkun en þá sem aðalhagfræðingurinn lagði til. Rannsóknarnefndin telur að stýrivextir hafi verið of lágir í uppsveiflunni,“ segir rannsóknarnefndin, sem kveður bankastjórnina hafa grafið undan eigin trúverðugleika. „Seðlabanka Íslands gekk því illa að skapa traust á peningastefnunni.“

### Of lítið aðhald

Að sögn rannsóknarnefndarinnar var stefna Seðlabankans ekki nægjanlega aðhaldssöm og aðgerðir of takmarkaðar til þess að skila árangri í baráttunni við vaxandi skuldsetningu og undirliggjandi verðbólgu.

„Vaxtahækkanir komu jafnan of seint og voru of litlar og framan af virðist það meðal annars hafa stafað af óskhyggju bankans um að ríkisvaldið myndi taka þátt í því að draga úr þenslunni. Það gerðist ekki. Á sama tíma var nánast óheft aðgengi að lausafé í Seðlabankanum og virtist peningamagn afgreitt án takmörkunar og í reynd var bönkunum lánað lausafé út á skuldaviðurkenningar seinustu árin,“ segir í skýrslunni þar sem Seðlabankinn er einnig gagnrýndur fyrir að veita bönkunum lán gegn veðum þótt hann teldi sjálfur að þeir væru veikir.

### Stjórnmálamenn rýra tiltrú

Nokkuð er vikið í skýrslunni að afar stirðum samskiptum milli Davíðs Oddssonar og sumra ráðherra Samfylkingarinnar og tortryggni þeirra í garð Davíðs. Áhersla er lögð á sjálfstæði Seðlabankans.

„Verður það ekki talin æskileg skipan mála að í starf seðlabankastjóra veljist fyrrverandi stjórnmálamenn líkt og tíðkast hefur um árabil í Seðlabanka Íslands. Það er til þess fallið að vekja upp efasemdir um einurð þeirra við að vinna að lögbundnu markmiði bankans, einkum ef slíkt er í andstöðu við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar eða framkvæmd tiltekinna kosningaloforða. Þá er hætt við að tillögur slíks seðlabankastjóra verði, með réttu eða röngu, settar í ákveðið pólitískt samhengi sem þær ekki á neinn hátt að endurspegla forsendur slíkra tillagna sem settar eru fram á grundvelli lögbundins hlutverks Seðlabanka Íslands. Síðast en ekki síst er slík aðstaða til þess fallin að rýra trúverðugleika Seðlabankans,“ segir rannsóknarnefnd Alþingis. gar@frettabladid.is




Seðlabankinn svaraði ekki boði Breta um aðstoð við að leysa vanda bankanna:

## Hunsaði boð breska Seðlabankans

Davíð Oddsson seðlabankastjóri lét hjá líða að svara boði seðlabankastjóra Bretlands um aðstoð við að minnka íslenska bankakerfið hálfu ári fyrir fall þess.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að 15. apríl hafi Davíð Oddsson sent formlega beiðni um gjaldeyrisskiptasamninga til Seðlabanka Bretlands. Seðlabankinn hafði tæpum mánuði fyrr, 17. mars, sent Seðlabanka Bretlands tölvupóst og óskað formlega eftir skiptasamningi til að styrkja gjaldeyrisvaraforðann hér heima. Þann dag féll krónan um 6 prósent sem var mesta gengisfall krónunnar frá því í „míní-krísunni“ 2006. Viðbrögð Breta voru önnur en vonast var eftir.

„Hinn 23. apríl 2008 svaraði Mervyn King seðlabankastjóri bréfi Davíðs og hafnaði beiðninni. Lýsti hann því hins vegar að erlendir seðlabankar gætu fundið leið til að hjálpa Íslendingum við að minnka bankakerfi sitt. Að hans mati væri það eina raunhæfa leiðin til að takast á við vandann. King sagði loks að hann byði fram alla aðstoð sem hann gæti veitt við að takast á við þetta verkefni. Seðlabanki Íslands þekktist ekki þetta boð.



**MERVYN KING** Hálfu ári fyrir hrunið bauð seðlabankastjóri Bretlands fram aðstoð erlendra seðlabanka til að minnka íslenska bankakerfið og leysa þannig vandann sem við blasti. Þessu boði var ekki svarað. NORDICPHOTOS/AFP

Í staðinn var þess óskað í svarbréfi Seðlabankans að breski seðlabankinn endurskoðaði vinsamlegast afstöðu sína til umbeðins skiptasamnings. Því bréfi var ekki svarað,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. - gar


UEFA
CHAMPIONS LEAGUE
ÆVINTÝRI LÍFS ÞÍNS
BJÓÐDU VINI ÞÍNUM AÐ HORFA
MEÐ ÞÉR Á ÚRSLITALEIKINN
Í BRASILÍU
Skráðu þig í Heineken-heppni á Facebook og
þú getur unnið ferð fyrir tvo á Copacabana
ströndina í Río De Janeiro og horft á úrslitaleikinn
í Meistaradeildinni í beinni útsendingu.
TRADE MARK
Heineken®
STAR
experience
LÉTTÖL

# Eigendur veiktu bankana sjálfir

**Viðskiptabankarnir þrír lánuðu helstu eigendum sínum hundruð milljarða króna. Rannsóknarnefnd Alþingis segir í skýrslu sinni fulltrúa eigenda bankanna hafa setið í stjórnum bankanna og því lánað sjálfum sér. Dæmi er um milljarða lánveitingu við upphaf bankahruns.**




Nokkur af stærstu fyrirtækjum landsins sóttu sér lánsfé hjá öllum stærstu bönkum landsins auk fjárfestingarbankans Straums Burðaráss. Þetta jók kerfislæga áhættu í bankakerfinu og átti verulegan hlut í því að þeir fóru í þrot haustið 2008.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir að samþjöppun áhættu hjá íslensku bönkunum hafi verið orðin hættulega mikil nokkru fyrir fall þeirra. Bæði skrifist þetta á lánveitingar til ákveðinna hópa innan hvers banka auk þess sem sumir lántakenda hafi tengst öðrum bönkum. Vandræði viðkomandi lántaka gátu komið öllum bönkunum illa. Bankarnir brugðust gjarnan við með því að forða viðskiptavini sínum í fjárhagsvanda frá þroti.

### Baugur skuldaði öllum

Skýrasta dæmið eru lánveitingar til Baugs Group og tengdra fyrirtækja. Baugur og tengdir aðilar sóttu sér fé í bankana alla og var Baugshópurinn orðinn of stór áhætta í þeim öllum. Ámælisvert er að hafa leyft þessari áhættu að byggjast upp, að mati rannsóknarnefndar.

Nefndin segir bönkunum hafa verið fyrir löngu ljóst að þræðir Baugs Group lægju víða. Stjórnendur bankanna virðast hins vegar lítið hafa gert til að draga úr áhættunni. Öðru fremur virðist sem kraftarnir hafi verið nýttir til að rökstyðja fyrir eftirlitsaðilum að ekki væri um mikla samþjöppun áhættu að ræða, fremur en að horfa til raunverulegrar áhættu og reyna að draga úr henni.

Svipuðu máli gegndi um Existu, helsta eiganda Kaupþings, feðgana Björgólf Guðmundsson og Björgólf Thor Björgólfsson, kjölfestueigendur Landsbankans, og Ólaf Ólafsson, einn af stærstu hluthöfum Kaupþings, þótt áhætta vegna þessara aðila hafi verið nokkru minni en Baugshópsins.

Í skýrslunni er dregið fram að stærstu eigendur bankanna hafi á sama tíma verið fyrirferðarmiklir lántakendur og aukið áhættu bankanna. Það hafi rekstur bankanna einkennst af því að hámarka hag stærstu hluthafa þeirra, sem í krafti eignarhlutar síns hafi haft góðan aðgang að lánsfé.

Sem dæmi er tekið að Baugur og FL Group hafi beitt ráðandi stöðu sinni í Glitni til að hafa áhrif á lánveitingar og gripið inn í eðlilegar tilraunir bankans til að gæta hagsmuna sinna gagnvart félögum sem bankinn hafði lánað. Þá er bent á að lánveitingar til nýrra eigenda og stjórnenda Glitnis jukust verulega eftir stjórnar- og forstjóraskipti vorið 2007. Því beri lánveitingar til Baugs- og Fonshópanna (sem voru í fréttum í síðustu viku) vitni.

Baugur var ýmist stærsti eða næststærsti lántakandi allra stóru bankanna þriggja árin 2007 og 2008. Félagið skuldaði mest í lok árs 2007, eða rúma 5,7 milljarða evra. Það jafngildir þúsund milljörðum króna í dag.

Hefðu skuldbindingar Baugs og tengdra aðila verið teknar saman hefðu þær numið 123,6 prósentum af eiginfjárgrunni Kaupþings. Það var langt umfram leyfileg mörk.




Af öðrum einstökum lántökum má nefna Björgólfsfeðga og félög tengd þeim, sem voru með stærstu lántakendum íslensku bankanna fyrir hrunið í október 2008.

Heildarútlán móðurfélaga stóru bankanna þriggja til Björgólfs Thors og tengdra aðila fóru hæst í rúmlega 1,4 milljarða evra eða um 240 milljarða króna. Lán til föður hans og tengdra aðila fóru hæst yfir 1,3 milljarða evra, jafnvirði 220 milljarða króna.

Aðrir stærstu hluthafar bankanna eru taldir hafa myndað stóra áhættu í bankakerfinu. Þar á meðal eru útgerðarmaðurinn Magnús Kristinsson, Saxhóll, Byggingarfélag Gylfa og Gunnars, BNT, Sund, Gift, Straumborg og Jakob Valgeir Flosason, en þessir aðilar áttu allir í einum eða fleiri bönkum.

### Lánuðu sjálfum sér

Fulltrúar stærstu eigenda bankanna, sem jafnframt voru helstu lántakar þeirra, áttu sæti í stjórnum viðskiptabankanna. Í skýrslunni er sagt að þetta hafi leitt til þess að fjölmargar ákvarðanir um stórar lánveitingar hafi verið teknar án efnislegrar skoðunar, sem settar reglur gerðu kröfu um og áttu að vera forsenda ákvörðunar um einstakar lánveitingar. Lán voru stundum veitt án trygginga og þá meðal annars til aðila sem tengdust eigendum fjármálafyrirtækjanna.

Þetta kristallast í lánveitingu til félags Björgólfs Thors Björgólfssonar, BeeTeeBee Ltd., viku fyrir yfirtöku Fjármálaeftirlits á Landsbankanum en 30. september 2008, daginn eftir þjóðnýtingu Glitnis, fékk hann lán upp á 153 milljónir evra, jafnvirði 24 milljarða króna, hjá Landsbankanum í Lúxemborg.

„Rannsóknarnefnd Alþingis telur í ljósi þess sem hér að framan er nefnt að rekstur íslensku bankanna hafi um margt einkennst af því að hámarka hag stærri hluthafanna sem héldu um stjórnartauma í bönkunum fremur en að reka trausta banka með hagsmuni allra hluthafa í huga og ábyrgð gagnvart kröfuhöfum. Stærri hluthafar höfðu, í ljósi mikillar skuldsetningar sinnar, mun meiri hag af áhættusækni bankanna og jafnframt fengu þeir góðan aðgang að lánsfé,“ segir í skýrslunni. jonab@frettabladid.is

---

Fjármálaeftirlitið vissi af áhættu í lánasafni bankanna fjórum árum fyrir fallið:

## Litu ekki á málið fyrr en 2007

Starfsmaður Fjármálaeftirlitsins komst að því árið 2004 að hvorki Kaupþing né Landsbankinn hefðu tengt saman stórar lánveitingar bankanna til Baugs Group með réttum hætti. Hann lét stjórnendur Fjármálaeftirlitsins vita af niðurstöðum sínum.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að hann hafi með réttu talið Kaupþing átt að telja skuldbindingar nokkurra fyrirtækja með skuldum Baugs Group við bankann. Samkvæmt mati hans námu lán til Baugs og tengdra aðila 67,5 prósentum af lögbundnu eigin fé Kaupþings. Málið leit svipað út innan veggja Landsbankans en manninum reiknaðist til að lán til Baugs Group og tengdra aðila hafi numið 44,4 prósentum af eigin fé bankans í lok júní 2004.

Þessu samkvæmt virtist sem báðir bankarnir hafi brotið reglur um flokkun stórra áhættuskuldbindinga, að mati rannsóknarnefndarinnar.

Nefndin segir í skýrslunni athugasemdirnar hafa verið mjög mikilvægar og gefið Fjármálaeftirlitinu tilefni til að rannsaka fjárhagsleg tengsl til hlítar.



**JÓNAS FR. JÓNSSON** „Ég verð var við þessa hluti um stórar áhættuskuldbindingar, þetta […] atriði sem skipti máli, sem þurfi að taka á á markaðnum og ég byrja strax að ræða […] kannski verður hún ekkert effektíf fyrr en við förum í þessa útlánaskoðun 2007,“ sagði fyrrverandi forstjóri FME við rannsóknarnefndina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Þetta er eitt dæmi af mörgum um hjálp bankana við stóra viðskiptavini með það fyrir augum að forða þeim frá falli og koma í veg fyrir að áhrifa þess gætti í lánabókum bankanna.**

- jab

Verðfall eigna bankanna var hafið ári fyrir hrun:

# Eignarýrnunin sást ekki í reikningum bankanna

Gæði útlánasafns bankanna voru byrjuð að rýrna að minnsta kosti tólf mánuðum fyrir fall þeirra og gerði allt fram að fallinu, þótt ekki sæist þess stað í reikningsskilum bankanna. Þetta er meðal niðurstaðna rannsóknarnefndar Alþingis í kafla skýrslu hennar um ytri endurskoðun.

„Þær rannsóknir sem nefndin hefur gert á fjárhag fjármálafyrirtækjanna benda eindregið til þess að virði útlána og skuldbindinga sem þeim tengdust hafi verið ofmetið í reikningsskilum fyrirtækjanna í árslok 2007 og við hálfsársuppgjör 2008. Þeir erfiðleikar í rekstri og fjármögnun margra viðskiptamanna bankanna sem þá voru þegar komnir fram, miðað við þá athugun sem rannsóknarnefndin hefur gert, benda til þess að þar kunni að hafa skeikað hundruðum milljarða króna,“ segir í skýrslu nefndarinnar.

Athugun rannsóknarnefndarinnar sýni að þrátt fyrir að framkvæmdar hafi verið margháttaðar „björgunaraðgerðir“ bæði á árinu 2007 og 2008 hafi nánast engar sértækar niðurfærslur verið gerðar, „hvað þá gagnvart stærstu skuldurum fjármálafyrirtækjanna, en meðal þeirra voru helstu eigendur fyrirtækjanna“. - óká

Bónuskerfi bankanna hvöttu starfsmenn til að taka óeðlilega mikla áhættu:

# Lítið annað en huglægt mat að baki bónusum

Bónusgreiðslur bankanna til starfsmanna sinna síðustu árin fyrir hrun byggðust fyrst og fremst á huglægu mati stjórnenda en voru ekki í raun árangurstengdar greiðslur eins og þær voru hugsaðar. Bónusarnir voru enn fremur áhættuhvetjandi og stuðluðu að því leyti að hruni bankanna, að mati rannsóknarnefndarinnar.

Í Kaupþingi var enn fremur lagt hart að lykilstarfsmönnum að taka lán hjá bankanum fyrir kaupum á hlutum í bankanum, sem þeim var síðan gert nær ókleift að losa sig við.

Fram kemur í skýrslunni að tíu launahæstu starfsmenn stóru bankanna þriggja fengu samtals 22,5 milljarða í laun á árunum 2004 til 2008, sem nefndin kannaði sérstaklega og framreiknaði. - sh

**Heildarlaun bankastjóra árin 2004-2008**




* hætti á miðju ári 2007

**Úr skýrslu rannsóknarnefndar**

„Hæ Magnús, Við gengum ekki frá bónus fyrir síðasta ár. Ég legg til 1 millj evrur. Hvað segir þú. Kv. Se.“

**TÖLVUBRÉF SIGURÐAR EINARSSONAR TIL MAGNÚSAR GUÐMUNDSSONAR, BANKASTJÓRA KAUPÞINGS Í LÚXEMBORG, 9. JÚLÍ 2008.**

„Takk Meira en nog :-).“

**SVAR MAGNÚSAR SAMA DAG.**

## Feluleikir í Glitni

Stjórn Glitnis faldi 270 milljóna króna vanmetna launaskuldbindingu gagnvart Bjarna Ármannssyni í ársuppgjöri bankans árið 2008. Hafði stjórnin haft veður af því að Vilhjálmur Bjarnason, formaður Félags fjárfesta, ætlaði að grennslast fyrir um þessa greiðslu og hugsanlega höfða skaðabótamál í kjölfar fundarins. Til að koma í veg fyrir að greiðslan yrði rædd á fundinum var hún færð yfir á næsta ár. Í tölvupósti sagði stjórnandi: „Ekki góðar fréttir. Gefur Vilhjálmi mögulega skotfæri á fundinum. Hvernig gat þetta gerst?“ Hann fékk þetta svar: „Þar sem greiðslan er á árinu 2008 – verður þetta ekki sett fram í reikningum 2007. Þetta verður því ekki til umfjöllunar.“



**LÁRUS WELDING**

Stjórnendur Glitnis ákváðu einnig að fresta 300 milljóna króna eingreiðslu sem Lárus Welding átti að fá í ráðningarbónus í febrúar 2008 um eitt ár. Því fylgdu 250 milljóna króna gjöld og skuldbindingar til viðbótar. Frestunin gerði það að verkum að hægt var að komast hjá því að gefa greiðslurnar upp í ársreikningi fyrir 2007 og ársfjórðungsuppgjöri 2008. Þannig var staða bankans fegruð verulega, enda nam skuldbindingin 5,1 prósenti af hagnaði bankans á fyrsta ársfjórðungi.

Nefndin reiknar það út að samningurinn, sem gerður var við Lárus Welding til fimm ára þegar hann hóf störf, hafi alls verið upp á 5,1 milljarð króna – sem gerir rúmlega milljarð á ári. Samningurinn var afgreiddur á 35 mínútna fundi. - sh

## 1,3 milljarðar í rekstur Sigurðar

Rekstrarkostnaður við skrifstofu Sigurðar Einarsson, stjórnarformanns Kaupþings, í London, nam 1.311,5 milljónum króna á fjögurra ára tímabili, frá 2005 til 2008. Auk Sigurðar var einn starfsmaður á skrifstofunni fyrri hluta tímabilsins og tveir þann síðari.

Af þessum 1.311,5 milljónum fóru um 760 milljónir í laun og bónusa. 93 milljónir fóru í húsnæðiskostnað, 121 milljón í ferðakostnað, 134 milljónir í aðkeyptan sérfræðikostnað og 204 milljónir í annan kostnað. Rannsóknarnefndin hefur frá miðju ári 2009 reynt að fá svör við fyrirspurnum um þetta mál en án árangurs.



**SIGURÐUR EINARSSON**

Hvorki innri né ytri endurskoðun Kaupþings hafði nokkurt eftirlit með skrifstofunni og kostnaði við hana. Innri endurskoðandi Kaupþings, Lilja Steinþórsdóttir, sagðist í skýrslutöku ekki vita hvernig stæði á þessu. „[É]g held að það sé vegna mjög, bæði vegna þess, eins og þú segir, að þetta var stjórnarformaðurinn, svona ef maður reynir bara að líta á sálfræðina á bak við þetta, og þetta er ekkert endilega það eina sem stjórnendur bankans voru að taka til sín án þess að það væri eftirlit með því.“

Spurð nánar um þetta sagði hún: „[J]a, ég er t.d. með í huga að það var einhver geymsla hérna inni í Skútuvogi eða einhvers staðar full af einhverjum bílum, græjum, tjaldvögnum og einhverju svona dótarí sem stjórnendur höfðu aðgang að, til dæmis.“ - sh

Viðskipti félags Björns Inga Hrafnssonar við Kaupþing til sérstaks saksóknara:

# Hættir vegna rannsóknar

Björn Ingi Hrafnsson, eigandi og ritstjóri Pressunnar, skuldaði 563 milljónir króna í Kaupþingi í september 2008. Á þeim tíma var hann ritstjóri Markaðarins, viðskiptablaðs Fréttablaðsins, og hóf stuttu síðar að stjórna samnefndum þætti á Stöð 2.

Lánin voru bæði beint til Björns Inga og til félags í hans eigu, Caramba-hugmyndir og orð ehf. Lánin til félagsins voru næstum öll í formi framvirkra samninga um hlutabréf.

Björn Ingi ákvað í gær að taka sér leyfi sem ritstjóri Pressunnar vegna umfjöllunar í rannsóknarskýrslunni um lán til félagsins, sem hefur verið vísað til sérstaks saksóknara. Í yfirlýsingu frá honum segir hann að ekkert ólöglegt sé á ferðinni og hann vinni að því að hreinsa nafn sitt af áburði. Þá segist hann aldrei hafa þegið far í einkaþotu af bönkum eða öðrum stórfyrirtækjum og aldrei þegið boð í laxveiði frá fyrirtækjum. Það stangast þó á við upplýsingar í skýrslunni, en þar kemur fram að hann hafi veitt í boði Glitnis í Laxá í Leirársveit í júlí 2007 og hann hafi farið til London í febrúar sama ár vegna Kaupthing Singer & Friedlander.



Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segist ekki hafa sett sig inn í það hver staða félags Björns Inga hafi verið á þessum tíma, svo erfitt sé fyrir hann að tjá sig um þau mál. „Við þekktum ekki til þessara miklu umsvifa hans þegar hann var ráðinn hjá okkur, og ég vissi það ekki fyrr en nú.“

Fjölmiðlamennirnir Óli Björn Kárason og Styrmir Gunnarsson voru einnig með lán yfir 100 milljónum króna í bönkunum á tímabilinu 2005 til 2008. - þeb

RANNSÓKNARSKÝRSLA ALÞINGIS

# Alþingi og ríkisstjórn brugðust

**„Ekki verður annað séð en að bæði Alþingi og ríkisstjórn hafi skort burði og þor til þess að setja fjármálakerfinu skynsamleg mörk,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.**

Stjórnvöld fá harða útreið rannsóknarnefndarinnar fyrir framgöngu sína í aðdraganda bankahrunsins, eins og ofangreind tilvitnun ber með sér. Eru þau átalin fyrir aðgerðir og aðgerðaleysi og ná ávirðingarnar jafnt til almennra efnahagsaðgerða sem einstakra ákvarðana í málefnum bankanna.



GEIR HAARDE



ÁRNI M. MATHIESEN

Nefndin telur þrjá stjórnmálamenn hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga. Eru það Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra og Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra. Auk þeirra eru Davíð Oddsson, Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason, fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans, sem og Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, taldir hafa sýnt af sér vanrækslu.

Að mati nefndarinnar létu ráðherrarnir fyrrverandi hjá líða að bregðast á viðeigandi hátt við yfirvofandi hættu fyrir íslenskt efnahagslíf sem leiddi af versnandi stöðu bankanna.

Rannsóknarnefndin segir efnahagsstefnu stjórnvalda undanfarinn áratug hafa miðað að því að viðhalda sem mestum langtímahagvexti. Í skjóli þeirrar stefnu var ekki brugðist við hagsveiflum, ofþenslu og vaxandi ójafnvægi í hagkerfinu með aðgerðum í ríkisfjármálum og peningastefnu. Þvert á móti kynti stefnan undir ójafnvæginu. Skattar voru lækkaðir á þenslutíma og útlánareglum Íbúðalánasjóðs breytt á sama tíma. Eru breytingarnar á útlánareglum sjóðsins sagðar með stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna. „Þau mistök voru gerð með fullri vitund um líklegar afleiðingar aðgerðanna,“ segir í skýrslunni.

Á þessum tímum var Seðlabankinn einn látinn berjast við þensluna og þrátt fyrir að hann hafi ítrekað kallað eftir aðhaldsaðgerðum af hálfu hins opinbera komu þær ekki fram.



SKÝRSLAN TEKIN ÚR KASSANUM Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, opnar pakka með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þingmennirnir Einar K. Guðfinnsson, Unnur Brá Konráðsdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson fylgjast með.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á árinu 2004 var bankakerfið orðið allt of stórt miðað við stærð íslensks hagkerfis. Þá þegar þurftu stjórnvöld að bregðast við. Grípa hefði þurft til aðgerða í síðasta lagi á árinu 2006 til að eiga möguleika á að koma í veg fyrir fall bankanna án þess að það kæmi verulega niður á verðmæti eigna þeirra. Það var ekki gert. Þvert á móti var það stefna ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar sem tók við völdum í maí 2007 að tryggja að fjármálastarfsemi gæti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í útlöndum. Það var einnig stefna þeirrar ríkisstjórnar að útrásarfyrirtæki sæju sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi.

Bankarnir féllu á vakt ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Er talsvert fjallað um samskipti stjórnvalda og Seðlabankans í aðdraganda hrunsins. Fram kemur að tortryggni og erfiðleikar settu mark sitt á samskipti Davíðs Oddssonar og flestra ráðherra Samfylkingarinnar. Jafnframt sé ljóst að fyrra samstarf Davíðs og Geirs Haarde og áralöng vinátta hafi haft áhrif á samstarf þeirra og skilning. Upplýst er hvernig bankastjórn Seðlabankans lýsti áhyggjum af ástandi bankakerfisins frá nóvember 2007 ýmist beint við forsætisráðherra og þröngan hóp ráðherra eða á vettvangi samráðshóps stjórnvalda. Í stuttu máli sagt kemst rannsóknarnefndin að þeirri niðurstöðu að Seðlabankinn hafi ekki staðið rétt að upplýsingagjöf sinni til stjórnvalda og að stjórnvöld hafi ekki brugðist við með virkum eða trúverðugum aðgerðum.

Lítið var rætt um stöðu bankanna í ríkisstjórn. Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra var haldið utan við umræður og ákvarðanir. Vissi hann ekki af fundum bankastjórnar Seðlabankans með öðrum ráðherrum.

Rannsóknarnefndin segir aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málefnum bankanna hafa verið ómarkvissar. Ráðherrar hafi einblínt á ímyndarvanda bankanna en ekki á þann augljósa vanda að íslenska fjármálakerfið var allt of stórt miðað við hagkerfið. „Þegar ráðherrar hugðust bæta ímynd íslenska bankakerfisins með þátttöku í opinberri umræðu, einkum erlendis, var það gert án þess að lagt væri mat á fjárhagslegan styrk ríkisins til þess að koma bönkunum til aðstoðar og án þess að fyrir lægju upplýsingar um kostnað við hugsanlegt fjármálaáfall.“

bjorn@frettabladid.is

## Kært til landsdóms

Samkvæmt stjórnarskrá getur Alþingi kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra, telji þingið ráðherra hafa farið á svig við lög um ráðherraábyrgð. Dæmir landsdómur þau mál.

Sérstök þingmannanefnd, undir formennsku Atla Gíslasonar VG, var skipuð til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Kemur í hennar hlut að meta hvort niðurstaða rannsóknarnefndarinnar um vanrækslu ráðherranna þriggja, Geirs H. Haarde, Árna M. Mathiesen, og Björgvins G. Sigurðssonar, sé þess eðlis að hana ber að kæra til landsdóms.

Í lögum um ráðherraábyrgð segir að krefja megi ráðherra ábyrgðar fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

## Ótæk vinnubrögð yfirvalda

„Í skýrslum ráðherra og fyrirsvarsmanna ríkisstofnana fyrir rannsóknarnefnd Alþingis vísaði hver á annan um athafnaskyldu og enginn gekkst við ábyrgð.“

„Í því samhengi bendir rannsóknarnefnd Alþingis sérstaklega á að þegar á hólminn var komið og bankarnir riðuðu til falls var ekki fyrir hendi sameiginleg viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Sárlega þurfti á henni að halda.“

„Að minnsta kosti þrír ráðherrar auk tveggja ríkisstofnana, Seðalabankans og Fjármálaeftirlitsins, komu að vandamálum er tengdust Icesave reikningum Landsbankans í útibúum hans erlendis. Þrátt fyrir það hefur ekkert komið fram um að íslensk stjórnvöld hafi á þessum tíma stillt saman strengi í samráðshópnum og lagt formlega að Landsbankanum að flytja Icesave reikningana yfir í dótturfélag.“

„Eftir að ljóst varð að aðgerðir ríkisstjórnarinnar í málum Glitnis höfðu ekki borið árangur tók ákveðið stjórnleysi við í viðbúnaðarmálum ríkisins. Seðlabanki og ríkisstjórn gengu ekki í takt og yfirstjórn skorti.“

„Framangreind vinnubrögð yfirvalda við lagaundirbúning með það að markmiði að verja fjármálkerfi landsins og aðra grundvallarhagsmuni ríkis og þjóðar voru ótæk.“

„Mikið skortir á að unnið hafi verið að viðbúnaðarmálum ríkisins á skipulegan og vandaðan hátt.“

## Ráðherrar stóðu ekki við loforðin

Ekki er nóg með að ráðherrar í ríkisstjórninni hafi verið ráðalausir heldur stóðu þeir ekki við gefin loforð.

Í skýrslunni er greint frá því að danski, norski og sænski seðlabankinn hafi einir seðlabanka fengist til að gera gjaldmiðlaskiptasamninga við Seðlabanka Íslands. Gerðu þeir það með skilyrðum um að forsætisráðherra lofaði að þrýsta á íslensku bankana að draga efnahagsreikninga sína saman og að ríkisstjórnin beitti sér fyrir pólitískum aðgerðum og athöfnum af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. „Ráðherrarnir undirrituðu yfirlýsinguna 15. maí 2008 ásamt bankastjórn Seðlabanka Íslands. Yfirlýsingin var ekki birt opinberlega eða lögð fram á ríkisstjórnarfundi. Lítið varð um efndir á fyrrnefndum loforðum af hálfu ríkisstjórnarinnar sumarið 2008.“

## Bankakerfið setti leikreglurnar í raun

Rannsóknarnefndin segir getuleysi ríkisstjórnar og stjórnvalda til að draga úr stærð fjármálakerfisins í tæka tíð áður en til fjármálaáfalls kom skera í augu. Óeðlilegri stöðu bankanna gagnvart ríkinu er lýst svona. „Þegar banki veitir fyrirtæki lágt lán er hann í aðstöðu til að setja fyrirtækinu skilyrði verði um vanskil að ræða. Ef banki veitir aftur á móti fyrirtæki svo hátt lán að bankinn sjái fram á veruleg skakkaföll lendi lánið í vanskilum er það í reynd fyrirtækið sem komið er með slík tök á bankanum að það getur haft óeðlileg áhrif á framgang viðskipta þess og bankans. Á sama hátt liggur fyrir að þegar stærð fjármálakerfis lands nemur t.d. þrefaldri þjóðarframleiðslu þess hafa lögbær yfirvöld landsins almennt burði til þess að setja fjármálakerfinu leikreglur og hafa eftirlit með því að þeim sé fylgt. Þegar stærð fjármálakerfis lands nemur aftur á móti nífaldri þjóðarframleiðslu þess verður viðsnúningur á þessu. Sú var raunin á Íslandi.“

Björgvin G. Sigurðsson hættir sem formaður þingflokks Samfylkingarinnar:

# Skýrslan er úttekt en ekki dómur

Björgvin G. Sigurðsson, fyrrverandi viðskiptaráðherra, er einn þriggja stjórnmálamanna sem rannsóknarnefndin telur hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi.

Björgvin varð ráðherra 2007 en sagði af sér embætti í janúar 2009, rétt áður en ríkisstjórnin vék öll. Hann varð formaður þingflokks Samfylkingarinnar í apríl 2009 en sagði sig frá því starfi í gær. „Ég tel eðlilegt að stíga til hliðar sem þingflokksformaður á meðan nefndin [þingmannanefnd um rannsóknarskýsluna] skoðar það sem fram kemur í skýrslunni,“ sagði Björgvin í gær. Hann sér ekki ástæðu til að afsala sér þingmennsku enda sé skýrslan úttekt en ekki dómur. „Ég kalla eftir að landsdómur komi saman og vil fá tækifæri til að verja nafn mitt þar.“

Í stjórnarskrá segir að óflekkað mannorð sé forsenda kjörgengis til Alþingis. Björgvin segir það ákvæði ekki eiga við um sig, þar sé um að ræða dóma fyrir glæpaverk. „Það er eitt að sýna af sér vanrækslu og annað að fremja saknæmt athæfi.“ Hann óttast ekki að niðurstaða rannsóknarnefndarinnar í málum hans geti haft áhrif á störf hans á Alþingi.

Björgvin segir margt hægt að læra af skýrslunni, í henni séu felldir áfellisdómar yfir stjórnmála- og viðskiptalífinu. Meðal þess sem komi fram sé að samskipti innan ríkisstjórnarinnar hafi verið óeðlileg, óásættanleg og ámælisverð. „Skýrslan dregur vel fram hvernig samskiptum skal ekki háttað í þjóðfélaginu.“



HÆTTUR ÞINGFLOKKSFORMENNSKU Björgvin G. Sigurðsson segist ekki sjá ástæðu til að afsala sér þingmennsku.




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Pólitík réði frekar en fagmennska

**Áherslur í einkavæðingu bankanna slógu tón fyrir eignarhald þeirra. Fjármálaráðherra taldi slæm áhrif á samfélagið vegna hækkunar íbúðalána ásættanlegan fórnarkostnað til að halda Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki við völdin.**



**INNAN VIÐ SEX ÁR** Ekki liðu sex ár frá því að bankarnir voru einkavæddir þar til þeir hrundu og drógu efnahag landsins með sér í fallinu. Samson keypti Landsbankann í október 2002 og S-hópurinn, í gegnum Eglu, Búnaðarbankann í nóvember sama ár.

Fjöldi rangra ákvarðana var tekinn á síðustu árum sem olli því að efnahagshrunið varð verra en ella. Að mati rannsóknarnefndarinnar var tónninn strax sleginn með einkavæðingu bankanna, þegar pólitísk sjónarmið voru látin ráða ferðinni frekar en þau faglegu.

Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, sem tók við völdum árið 1999, hafði á stefnuskrá sinni að einkavæða bankana. Það var gert og ekki liðu sex ár þar til efnahagur bankanna – og landsins um leið – hrundi.

Alþingi samþykkti í maí 2001 að selja hlut sinn í Búnaðarbanka og Landsbanka Íslands. Áður hafði hlutur ríkisins í Fjárfestingarbanka atvinnulífsins verið seldur, en hann varð síðar sameinaður Íslandsbanka. Ætlunin var að ríkið hyrfi úr allri bankastarfsemi.

Lögin voru einföld, ein setning: „Heimilt er að selja hlutafé ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf.“ Engin ákvæði voru um hvernig að þeirri sölu skyldi staðið eða hvaða kröfur yrðu gerðar.

### Valgerður vann Davíð

Framkvæmdarvaldinu var þannig gefið autt spil um hvernig standa skyldi að málum. Valgerður Sverrisdóttir, þáverandi iðnaðarráðherra, viðurkenndi í yfirheyrslu nefndarinnar að líklega hefði umboðið verið of opið. Það hefði þó verið „barn síns tíma, framkvæmdarvaldið var náttúrulega mjög dóminerandi í þinginu á þeim tíma“.

Stjórnin lagði því línurnar, en stjórnarflokkarnir voru ekki samstiga. Framsóknarflokkurinn vildi selja í báðum bönkum í einu, Sjálfstæðisflokkur láta Búnaðarbankann bíða. Valgerður vann rifrildið við Davíð „og þótti það nú ekki leiðinlegt“ eins og hún sagði við nefndina.

Framan af var krafan um dreifða eignaraðild áberandi, auk þess sem í hvorum banka fyrir sig skyldi verða kjölfestufjárfestir. Það var tiltölulega nýtt orð í íslenskri tungu og þarfnaðist skýringar við. Hann er sá sem „hefur þekkingu og reynslu á sviði fjármálaþjónustu“ sagði iðnaðarráðherra í grein. Kjölfestufjárfestir gæti þannig aukið styrk bankans og gefið honum ný sóknarfæri.

## Völdin keypt



GEIR H. HAARDE



ÁRNI MAGNÚSSON

Í stjórnarsáttmálanum 2003 var kveðið á um hækkun hámarkslánahlutfalls Íbúðalánasjóðs í 90 prósent. Þetta hafði verið kosningaloforð Framsóknarflokksins. Auk þess að hækka hlutfallið voru hámarkslánin hækkuð úr 9 milljónum króna í 15,4 milljónir króna. Upphaflega átti að ráðast í aðhaldsaðgerðir samhliða þessu; veita húsnæðislán aðeins gegn fyrsta veðrétti og stytta hámarkslánstímann úr 40 í 30 ár.

Nefndin segir þetta hafa aukið á þensluna og hafa verið þvert gegn ráðleggingum Seðlabankans og fleiri sérfræðinga. Þessu hafi fjármálaráðherrann þáverandi, Geir H. Haarde, gert sér grein fyrir. Hann hafi engu að síður samþykkt aðgerðirnar; annars hefði stjórnin ekki orðið að veruleika.

„Aðhaldshlutanum var samt sem áður sleppt og það þrátt fyrir þá skoðun þáverandi fjármálaráðherra að það væri verulega varasamt. Hann taldi hins vegar að ella hefði stjórnin ekki verið mynduð. Hann hefði þá metið það svo að væntanlegur skaði fyrir samfélagið væri ásættanlegur kostnaður við það að sitjandi flokkar héldu völdum. Að mati rannsóknarnefndar má líta á þetta sem ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda falls bankanna, mistök sem gerð voru með fullri þekkingu á mögulegum afleiðingum, sem ekki létu á sér standa og voru tvíefldar í alþjóðlegu lágvaxtaumhverfi.“

### Samson ræður ferðinni

Sú krafa breyttist hins vegar þegar fjárafestingarhópur sýndi áhuga á að kaupa hlut í Landsbankanum. Hópurinn, sem síðar varð Samson, sendi tilboð til framkvæmdanefndar um einkavæðingu í júní 2002. Þeir Björgólfur Thor Björgólfsson, Björgólfur Guðmundsson og Magnús Guðmundsson vildu kaupa 33,3 prósent af hlutafé bankans og kauprétti að 10 prósentum heildarhlutafjár á næstu tveimur árum, samtals 43,3 prósentum.

Áhugi stjórnvalda var vakinn og skipti þá litlu að Samson-menn höfðu enga reynslu af bankarekstri og féllu því ekki undir skilgreininguna um kjölfestufjárfesti. Af heimildum nefndarinnar að ráða leiða bréfaskriftir Samson-manna til þess að breyting varð „sem fól í sér verulega rýmkun frá fyrri kröfum“ varðandi þekkingu kjölfestufjárfestis á bankarekstri.

Eins og sést hér til hliðar lýsti Steingrímur Ari Arason því yfir við nefndina, að hann hefði sagt sig úr einkavæðingarnefndinni vegna óeðlilegrar fyrirgreiðslu við Samson. Þeir hefðu fengið upplýsingar um Landsbankann fyrir kaupin.

Þá má nefna að fyrirtækið HSBC, sem var ríkisstjórninni til ráðgjafar, sendi starfsmanni einkavæðingarnefndarinnar tölvubréf 29. ágúst 2008. Í því er lýst möguleikum til að hagræða matsviðmiðum á þann hátt að tryggt sé að „preferred party“, sá aðili sem vilji stendur til að selja, komi vel út úr matinu.

## Sagði af sér



STEINGRÍMUR ARI ARASON

Steingrímur Ari Arason sagði sig úr einkavæðingarnefndinni á sínum tíma. Samkvæmt skýrslu hans hjá rannsóknarnefndinni taldi hann ákveðið fyrirfram að Samson fengi að kaupa Landsbankann. Kornið sem fyllti mælinn var fyrirvari Samson um mismunandi mat á útlánum bankans.

„[M]ér fannst það ekki bara viðeigandi að ríkið sem minnihlutaaðili, auðvitað sem sagt ráðandi aðili en sem minnihlutaaðili í bankanum sko færi að veita mögulegum kaupanda aðgang að þessum upplýsingum, hugsið ykkur, þetta eru viðkvæmustu upplýsingar sem eru innan bankans, það er staða stórra aðila sem að mögulega þarf að afskrifa. Og hvers vegna? Vegna þess að menn höfðu ekki passað nógu vel upp á það o.s.frv. Þannig að mér fannst þetta í alla staði bara sem sagt fráleitt.“

> „[V]ið töldum að það væri bara langt liðið á kjörtímabilið og þetta var stefnan að selja bankana og því ekki að leita eftir áhugasömum aðilum til að kaupa þá. Það má vera gagnrýnivert en þetta var samt niðurstaðan að gera þetta með þessum hætti og það er rétt sem hefur komið fram að það var fyrst og fremst Framsóknarflokkurinn sem þrýsti á það.
>
> VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR
> FYRRUM IÐNAÐARRÁÐHERRA, HJÁ RANNSÓKNARNEFNDINNI.

### 70 prósent að láni hjá Kaupþingi

S-hópurinn keypti Búnaðarbankann í gegnum fyrirtækið Eglu. Alls fengust 35 prósent kaupfjár að láni hjá Landsbankanum og er það vel innan þeirra viðmiða sem sett voru. Skýrsluhöfundar benda þó á að ekki var sett bann við því í kaupsamningi að kaupendur legðu hin keyptu hlutabréf að veði vegna lánsfjármögnunar. Hins vegar voru settar tímabundnar takmarkanir á því hvenær heimilt yrði að gangast að þeim veðum.

Niðurstaða nefndarinnar er hins vegar sú að tvær síðari greiðslur Samson, af þremur, til greiðslu á kaupunum hafi fengist að láni hjá Kaupþingi. „Þessar greiðslur námu samanlagt um 70 prósentum af kaupverði bankans eins og það varð endanlega að teknu tilliti til uppgjörs á samningsbundnum frádráttar- og afsláttarliðum.“

Samkvæmt kaupsamningi skyldi eiginfjárhlutfall kaupverðsins vera 34,5 prósent.

### Stjórnin lagði línurnar

Niðurstaða nefndarinnar er að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar hafi valdið því að eignaraðild varð ekki dreifðari í bönkunum en raun ber vitni. Einkavæðingin hafi „á vissan hátt gefið tóninn fyrir það hvernig skipulag eignarhalds varð á íslenskum fjármálamarkaði“.

Heimild Alþingis um sölu bankanna hafi verið allt of víð og of mikið vald sett í hendur framkvæmdarvaldsins. Reyndin hafi því verið sú að pólitík hafi ráðið ferðinni en ekki faglegt mat. Ákveðið hafi verið að selja báða bankana í einu þrátt fyrir óhagstæðar aðstæður á markaði. Kröfur og viðmið stjórnvalda hafi reynst óstöðug.

Þá hafi pólitísk markmið ríkisstjórnarinnar um sölu bankanna stýrt ferð. Drífa hafi þurft í málinu fyrir lok kjörtímabils, hvað sem aðstæðum leið.

kolbeinn@frettabladid.is

## Aukið á þenslu vegna stóriðjunnar með skattalækkunum

Fjárfestingar í stóriðju jukust til muna á fyrsta áratug aldarinnar. Það skýrist, eðli málsins samkvæmt, fyrst og fremst með virkjuninni við Kárahnjúka, sem var risavaxin framkvæmd. Henni fylgdi álver Fjarðaáls í Reyðarfirði og tengdar framkvæmdir. Árið 2002 voru fjárfestingar í stóriðju um 4 milljarðar króna, á verðlagi ársins 2000. Þær fóru í tæpa 30 milljarða króna fjórum árum síðar.

Í skýrslunni segir að augljóst hafi verið að þessar framkvæmdir myndu auka á þenslu í samfélaginu. Stóriðjufjárfestingarnar hafi verið mjög miklar í hlutfalli við verga landsframleiðslu og ljóst að verulega reyndi á stöðugleika efnahagslífsins á framkvæmdatímanum.

„Hér er um vel þekktan eftirspurnarskell að ræða sem ljóst var að yki verulega á þenslu ef ekkert væri að gert.“ Því hefði verið tilvalið að beita aðgerðum í ríkisfjármálum til mótvægis.

### Olía á eldinn

Nefndin telur að ríkisstjórnin hafi látið hjá líða að bregðast við þenslunni á réttan máta. Þvert á móti hafi hún gripið til aðgerða sem virkuðu eins og olía á eldinn. Ákvarðanir um skattalækkanir hafi verið teknar í trássi við ráðleggingar sérfræðinga.

Tekjuskattur einstaklinga var lækkaður um eina prósentu hvert ár 2005, 2006 og 2007. Stefnt hafði verið að lækkun um tvær prósentur síðastnefnda árið, en horfið var frá því haustið 2006. Þá var virðisaukaskattur ýmissa vara lækkaður skömmu fyrir kosningarnar 2007.

Þetta hafi verið gert gegn ráðum Seðlabanka Íslands, OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Nauðsynlegur samdráttur í ríkisútgjöldum hafi ekki fylgt í kjölfarið og því hafi lækkanirnar ýkt ójafnvægi í hagkerfinu.

### Gegn betri vitund

Nefndin telur ámælisvert að ákvarðanirnar voru teknar gegn betri vitund. Það sé dæmi um að ekki hafi nægilega verið vandað til ákvarðana um hagstjórn hér á landi á síðustu árum.

Geir H. Haarde, sem var fjármálaráðherra og síðar forsætisráðherra þegar umræddum skattalækkunum var hrint í framkvæmd, sagði í yfirheyrslum hjá nefndinni að hann mæti það svo að tímasetning þeirra hefði verið óheppileg. Hún gæti verið sem olía á eldinn og aukið ofþenslu.

Af skattalækkununum varð, þótt þær kynnu að valda hagkerfinu skaða. Mat nefndarinnar er að ástæðan sé sú að þeim hafði verið lofað í samkeppni stjórnmálaflokka um atkvæði í aðdraganda kosninga sem snerust „með mjög furðulegum hætti upp í kapphlaup um skattalækkanir,“ eins og Geir sagði í yfirheyrslu hjá nefndinni.

- kóp



**RÁÐHERRAR** Davíð Oddsson var forsætisráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra þegar ákvarðanir um skattalækkanir voru teknar mitt í þenslutíma. Nefndin telur það hafa verið slæmt fyrir efnahagslífið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL




TÖLVU TILBOÐ 10.000 kr. AFSLÁTTUR

# ALLTAF BETRA VERÐ

## msi FARTÖLVA

**MSI Wind U200**
• Intel Core 2 Solo SU3500 1.4GHz örgjörvi • GMA 4500 MHD skjákort • 3GB DDR2 minni • 320GB harður diskur • 12.1" LCD skjár • Þráðlaust WLAN netkort • Vefmyndavél • Windows 7 Home Premium

**109.990**

FULLT VERÐ KR. 119.990




## msi FARTÖLVA

**MSI Wind U160**
Intel Atom N450 örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 250GB diskur • 10" WSVGA LED Glare skjár • Vefmyndavél • Intel GMA 3150 skjákort • Þráðlaust netkort • Kortalesari • Windows 7 Starter • Tölvan hlaut **IF Product Design Award** verðlaunin

**89.990**




## FARTÖLVA

**LG X110**
Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi • 1GB DDR2 minni • 160GB SATA diskur • 10.2" WSVGA LED skjár • Vefmyndavél • Intel GMA 950 skjákort • Þráðlaust netkort • Kortalesari • Microsoft Windows XP Home

**49.990**

## FARTÖLVA

**Acer Aspire 5740G-434G64MN**
2.26GHz Intel Core i5-430M Dual core örgjörvi • 4GB DDR3 1066MHz minni • 640GB harðdiskur • 15.6" WXGA CineCrystal skjár • 512MB ATI Mobility Radeon HD 5470 DirectX 11 skjákort • Þráðlaust netkort • Vefmyndavél • Talnaborð • Windows 7 Home Premium 64-BIT




**179.990**



## ÞRÁÐLAUS MÚS

**Logitech M205**
Þráðlaus fartölvumús með USB sendi og 1000 dpi Optical skynjara. Slekkur á sér eftir notkun.

**4.990**



## VEFMYNDAVÉL

**Logitech WebCam C200**
VGA vefmyndavél á skjái og fartölvur. Tekur 30 ramma á sek. 1.3MP kyrrmyndir.

**4.990**



## FARTÖLVU HÁTALARAR

**Logitech V-10**
Létt og meðfærilegt ferðahátalarakerfi með tærum hljóm, tökkum fyrir hljóðstyrk og USB.

**11.990**



## LEIKJABORÐ

**Logitech G110**
Leikjaborð með baklýsingu, USB hljóðkorti, 12 forritanlegum G tökkum, USB 2.0 tengi fyrir aukatæki, leikjastillingu ofl.

**17.990**




## LCD BREIÐSKJÁR

**Acer V223HQBB**
22.5" LCD breiðtjaldsskjár með 1920x1080 punkta upplausn, 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma og VGA tengi.

**34.990**



## TOSHIBA FERÐAHÝSING

**Toshiba StorE Art 1.5TB**
USB 2 ferðahýsing með 3.5" harðdisk, tilbúinn til notkunar.

**24.990**



## SJÓNVARPSFLAKKARI

720/1080i

**ICY BOX MP-304**
3.5" margmiðlunarspilari með HDMI, Composite, USB Uplink og Optical tengi. Spilar alla helstu mynd- og hljóðstaðla.

**19.990**

EPSON



## PRENTARI SKANNI

**Epson SX210**
Prentari og skanni sem prentar A4 í 5760 x 1440 punkta upplausn og skannar 1200 x 2400. Prentar allt að 32 bls á mín. Kortalesari. USB. Windows og Mac.

**14.990**

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17<br>S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9<br>S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4<br>S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90<br>S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34<br>S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66<br>S: 414 1750 |

# Tengd félög tóku allt út úr sjóðum

**Eitt tilvik fannst þar sem starfsmaður Landsbankans mælti með því að kunningi hans legði fremur peninga á bók en í peningabréf. Aðrir fengu skilaboð um að peningamarkaðssjóðir væru hættulitlir. Rannsóknarnefnd Alþingis vill láta kanna refsiábyrgð.**



**PENINGAR** Reglur um sjálfstæði félaga sem ráku verðbréfa- og fjárfestingarsjóði virðast hafa verið þverbrotnar, er niðurstaða rannsóknarnefndar Alþingis.

## Stærstu úttektirnar árið 2008

Eign í sjóði hærri en 15 milljónir króna




HEIMILD: LANDSVAKI HF., GLITNIR SJÓÐIR HF., REKSTRARFÉLAG KAUPÞINGS BANKA HF.

Vísað hefur verið til Fjármálaeftirlitsins (FME) og, eftir atvikum, sérstaks saksóknara úttektum úr peningamarkaðssjóðum á árinu vegna gruns rannsóknarnefndar Alþingis um að munur hafi verið á aðgengi eigenda hlutdeildarskírteina að upplýsingum um stöðu sjóðanna fyrir bankahrun.

Þá telur nefndin að kanna þurfi hvort stjórn, framkvæmdastjórar og lykilstarfsmenn verðbréfa- og fjárfestingarsjóða rekstrarfélaga stóru bankanna þriggja hafi skapað sér refsiábyrgð með því að brjóta starfsskyldur við stjórnun og eftirlit sjóðanna. Eins þurfi að rannsaka viðskipti á milli sjóða.

Greining rannsóknarnefndarinnar leiðir í ljós starfsmenn og tengdir aðilar, sem tóku út á bilinu 50 til 100 prósent eignar sinnar, voru fleiri en ótengdir aðilar. „Eins kemur fram að fyrirtæki tengdra aðila eru stærsti hópur þeirra sem tóku út 99 til 100 prósent af eign sinni," segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar.

### Þóttist hringja úr útibúi

Þá kemur fram að ónógt eftirlit virðist hafa verið með starfsemi peningamarkaðssjóða af hálfu FME og misbrestur á að viðskiptavinum væri gerð grein fyrir áhættunni sem fólst í fjárfestingu í slíkum sjóðum. Í sumum tilvikum virðist jafnvel sem viðskiptavinir hafi fengið kolrangar upplýsingar um áhættu. Í flestum tilvikum voru skilaboð starfsmanna sjóða bankanna þriggja þau að fjárfestingin væri áhættulítil eða áhættulaus.

„Ekki virðast allir þó hafa fengið sömu ráðgjöf en athyglisvert dæmi um það er að finna í tölvubréfi frá 28. maí 2008 þar sem starfsmaður Landsbankans mælir fremur með innlánsreikningi en peningabréfum við viðskiptamann sem virðist vera kunningi," segir í kafla skýrslu rannsóknarnefndarinnar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Þá kemur fram að nefndinni þyki tölvupóstsamskipti milli tveggja starfsmanna Landsbankans í febrúar 2008 athyglisverð í ljósi afstöðunnar til markaðssetningar og sölu áskriftar að peningamarkaðssjóðum. „Þó að ég sé að hringja fyrir söluverið eða eitthvað annað þá segist ég alltaf vera að hringja úr útibúinu þar sem viðskiptavinurinn er í viðskiptum, það gerir það persónulegra," segir í tölvupósti sem vísað er til. Þá segir í bréfi starfsmanns Kaupþings til viðskiptavinar í mars 2007: „Ertu að spá í áhættulaust? Ef svo myndi ég velja Peningamarkaðssjóð."

Um leið er það mat rannsóknarnefndarinnar að fyrirkomulag áhættustýringar félaganna hafi tæpast fullnægt þeim faglegu kröfum sem gera verði til svo mikilvægs þáttar í starfsemi sjálfstæðra fjármálafyrirtækja. „Þá verður að gera athugasemdir við það að Fjármálaeftirlitið virðist ekki hafa fundið að því hvernig áhættustýringu var háttað fyrr en árið 2008," segir í skýrslunni.

### Brutu gegn ákvæðum laga

Sérstaka athygli nefndarinnar vekur að Glitnir sjóðir og Landsvaki hafi útvistað áhættustýringu til móðurfélaganna, Glitnis banka og Landsbankans, án gilds útvistunarsamnings og án samþykkis Fjármálaeftirlitsins.

Með því að leita ekki samþykkis FME fyrir útvistun áhættustýringar brutu rekstrarfélög bankanna gegn 18. grein laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, að því er fram kemur í skýrslunni. „Að mati rannsóknarnefndar Alþingis verður að telja að þessi útvistun áhættustýringar til móðurfélaganna, án sérstaks samnings við móðurfélagið eða samþykkis Fjármálaeftirlitsins, endurspegli bæði skort á fagmennsku og því óhæði sem rekstrarfélögin áttu að hafa frá móðurfélögum sínum."

Áhættustýringu Rekstrarfélags Kaupþings banka var hins vegar ekki útvistað til móðurfélagsins. „Þeir annmarkar voru aftur á móti á framkvæmdinni að sjóðstjórar sáu sjálfir um áhættustýringu sjóðanna en þannig höfðu þeir eftirlit með sjálfum sér."

Þá segir að mælikvarðar sem notaðir hafi verið til áhættumats virðist eingöngu hafa náð til einstakra skuldara, en ekki heildarsamsetningar eigna. Í öllu falli hefði átt að skoða mun betur fylgni ávöxtunar eignanna og tengsla eigenda. „Á síðari stigum virðist ávöxtun hafa verið nánast eini mælikvarðinn sem sjóðirnir miðuðu sig við, og þá helst ávöxtun sjóða hjá samkeppnisaðilum. Eitt skýrasta dæmi þess er sala ríkistryggðra eigna úr öllum sjóðunum á árunum 2007 og 2008. Virðist áhættudreifingu þar hafa verið fórnað fyrir ávöxtun." Í skýrslunni segir að þetta hafi sjóðstjórar staðfest.

olikr@frettabladid.is

## Peningamarkaðssjóðirnir þöndust út

Heildarverðmæti peningamarkaðssjóða bankanna þriggja jókst um rúm 400 prósent árin 2004 til 2008. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að verðmæti þeirra hafi farið úr 173 milljörðum í 893 milljarða króna.

„Athygli vekur að vöxtur heildarverðmætis og fjölgun fjárfestingarsjóða hófst á vormánuðum 2006, um sama leyti og evrópskir fjármagnsmarkaðir lokuðu á fjármögnun íslenskra fyrirtækja vegna neikvæðrar umfjöllunar um íslensku bankana," segir í skýrslunni og bent á að þrátt fyrir vöxt hjá verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum hafi aðeins verið einn starfsmaður hjá Fjármálaeftirlitinu með eftirlit með þeim allt fram undir árslok 2007, en þá hafi verið fjölgað. „Þetta takmarkaða eftirlit var í engu samræmi við umfang sjóðanna eða þá fjárhagslegu hagsmuni sem um var að tefla fyrir almenning."

## Samson átti endurfjármögnun vísa

Félög tengd eigendum Landsbankans áttu endurfjármögnun vísa í Peningabréfum ISK, en svo nefndist fjárfestingarsjóður Landsvaka sem aftur var í eigu Landsbankans. Þetta er meðal þess sem lesa má úr kafla rannsóknarnefndar Alþingis um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði.

Fjárfestingarstefna Peningabréfa ISK er sögð hafa verið mjög rúm. „Raunar er erfitt að túlka fjárfestingarstefnu sem hefur svo víð vikmörk sem stefnu af nokkru tagi. Sjóðstjóra eru lítil takmörk sett með svo rúmri stefnu og draga verður þá ályktun að líklega hafi verið fremur einfalt að framfylgja henni," segir í áliti nefndarinnar.

„Áhugavert er að skoða hversu stóran hluta sjóðurinn átti í einstökum flokkum verðbréfa sem gefin voru út af stærstu skuldunautum sjóðsins sem tengdust Landsbankanum," segir í áliti nefndarinnar. Bent er á að sjóðurinn hafi aukið fjárfestingu í bréfum Landsbankans í lok mars 2008 þegar hann keypti fyrir 17 milljarða króna í víxilútgáfu sem var tveggja mánaða víxill að nafnvirði 30 milljarðar króna. Af þeirri útgáfu keypti sjóðurinn fyrir 18 milljarða að nafnverði eða 60 prósent allrar útgáfunnar. Á gjalddaga þess víxils fékk sjóðurinn endurgreidda 18 milljarða en keypti samdægurs fyrir 12 milljarða króna að nafnvirði í annarri verðbréfaútgáfu, framlengdi stóran hluta skuldarinnar. „Sjóðurinn endurtók leikinn allt til falls bankanna, fjárfesti í skammtímavíxlum Landsbankans fyrir 12 til 17 milljarða króna að nafnvirði eða fyrir um 10 prósent af heildarverðmæti sjóðsins í hvert skipti."

Þá kemur fram að sjóðurinn hafi að jafnaði haldið um níu milljörðum króna í bréfum Samson, eignarhaldsfélags Björgólfsfeðga. „Því má segja að Samson hafi átt vísan aðgang að endurfjármögnun að hluta hjá sjóðnum. Svipaða sögu er að segja af fjárfestingum tengdum Straumi-Burðarási," segir í skýrslunni.

### Stærstu skuldararnir*

| Nafn | Milljarðar króna |
|---|---|
| Landsbankinn (m. innlánum) | 77 |
| Kaupþing banki | 26 |
| Straumur-Burðarás | 18 |
| Stoðir | 17 |
| Baugur Group | 13 |
| Eimskipafélagið | 9 |
| Samson eignarhaldsfélag | 8 |
| Glitnir banki | 8 |
| Atorka Group | 6 |
| Hagar hf. | 3 |
| **Samtals:** | **185** |

*Peningabréf ISK 31. júlí 2008
*Heimild: Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis, kafli 14.*

## Fjárfesting í Baugi jókst eftir breytingu á eignarhaldi Glitnis

Eftir að Baugur varð stór hluthafi í Glitni banka, í apríl 2007, jukust fjárfestingar í Sjóði 9, peningamarkaðssjóði bankans, í Baugi jafnt og þétt fram undir lok þess árs. „Mest átti sjóðurinn af verðbréfum útgefnum af félaginu í lok nóvember 2007 eða jafnvirði 13,5 milljarða króna," segir í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Upphæðin nam þá 9,7 prósentum af heildareignum sjóðsins. Sjóður 1, annar af verðbréfasjóðum Glitnis, átti mest af bréfum í Baugi í maí árið 2008, en þá nam upphæðin 3,3 milljörðum króna, eða 6,6 prósentum af heildareignum sjóðsins.

Í skýrslunni er staldrað við að Sjóður 1 hafi í apríl 2008 lánað Baugi einn milljarð króna til viðbótar við þátttöku í fyrri tilfæringum með bréf fyrirtækisins á milli sjóða Glitnis. „Ofangreind viðskipti eru sérstaklega athyglisverð í ljósi þess að á tímabilinu sem skoðað var voru vísbendingar um að Baugur hefði þegar átt í alvarlegum greiðsluerfiðleikum," segir í skýrslunni. Baugur hafði ekki staðið skil á greiðslu á víxli í eigu Peningamarkaðssjóðs Kaupþings á gjalddaga 19. mars 2008.

Sjóður 9 er sagður hafa velt skuld Baugs áfram með nýrri víxlaútgáfu. „Því má spyrja hversu vel Glitnir sjóðir hafi raunverulega kynnt sér lausafjárstöðu og greiðslugetu Baugs almennt þegar ákveðið var að framlengja 4,2 milljarða króna skuld félagsins við Sjóð 9 á gjalddaga í mars 2008." Níunda júlí 2008 náðu hins vegar fréttir um slæma stöðu Baugs eyrum Glitnis sjóða þegar Baugur stóð ekki skil á greiðslu á víxli. „Að sögn sjóðstjóra hjá Glitni sjóðum var þetta fyrsta vísbendingin sem rekstrarfélagið fékk um slæma stöðu Baugs," segir í skýrslunni.

Eftir fundi sjóðstjóra Sjóðs 9 og aðstoðarforstjóra Baugs og framkvæmdastjóra Glitnis var ákveðið að framlengja víxilinn gegn allsherjarveði til að tryggja betur möguleika á endanlegum endurheimtum. „Umrætt veð reyndist vera allsherjarveð á 3. og 4. veðrétti í hlutum Baugs Group í einkahlutafélaginu BG Holding ehf. en veðskjöl eru dagsett og undirrituð 27. ágúst 2008. Það er því ljóst að tryggingarréttindi þau sem felast í veðinu eru í besta falli óljós enda stendur veðið aftarlega í kröfuröðinni," segir í skýrslunni og bent á að þrátt fyrir að með vanskilum Baugs væru fram komnar alvarlegar vísbendingar um aukna skuldaraáhættu, hafi skráð virði bréfanna í sjóðnum ekki verið fært niður í samræmi við líklegt markaðsverð.

Rekstrarfélög sjóða voru ekki sjálfstæð gagnvart bönkunum sem þau áttu:

# Starfið litaðist af tengslunum

Sjálfstæði rekstrarfélaga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða gagnvart móðurfélögunum, bönkunum, var lítið, að því er fram kemur í áliti rannsóknarnefndar Alþingis. Um leið er bent á að lögum samkvæmt séu slík rekstrarfélög sjálfstæð fjármálafyrirtæki.

Glöggt dæmi um skort á að starfsmenn gættu að sjálfstæði rekstrarfélaganna þeirra er sagt þegar framkvæmdastjóri Landsvaka sendi í maílok 2008 bankastjórum Landsbankans tölvupóst með lista yfir stóran hluta eigenda hlutdeildarskírteina. „Ekki verður séð að þessar upplýsingar hafi átt neitt erindi til bankastjóranna," segir í skýrslunni.

Þá kemur fram að starfsmenn rekstrarfélaga hafi mikil samskipti haft við móðurfélagið. „Einnig voru launakerfi, launagreiðslur og bónusar tengdir móðurfélaginu á einn eða annan hátt, sérstaklega í tilviki Landsvaka og Rekstrarfélags Kaupþings banka."

Niðurstaða nefndarinnar er að starfsmenn rekstrarfélaganna hafi á engan hátt verið ótengdir móðurfélaginu og að öllum líkindum hafi starf þeirra litast af þeim tengslum. „Að mati rannsóknarnefndar Alþingis ber þetta fyrirkomulag vitni um verulegan skort á óhæði þessara rekstrarfélaga. Það er afar sérstakt að launakjör sjálfstæðra fjármálafyrirtækja, sem einungis ber að hafa hagsmuni viðskiptavina sinna (hlutdeildarskírteinishafa) að leiðarljósi, skuli ráðast ýmist af ákvörðun starfsmanna annars fjármálafyrirtækis eða afkomu þess," segir í áliti nefndarinnar.



**Í VERÐBRÉFADEILDINNI** Myndin er tekin í Kaupþingi í mars 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Við leitum að góðu fólki

**vísir.is** og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – **vísir.is**

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á vísir.is í viku**




+



FRÉTTABLAÐIÐ

vísir.is

...ég sá það á visir.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Rannsóknarskýrslan er áfellisdómur.

## Bananalýðveldið

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um bankahrunið er harðari áfellisdómur yfir íslenzku stjórnkerfi, viðskiptalífi og samfélagi en margir væntu. Niðurstöður nefndarinnar eru skýrar, gagnrýnin beitt og sumar upplýsingarnar, sem skýrslan dregur fram í dagsljósið, þess eðlis að hinn almenni lesandi sýpur hveljur.

Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að þrír ráðherrar í ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafi vanrækt starfsskyldur sínar, einkum með því að bregðast ekki með viðeigandi hætti við aðsteðjandi hættu á bankahruni. Hún telur sömuleiðis að fyrrverandi bankastjórar Seðlabankans og fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins hafi sýnt af sér vanrækslu í starfi.

Lýsingarnar á samskiptaleysi, persónulegri óvild manna á milli og fálmkenndum vinnubrögðum mánuðina fyrir hrun bera hvorki íslenzkri stjórnsýslu né pólitík fagurt vitni. Einna hörðust er gagnrýnin á vinnubrögðin við yfirtöku ríkisins á Glitni. Um hana segir nefndin að vinnubrögðin hafi verið „ótæk“: „Þau voru á engan hátt í samræmi við það hvernig þjóðir með þróaða fjármálamarkaði og stjórnsýslu haga almennt starfsháttum sínum.“ Þetta er kurteisleg aðferð til að segja að Ísland hafi hagað sér eins og þau ríki, sem stundum eru kölluð bananalýðveldi.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Fleiri rök má finna í skýrslunni fyrir þeirri samlíkingu. Undir lokin réðu stjórnkerfið og eftirlitsstofnanirnar ekkert við það skrímsli, sem auðmenn landsins höfðu skapað. Tækifærin til að hefta vöxt bankakerfisins höfðu farið forgörðum og undir lokin áttu stjórnmálamennirnir ekki annan kost en að spila með; ekki var hægt að taka áhættuna af því að kerfið eða hluti þess félli. Fjölmiðlar reyndust ekki aðhaldshlutverki sínu vaxnir; voru of veikburða og samdauna fögnuðinum yfir því, sem að minnsta kosti á yfirborðinu virtist fádæma velgengni bankanna.

Þeir stjórnmála- og embættismenn, sem hafa nú hendur sínar að verja, geta vísað til þess að upphafið að hruninu lá í ákvörðunum eigenda og stjórnenda bankanna. Þeir misnotuðu herfilega það frelsi, sem þeim hafði verið fengið. Stórir eigendur bankanna, til að mynda Baugsveldið, Björgólfsfeðgar og Exista, höfðu óeðlilegan aðgang að lánsfé bankanna. Bankarnir beittu blekkingum gagnvart eftirlitsstofnunum og reyndu að breiða yfir hvernig farið var á svig við reglur um áhættustýringu, sem áttu að vernda bankana sjálfa.

Stjórnmálamennirnir eru þó ekki saklausir af því að skrímslið varð til. Þau mistök sem voru gerð við einkavæðingu ríkisbankanna með því að afhenda þá „kjölfestufjárfestum“ stuðluðu þannig að því að einstakar viðskiptablokkir náðu taki á öllum bönkunum.

Rannsóknarnefndin hefur vísað mörgum málum úr bankakerfinu til saksóknara. Alþingi þarf að taka ákvörðun um hvort fyrrverandi ráðherrum verður stefnt fyrir Landsdóm. Hugsanlega verða höfðuð fleiri skaðabótamál á hendur einstaklingum, sem tóku ákvarðanir sem kostað hafa fyrirtæki og almenning háar fjárhæðir. Að sjálfsögðu er mikilvægt að menn taki afleiðingum gerða sinna. Mikilvægast er þó að íslenzkt samfélag í heild dragi nauðsynlegan lærdóm af niðurstöðum skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Að við gerum það sem gera þarf til að Ísland standi undir nafni sem þróað, vestrænt lýðræðisríki.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Ólafur F. Magnússon**

**hefur lagt fram fjárhags- og eignastöðu sína í borgarstjórn.**

**Rannsóknarskýrsla Alþingis**

**kallar á að kjörnir fulltrúar geri hreint fyrir sínum dyrum.**

***Borgarmálafélag F-lista***


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hver átti Landsbankann?

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er krydduð með útdráttum úr skýrslutöku nefndarinnar. Sumir þeirra eru afar athyglisverðir og kalla á fleiri spurningar, til dæmis þessi útdráttur úr skýrslu Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans: „Ég hef alltaf haft þá trú að það væru, að það væru allt aðrir aðilar sem hefðu átt bankann heldur en hérna, eða sem sagt allt aðrir aðilar keypt bankann heldur en menn hafa sagt. Og mig hefur oft grunað að það væru einhverjir aðrir sem raunverulega ættu hann.“ Hvern grunaði Sigurjón að væri raunverulegur eigandi Landsbankans? Og þótti honum þessi grunur sinn ekkert tiltökumál?



### Fátækt á Íslandi

Annar athyglisverður útdráttur í skýrslunni er tölvubréf Magnúsar Guðmundssonar til Ágústs og Lýðs Guðmundssona, Hreiðars Más Sigurðssonar, Steingríms Kárasonar, Ármanns Þorvaldssonar og Sigurðar Einarssonar, frá febrúar 2008. Efni bréfsins er útleiga á snekkju Kaupþingsmanna yfir sumarið til að redda smá skotsilfri. „Tökum stöðuna í haust, ef við erum ríkir getum við haldið áfram, ef við erum enn fátækir seljum við dallinn.“ Já, fátækt er afstætt hugtak.

### Af hverju hættir hann þá?

Björgvin G. Sigurðsson ætlar ekki að segja af sér þingmennsku þrátt fyrir þá niðurstöðu rannsóknarnefndarinnar að hann hafi sýnt af sér vanrækslu. Röksemdin er á þá leið að hann hafi áður sagt af sér sem ráðherra og hafi síðan hlotið góðan stuðning í prófkjöri og kosningum. En hvers vegna hættir Björgvin þá sem þingflokksformaður?



bergsteinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Hvað kosta lopapeysurnar?


Efnahagsmál



Þorsteinn Siglaugsson
hagfræðingur


Undanfarið hafa ýmsir, þ.á.m. Fréttablaðið og hagdeild ASÍ, haft uppi stór orð um kostnað þjóðarinnar af því að ekki hafi verið gengið strax að kröfum viðsemjenda í Icesave-deilunni og af því að ríkið hafi ekki lagt stórfé úr vasa skattgreiðenda í ýmiss konar „atvinnuskapandi framkvæmdir“. Útreikningarnir snúast um mismun á landsframleiðslu til mislangrar framtíðar með eða án þeirra greiðslna eða framkvæmda sem talsmennirnir vilja að gangi fram. Mismunurinn er síðan metinn sem tap þjóðarinnar.

Það sem reiknimeistararnir gleyma er að grundvallarmunur er á umsvifum og arði. Dragist velta fyrirtækis saman um 10% leiðir það vitanlega ekki af sér tap upp á 10%. Enn fráleitara er að gera ráð fyrir að samdrátturinn leiði af sér 10% tap árlega um alla framtíð líkt og sumir hafa haldið fram: Sé landsframleiðsla keyrð upp með handafli eitt árið verður hún minni sem því munar árið eftir.

Landsframleiðsla mælir ekki arðsemi heldur einungis umsvif í hagkerfinu. Því er rangt að telja breytingar á landsframleiðslu til hagnaðar eða taps. Stundum eru umsvif mikil en arðsemi engin. Þá mælist aukning í landsframleiðslu, en hún er innistæðulaus vegna þess að fjárfestingarnar sem byggt er á eru óarðbærar. Þetta á gjarna við um verkefni sem grundvallast á að misnota fé skattgreiðenda að þeim forspurðum líkt og þau sem hagdeild ASÍ og Fréttablaðinu virðist nú mest umhugað um að koma á koppinn.

En stundum breytist líka landsframleiðsla vegna breyttra lífshátta. Þegar húsmæður hætta t.d. að elda mat og prjóna eykst landsframleiðsla vegna þess að peningaleg viðskipti í hagkerfinu aukast. Þegar prjónaskapur og heimamatseld eykst hins vegar, eins og gerðist eftir hrun, dregur það úr landsframleiðslu. Kannski Fréttablaðið og ASÍ geri okkur grein fyrir stórfelldum kostnaði þjóðarinnar af öllum óprjónuðum lopapeysum og ósoðnu slátri framtíðarinnar?

Mergur málsins er að landsframleiðsla er mælikvarði á umsvif í hagkerfinu og þróun þeirra og breytingar á henni geta átt sér ýmsar orsakir. Því fer fjarri að beint samhengi sé milli landsframleiðslu og arðsemi í hagkerfinu. Þess vegna er fráleitt að nota breytingar á landsframleiðslu sem mælikvarða á kostnað eða ávinning af pólitískum ákvörðunum. Slíkt gerir enginn alvöru fræðimaður og enginn fjölmiðill sem vill láta taka sig alvarlega.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Einstök kona

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður



Í ágústmánuði árið 1988, komu hingað til lands sextán styrkþegar frá Kellogg Foundation í Bandaríkjunum, fjórtán konur og tveir karlar. Hópurinn kaus að nota hluta af styrknum til að koma til Íslands, hitta íslenskt áhrifafólk á ýmsum sviðum og kynna sér viðhorf þess og feril. Einkum þó íslenskra kvenna í stjórnmálum og öðrum áhrifastöðum.

Ein úr hópnum, prófessor í læknisfræði við Yale-háskóla í New Haven, hafði samband við vinkonu sína hér á landi sem undirbjó og skipulagði þessa þriggja daga heimsókn, sem tókst í alla staði mjög vel. Meðal annars áttu þær fund með forseta Íslands, Vigdísi Finnbogadóttur. Hún spjallaði við þær um landi og þjóð, sagði sögur af lífi hennar fyrr og síðar, um sjósókn og sjómenn, baðstofur og landbúnaði, fornritin og mikilvægi tungunnar.

Þær komu út af þessum fundi upptendraðar, og ein þeirra sagði með áherslu: „If we had monarchy in America, we would make her queen, and let her rule forever!“

**Góð gjöf**

Vigdís Finnbogadóttir nýtur virðingar og vinarhlýju hvar sem hún kemur. Ekki aðeins fyrir árin í embætti forseta og störf sín á alþjóðavettvangi, heldur fyrir það sem hún er. Hún sjálf. Hún er líka óþreytandi í ræktuninni. Hún ræktar, jörðina, þekkinguna, vináttuna og tungumálið. Vigdís veit að gjafir geta verið með ýmsu móti. Orð geta til dæmis glatt og lifað lengur en margt annað.

Árið 1988 sat ég í rútu á Álandseyjum ásamt fleiri Íslendingum í kynnisferð um eyjuna. Forseti þingsins í Mariehamn stóð fremst í rútunni, lýsti því sem fyrir augun bar og ræddi við hópinn. Sagði okkur meðal annars að forseti Íslands hefði heimsótt Álandseyjar og það gleymdi enginn þeirri heimsókn. Í ræðu sinni hefði Vigdís Finnbogadóttir meðal annars sagt eitthvað á þá leið að ef maður legði saman það besta í Íslendingi og það besta í Finna, væri útkoman Álendingur!“ Þessi orð fyrnast ekki.

> Hún ræktar, jörðina, þekkinguna, vináttuna og tungumálið. Vigdís veit að gjafir geta verið með ýmsu móti. Orð geta til dæmis glatt og lifað lengur en margt annað.

Rútuferðin var afar áhugaverð. Þarna er eyþjóð, um það bil tíu sinnum fámennari en við, en sjálfstæð og er nú aðili að ESB. Þegar okkur voru sýnd mannvirki og framkvæmdir, var það með sama stolti og drýldni og býr í okkur.

Eins og í sjónhending skynjaði maður hvernig útlendingar frá milljónaþjóðum upplifa Ísland og Íslendinga.

**Þjóðargersemi**

Vigdís Finnbogadóttir er í raun og sannleika þjóðargersemi. Hún hefur ekki endilega verið óumdeild, frekar en aðrir sem veigur er í, en næstum því.

Þessi kona sem hefur til að bera fágæta reisn og styrk, gerir þjóð sína stærri. Bæði í eigin augum og annarra. Ekki bara í dag, heldur um alla framtíð, eins og ameríska konan sagði. Glæsileg með æskubirtu í svip og sinni, og glampa í augum , rétt eins og þegar hún stóð í íslenska prjónakjólnum á svölunum um árið meðan fólk streymdi að til að samgleðjast fyrstu konunni sem kosin var forseti.

Þegar hún gaf ekki lengur kost á sér í embættið og flutti frá Bessastöðum, var lengi talað um hana sem Vigdísi forseta í daglegu tali. Sjálfri fannst mér að vegna sambands hennar og þjóðarinnar, væri við hæfi að það héldi áfram. Að hún væri kölluð Vigdís forseti, rétt eins og Jón forseti. En núna finnst mér langflottast að nafnið hennar eitt er nóg. Það er bara ein Vigdís, þó að margar heiti þessu nafni.

Allar þjóðir, smáar og stórar, samsama sig með bestu listamönnum sínum, afreksfólki og virtum leiðtogum. Það upphefur sig með því að minna á þessa samlanda sína. Þess vegna er þetta fólk bæði dýrmætt fyrir list sína og okkar sjálfsmat. Við erum ágætlega sett með góða listamenn, en það er ekki mikið um leiðtoga á stjórnmálasviðinu þessa dagana sem gera mann stoltan og sjálfumglaðan.

Og ég segi það satt, að mikið er ég þakklát fyrir að Vigdís Finnbogadóttir er til – og að hún er Íslendingur.

# Fitch, Moody‘s og Standard & Poors

Matseinkunnir fyrirtækja
Guðmundur Franklín Jónsson
Kaupsýslumaður



Þessi ofangreindu matsfyrirtæki gefa skuldabréfum, fjármálaafurðum, fyrirtækjum, bönkum ,ríkjum o.s.frv. matseinkunnir. Öll þessi matsfyrirtæki eiga sameiginlegt að vera rekinn fyrir hámarksávöxtun hluthafa sinna og eru hlutafélög á almennum hlutabréfamarkaði. Moody´s Corp er skráð á New York Stock Exchange (NYSE). Standard & Poors er partur af McGraw Hill Companies, útgáfurisans sem gefur m.a. út BusinessWeek. McGraw Hill er einnig skráð á New York Stock Exchange (NYSE). Fitch Ratings er í meirihluta eigu Fimalacs, sem er skráð á kauphöllina í París.

Hvernig vinna þessi matsfyrirtæki og fyrir hverja? Matsfyrirtækin vinna eftir pöntunum, þ.a.l. fyrir alla sem vilja kaupa sér mat eða eikunn á einhverju. Þessi matsfyrirtæki leggja einkunnir á þjóðir og sjálfstæð ríki. Hver borgar fyrir það? Bankarnir okkar þrír sem fóru rúllandi á hausinn í október 2008 voru með öll þessi fyrirtæki í vinnu og borguðu matsfyrirtækjunum þremur hundruð milljóna á ári undanfarin ár, fyrir góðar einkunnir. Af hverju vöruðu ekki þessi fyrirtæki heimsbyggðina við þessum íslensku bönkum í tæka tíð? Gaman væri að fá að sjá sundurliðaðan reikning frá þeim fyrir íslensku bankana undanfarin 5 ár. Þessi þrjú matsfyrirtæki vinna fyrir OECD, ESB og öll lönd innan ESB. Einnig vinna öll matsfyrirtækin fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Þannig að nú getur hverjum sýnst hvað í samskiptum okkar við þessi fyrirtæki. Einnig verð ég að benda á, að þessi sömu fyrirtæki eru ráðin til þess að gefa einkunnir til og eða mat á lánshæfni á nýjum útgáfum hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum á skuldabréfum og öðrum verðbréfum sem bankar fara með í sölu. Þegar það er gert er, þá er kostnaðurinn iðulega settur inn í verðið og kúnninn situr uppi með kostnaðinn, án þess þó að vita af því. Ef bönkum var bent á af matsfyrirtækjunum að viðkomandi útgáfa væri hugsanlega of áhættusöm geta bankarnir keypt sér tryggingu hjá hinum ýmsu tryggingarfyrirtækjum sem selja slíka tryggingu og áhættan er minnkuð. Einnig er bönkum boðið að kaupa alls konar aukadót eins og rannsóknarvinnu, gagnabankaþjónustu, tölvuforrit og aðrar upplýsingar á uppsprengdu verði. Þetta er kallað í bankaheiminum „soft money“ sem útleggst á góðri íslensku mútur.

Í dag er lánshæfismat þjóðarinnar lágt og þá eigum við að nota tækifærið og kaupa upp skuldir okkar erlendis á djúpum afslætti. Ef að stjórnvöld aftur á móti hafa miklar áhyggjur af lánshæfismati íslensku þjóðarinnar, vil ég benda þeim á að panta fund hjá þessum matsfyrirtækjum og byrja að borga fyrir góðar einkunnir ef þeir kæra sig um. Moody´s, S&P og Fitch Ratings myndu koma með fyrstu flugvél, því þeir hafa jú misst eitthvað úr aski sínum.

Meginreglan er sú, að sá sem hefur bestu glærugerðarmennina og stærsta efnahagsreikninginn fær hæstu einkunn eins og gamla Kaupþing.

512 54 01
Auglýsingasími
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

vodafone
Hver er svona lítil og sæt?
Ótrúlega lítil og nett Dell Inspiron Mini
Innifalið:
• Netfrelsi frá Vodafone
• Innbyggt 3G netkort
• 5 GB gagnamagn innifalið í 1 mán.
0 kr. útborgun
og 6.990 kr. á mán. í 12 mán.
eða 79.990 kr. staðgreitt.
Nánari upplýsingar á vodafone.is og í síma 1414.
power to you





*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Ásgeirs Hallssonar,**
Hvassaleiti 101, Reykjavík,

og heiðruðu minningu hans. Sérstakar þakkir til starfsfólks Droplaugarstaða fyrir frábæra umönnun.

| | |
|---|---|
| **Margrét Halldóra Sveinsdóttir** | |
| **Guðný Ásgeirsdóttir Stäuble** | **Markus Stäuble** |
| **Ásgeir Ásgeirsson** | **Ingibjörg Ýr Pálmadóttir** |
| **og fjölskyldur.** | |



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjörleifur Guðnason,**
Gullsmára 9 í Kópvogi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi föstudaginn 9. apríl. Útförin verður auglýst nánar síðar.

| | |
|---|---|
| **Margrét Hjörleifsdóttir** | **Eiríkur Ólafsson** |
| **Elín Hjörleifsdóttir** | **Sumarliði Aðalsteinsson** |
| **Guðni Hjörleifsson** | **Sigríður Margrét Vigfúsdóttir** |
| **Ingólfur Hjörleifsson** | **Steinunn Jónsdóttir** |

**og systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**



*Okkar ástkæri sonur, bróðir, mágur og frændi.*

**Leifur Gunnarsson,**
Huldulandi 3, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 4. apríl. Jarðsungið verður frá Hjallakirkju í Kópavogi, föstudaginn 16. apríl kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Hildur Kristinsdóttir** | |
| **Guðríður Gunnarsdóttir** | **Björn Ólafsson** |
| **Gunnar Már Gíslason** | |
| **Gabríel Már Gunnarsson.** | |

**Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.**



*Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir og frændi,*

**Sigursteinn Olgeirsson,**
Skólabraut 10, Seltjarnarnes,

andaðist á heimili sínu 6. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram í Fossvogskapellu föstudaginn 16. apríl kl. 11.00 að undangenginni kistulagningu kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjálpræðisherinn.

**Svanborg Sigursteinsdóttir og fjölskylda,**
**Helga Olgeirsdóttir og fjölskylda,**
**Brynja Olgeirsdóttir og fjölskylda.**



*Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Páls Ólafssonar,**
bónda, Brautarholti, Kjalarnesi.

| | |
|---|---|
| **Guðrún Pálsdóttir** | **Sveinn G. Segatta** |
| **Ásta Pálsdóttir** | **Gunnar Páll Pálsson** |
| **Þórdís Pálsdóttir** | |
| **Ingibjörg Pálsdóttir** | |
| **Bjarni Pálsson** | |
| **Ólöf Hildur Pálsdóttir** | **Sigurður V. Guðjónsson** |
| **og barnabörn.** | |



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Stefanía A. Jónsdóttir,**
Herjólfsgötu 36,
Hafnarfirði,

lést á St. Jósefsspítala 10. apríl.

| | |
|---|---|
| **Jón Guðmundsson** | |
| **Guðmundur Geir Jónsson** | **Sigríður B. Eggertsdóttir** |
| **Jón Eggert Guðmundsson** | |
| **Jóhannes Geir Guðmundsson** | **Pamela Perez** |
| **Björgvin Guðmundsson** | |
| **og barnabarnabörn.** | |



*Móðir mín, tengdamóðir og amma,*

**María Skúladóttir,**
síðast til heimilis að Skjóli,
Kleppsvegi 64,

lést laugardaginn 10. apríl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Birgir Óttar Ríkharðsson.**



*Faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Aðalsteinn Einarsson,**

til heimilis að Miðtúni 1, Seyðisfirði, lést á heimili sínu þann 5. apríl síðastliðinn. Jarðsungið verður frá Seyðisfjarðarkirkju laugardaginn 17. apríl kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Jónbjört Aðalsteinsdóttir** | **Snorri Jónsson** |
| **Einar Aðalsteinsson** | **Hugrún Guðmundsdóttir** |
| **og barnabörn.** | |



*Ástkær eiginkona, móðir, systir og mágkona,*

**Borghildur Magnúsdóttir,**
Þingvallastræti 2, Akureyri,

andaðist á heimili sínu 10. apríl sl. Útför hennar fer fram í Akureyrarkirkju mánudaginn 19. apríl nk. kl. 13.30.

| | |
|---|---|
| **Gísli Gunnlaugsson** | |
| **Jóhanna María Gísladóttir** | |
| **Jakob Frímann Magnússon** | **Birna Rún Gísladóttir** |

*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Brynhildur Pálsdóttir,**
Sléttuvegi 11, áður Safamýri 21,

sem lést þann 8. apríl á líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsungin frá Áskirkju miðvikudaginn 14. apríl kl. 11. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Sigríður, Ragnhildur og Brynhildur Benediktsdætur.**

**RÚNAR JÚLÍUSSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1945.**

*„Ég hef margoft fengið tilboð um að fara í framboð en jafnoft hef ég sagt nei. Ég kann betur við mig í tónlistinni þar sem umhverfið er þægilegra.“*



***Guðmundur Rúnar Júlíusson var einn dáðasti tónlistarmaður þjóðarinnar frá því hann steig á svið með Hljómum 1963 og þar til hann lést í lok árs 2008.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MIKILVÆGT FYRIR ALLA** „Með hugtakinu opnum aðgangi er átt við að afrakstur vísindastarfs, sem kostað er af opinberu fé, sé aðgengilegt öllum,“ segir Áslaug Agnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs Landsbókasafns Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

MÁLÞING: AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM

## Viljum stuðning við málefnið

Málþing sem fjallar um opinn aðgang að vísindalegum upplýsingum verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhlöðu klukkan 15.00 í dag. Málþingið er haldið á vegum áhugahóps um málefnið og Áslaug Agnarsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs Landsbókasafns Íslands, er ein þeirra sem standa að hópnum.

„Með hugtakinu opnum aðgangi er átt við að afrakstur vísindastarfs, sem kostað er af opinberu fé, sé aðgengilegur öllum. Er þar um að ræða rannsóknir sem unnar eru fyrir fé háskóla af starfsmönnum háskóla eða þá þeirra sem hljóta styrki úr opinberum rannsóknar- eða samkeppnisjóðum,“ segir Áslaug.

Baráttan fyrir opnum aðgangi er ekki síst til komin að hennar sögn vegna þess að í seinni tíð, eftir að efni fór að birtast í auknum mæli rafrænt, hafi það reynst bókasöfnum afar dýrt að kaupa aðgang að efninu. „Bókasöfn hafa til dæmis alltaf unnið að því að kaupa efni og afla heimilda fyrir þá sem til þeirra leita en eftir að kostnaðurinn jókst svo gífurlega fóru ýmis verkefni af stað sem miðuðu að því að gera efnið aðgengilegt með eins litlum tilkostnaði og hægt væri. Get ég þar nefnt sem dæmi verkefni sem við höfum umsjón með hér á Landsbókasafni fyrir hönd menntamálaráðuneytis – að kaupa landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum – sem notendur hafa svo ókeypis aðgang að á hvar.is. Þessi aðgangur kostar nú rúmlega hundrað milljónir á ári. Til móts við þetta hefur sprottið upp hreyfing sem byrjaði árið 2001 í Búdapest, þar sem yfirlýsing um opinn aðgang var samþykkt.“

Umræða um opinn aðgang hefur verið ofarlega á baugi í háskólasamfélögum um allan heim en á Íslandi hefur doði ríkt hvað málefnið varðar að sögn Áslaugar. „Okkar markmið er að kynna þetta hugtak og fá sem flesta til að styðja við opinn aðgang, meðal annars með því að fá íslensku háskólana og aðra þá sem veita rannsóknarstyrki, svo sem Rannís, til að mynda sér stefnu um opinn aðgang, líkt og gert hefur verið víða erlendis, til dæmis í mörgum rannsóknarráðum og háskólum á Norðurlöndum, svo sem í Kaupmannahöfn, Bergen, Stokkhólmi og Helsinki og í Bandaríkjunum, meðal annars í Harvard-háskóla, MIT og Stanford.“

Vefsíðan openaccess.is hefur verið sett upp af hópnum til upplýsinga um málefnið og tvær leiðir kynntar sem hægt er að fara til að birta efni í opnum aðgangi. „Annars vegar er það græn leið svokölluð, þar sem efnið er birt í varðveislusafni þeirrar stofnunar sem viðkomandi starfar hjá, og svo er það hin aðgerðin, þar sem greinin er gefin út í opnum aðgangi með leyfi útgefandans. Slík leið er kölluð gullna leiðin.“

Einn helsti sérfræðingur heims í opnum aðgangi, Peter Suber, frá Harvard-háskóla, er fyrirlesari á málþinginu. „Opinn aðgangur kemur öllum til góða. Bæði hefur hann í för með sér að rannsóknir og rannsóknarniðurstöður verða sýnilegri og jafnframt geta rannsakendur kynnt sér það sem áður hefur birst um sama efni og öðlast yfirgripsmeiri þekkingu á tilteknu sviði.“

juliam@frettabladid.is



✝

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og við útför okkar ástkæra*

**Jóns Ingva Sveinssonar,**
Skarðshlíð 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar á Akureyri.
Guð blessi ykkur öll.

**Jarþrúður Sveinsdóttir**
**Pétur Á. Jónsson** **Guðrún O. Kristjánsdóttir**
**Margrét S. Jónsdóttir** **Arnar Þorbjörnsson**
**Sveinn Kr. Jónsson**
**Aðalgeir A. Jónsson** **Inga S. Arnardóttir**
**Barnabörn, langafadrengur**
**Aðalheiður Björgvinsdóttir**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Guðrún Theodóra Sigurðardóttir,**
sálfræðingur

sem lést 1. apríl, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 14. apríl klukkan 15:00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Barnaspítala Hringsins og Líknardeild Landspítalans í Kópavogi njóta þess.

**Sigríður Steinunn Stephensen**
**Eiríkur Stephensen** **Arndís Hrönn Egilsdóttir**
**Sigurður Sverrir Stephensen**
**Þórhildur, Ólafur Sverrir, Iðunn, Úlfhildur Júlía**



✝

*Okkar elskulegi*

**Gunnar Guðvarðarson**
loftskeytamaður,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 29. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum starfsfólki líknardeildar frábæra umönnun. Sérstakar þakkir til Rósu Kristjánsdóttur djákna sem ávallt var til staðar í veikindum hans fyrr og nú. Blóm eru vinsamlega afþökkuð, en þeim sem vilja heiðra minningu hans er bent á Hjartaheill.

**Þökkum auðsýnda samúð.**
**Fjölskyldan þín.**



✝

*Móðir okkar, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigurbjörg Jósíasdóttir,**
Þórufelli 14, Reykjavík,

lést 23. mars á Landakotsspítala. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við fráfall hennar.

**Þröstur Valdimarsson, Ágústa Kolbrún Sigfúsdóttir,**
**Pétur Ævar Óskarsson, Unnur Melberg Sigurgísladóttir,**
**Guðný Ósk Óskarsdóttir,**
**Stefán Agnar Óskarsson, Ása Jónsdóttir,**
**Ingibjörg Ósk Óskarsdóttir, Hörður Smári Hákonarsson,**
**og aðrir afkomendur.**

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Adda Valgerður Þorsteinsdóttir**
frá Hólmavík,
Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést þriðudaginn 6. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 15. apríl kl. 15.00.

**Jónatan Sigurðsson**
**Vilborg Birgisdóttir** **Unnsteinn Marvinsson**
**Eygló Birgisdóttir** **Auðunn Leifsson**
**Sigurbjörg Birgisdóttir** **Arnar Tryggvason**
**Steinlaug Birgisdóttir** **Eyjólfur Ólafsson**
**börn og barnabörn.**



✝

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við fráfall og útför okkar yndislega*

**Konráðs Davíðs Þorvaldssonar.**

sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og öllum þeim læknum og hjúkrunarfólki sem komu að umönnun hans.

**Arna Björk Þorkelsdóttir**
**Konráð Pétur Konráðsson**
**Halldóra Konráðsdóttir** **Þorvaldur Þ. Sigurbjörnsson**
**Tómas Páll Þorvaldsson** **Edda Þuríður Hauksdóttir**
**Rakel Elísabet Tómasdóttir**
**Guðrún Pétursdóttir** **Þorkell Þorsteinsson**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Sigurbjörn Tómasson**
**Páldís Eyjólfs**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Björn Ragnarsson frá Garðakoti,**
húsvörður, Miðleiti 5-7,
Reykjavík,

andaðist á heimili sínu föstudaginn 9. apríl. Útförin fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 24. apríl kl. 14.00.

**Jóna Bergsdóttir**
**Oddný Egilsdóttir**
**Bergur Aðalsteinsson** **Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir**
**Ragnar Björnsson** **Joanne David**
**Árni Björnsson** **Sigríður Hinriksdóttir**
**Ingibjörg Anna Björnsdóttir**
**Hólmfríður Björnsdóttir** **Jón Grétar Heiðarsson**
**og barnabörn.**



✝

*Hjartkær vinur minn, faðir okkar og bróðir,*

**Sigurjón Hafnfjörð Siggeirsson,**

verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 15. apríl kl. 15.00.

**Erna Lárusdóttir**
**Björn Steinar Sigurjónsson** **Rebekka Jórmundsdóttir**
**Snædís Edda Sigurjónsdóttir**
**Runólfur Einarsson** **Þórunn Unnsteinsdóttir**
**Arnar Þór Jónsson** **Sonja Garðarsdóttir**
**Rúnar Eiríkur Siggeirsson** **Valgerður Sigurðardóttir**
**Olga Soffía Siggeirsdóttir** **Hafsteinn Sigurðarsson**
**Sævar Siggeirsson** **Sigríður Arna Arnþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Helga Möller,**
Siglufirði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar 8. apríl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 17. apríl klukkan 14.

**Björgvin Jónsson** **Halldóra Pétursdóttir**
**Steinunn Jónsdóttir** **Freyr Sigurðsson**
**Brynja Jónsdóttir** **Hallgrímur Jónsson**
**Salbjörg Jónsdóttir** **Sigurður Vilmundsson**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Gunnar Sigurðsson,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 16. apríl kl. 13.00.

**Guðrún Jónsdóttir** **Stefán Pálsson**
**Ólöf Jónsdóttir** **Viðar Sigurjónsson**
**Auður Jónsdóttir** **Kristinn H. Þorsteinsson**
**Ólafur Th. Jónsson** **Hildur Hansen**
**Geir Hafsteinn Jónsson** **Mette Helsted Frandsen**
**afabörn og langafabörn.**



✝

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jakob Svavar Bjarnason,**
Miðtúni, Hvammstanga,

lést 30. mars. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju föstudaginn 16. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Ingvar Helgi Jakobsson** **Kristín Einarsdóttir**
**Ingibjörg Halldóra Jakobsdóttir** **Oddur C. G. Hjaltason**
**Ólafur Jakobsson** **Geirlaug G. Björnsdóttir**
**Bjarni Viðar Jakobsson** **Bergþóra Arnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og dóttir,*

**Nína Antonsdóttir,**
Blikahöfða 5, Mosfellsbæ,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 8. apríl. Útför fer fram föstudaginn 16. apríl kl. 15 frá Lágafellskirkju Mosfellsbæ.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Anton Gunnar Gunnlaugsson** **Guðný Jóna Valgeirsdóttir**
**Ragnar Þór og Bjarki Már Antonssynir**
**Sif Gunnarsdóttir**
**Jenný Jónsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**






# Fýlusmitberinn Facebook

**BAKÞANKAR**
**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**



Í síðustu viku birtist enn ein fréttin, byggð á vísindalegum rannsóknum, sem staðfestir þá löngu þekktu staðreynd að brosmildir, glaðlyndir og jákvæðir lifa lengra og betra lífi en annað fólk. Þar sem ég stefni að því að verða í hópi þeirra fjörgömlu gamalmenna sem slíkar rannsóknir byggja á tek ég það nærri mér þegar aðrir taka að sér að stytta líf mitt.

**ÉG** fann í gær hvernig það styttist í annan endann, strax meðan á blaðamannafundi rannsóknarnefndarinnar stóð. Og ekki lengdist það eftir því sem leið á daginn og meira súrmeti var dregið upp úr hattinum.

**Í** eðlilegum heimi gæti ég stjórnað þeirri pínu sem þessi skýrsla og aðrar fréttir af heimsins böli fá að valda mér. Við það að finna lífslöngunina minnka hefði ég einfaldlega átt að geta slökkt á fréttunum og snúið mér að einhverju uppörvandi. Í þessa reglu er kominn alvarlegur brestur, sem ég óttast að sé þegar farinn að stytta líf okkar flestra.

**ÉG** er að tala um Facebook, samfélag vina minna og kunningja, sem ég verð og vil tilheyra, eða verða ella útskúfað úr samfélagi mannanna. Þar býr lítill hópur ólíkra manneskja sem eiga eitt sameiginlegt. Ef þær rekast á einhvern hryllinginn á vafri sínu um Netið varpa þær honum umsvifalaust inn á síðuna. Sérstaklega virðast þær finna hjá sér þörf fyrir að deila með öðrum hræðilegum fréttum af ofbeldi á börnum. Og allir vinir þeirra fá hryllinginn beint í æð, hvort sem þeir kæra sig um eða ekki, fyllast sorg eða viðbjóði, og halda áfram dagsverkum sínum aðeins daprari en þeir voru áður.

**MIÐAÐ** við vinafjöldann sem margir eiga á Facebook þarf ekki stærðfræðiséní til að reikna út hvað þessi útbreiðsla böls hefur mikil og slæm margföldunaráhrif í för með sér. Ég tek þessu sem beinni árás á heilsu mína. Ef henni ætti að stúta vildi ég frekar að það væri af einlægri sjálfseyðingarhvöt, ekki ágangi annarra.

**NÚ** þegar skýrslan er loksins komin taka fýlusmitberarnir og samfélagsrýnarnir sína rispu. Hamingja okkar hinna hrynur rétt á meðan en rýkur svo upp úr öllu valdi á ný þegar við komumst skrefi nær því að skilja hrunið eftir í fortíðinni. Og þá get ég hætt að pirra mig á pirraða fólkinu. Það samræmist nefnilega illa draumsýninni af sjálfri mér í hópi glöðu gamalmennanna. Sípirraðir eru örugglega löngu dauðir um sjötugt og komast aldrei í þeirra hóp.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes



### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Mjúkur Mickey

Mickey Rourke er ekki eins og fólk er flest. Hann er mikill dýravinur og var víst nánast óhuggandi eftir að hundurinn hans Loki drapst í fyrra.

Rourke kom meðleikurum sínum í Iron Man 2 á óvart þegar hann var að búa sig undir tilfinningalega erfiða töku. Leikarinn dró upp mynd af Loka til að ná fram réttu hughrifunum. „Hann hélt á myndunum og varð nánast á einu augabragði ákaflega sorgmæddur. Þetta var alveg ótrúlegt. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt. Við skemmtum okkur samt konunglega saman og við vorum mjög heppin að hafa fengið hann til liðs við okkur," sagði Robert Downey Jr. þegar hann var beðinn um að útskýra þessa hegðun mótleikara síns.



**SAKNAR LOKA** Rourke nær fram sínum einstaka sorgarsvip með því að hugsa um Loka, hundinn sem hann missti í fyrra.

# Níunda hjónaband Liz Taylor

Leikkonan Elizabeth Taylor er trúlofuð samkvæmt fréttum bandarískra miðla. Hinn heppni heitir Jason Winters og starfar sem umboðsmaður í Hollywood. Engin dagsetning hefur verið ákveðin fyrir brúðkaupið en það myndi verða níunda hjónaband Taylors.

„Það er ekkert leyndarmál að þau hafa lengi verið saman og eru ástfangin. Það kemur því ekki á óvart að þau hafi opinberað trúlofun sína. Núna halda þau þessu þó bara fyrir sig," segir heimildarmaður US Magazine.

Jason Winters, sem er 49 ára, gerðist nýlega umboðsmaður Janet Jackson. Hann yrði áttundi eiginmaður hinnar 78 ára gömlu Liz Taylor þar sem hún giftist Richard Burton tvisvar. Þau skötuhjúin kynntust í gegnum poppstjörnuna Michael Jackson og hafa verið vinir um langt árabil. Nú hefur Amor greinilega skotið örvum sínum í hjörtu þeirra. Liz Taylor hefur verið einhleyp síðan hún skildi við Larry Fortensky árið 1996.



**HAMINGJUSÖM** Liz Taylor og Jason Winters eru trúlofuð.
NORDICPHOTOS/GETTY



**SVARAR EKKI** Jessica Simpson hefur ekki svarað undarlegum spurningum tónlistarkonunnar Courtney Love.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Jessica svarar ekki Love

**Furðufuglinn Courtney Love er mikið fyrir að tjá skoðanir sínar á alheimsvefnum og nú nýlega nýtti hún tæknina til að tjá söngkonunni Jessicu Simpson aðdáun sína. „Ég vona að ég sé ekki að segja neitt heimskulegt, en mér finnst þú kynþokkafull og hef ávallt talið þig vera duglega söngkonu sem á betra skilið. En af hverju tyggur þú stanslaust nikótíntyggjó, þú sem hefur aldrei reykt?" Það kemur líklega fáum á óvart að Simpson hefur ekki svarað spurningu Love á Netinu.**

# Carrey tjáir sig um Tiger

Leikarinn Jim Carrey kom sér í þó nokkur vandræði þegar hann ákvað að tjá sig um framhjáhald Tigers Woods á samskiptasíðunni Twitter. Fjöldi fólks brást illa við þegar Carrey sagði að Elin Nordgren, eiginkona Woods, hljóti að hafa vitað um framhjáhald kylfingsins.

„Engin eiginkona er það blind að þetta hafi getað farið fram hjá henni. Hún hlýtur að hafa verið viljugur þátttakandi í þessari rússíbanareið, sama hver ástæðan fyrir því hefur verið," skrifaði Carrey á síðu sína. Eftir að fjöldi fólks skammaði leikarann fyrir ummælin reyndi hann að slá á léttari strengi og skrifaði: „Þið viljið þá væntanlega ekki ræða um Söndru Bullock."



**SAKLAUST GRÍN?** Jim Carrey vakti hörð viðbrögð þegar hann tjáði sig um eiginkonu Tigers Woods á Twitter.




# Þrívíð goðgá

Kvikmyndir ★★

**Clash of the Titans**

Leikstjóri: Louis Leterrier

**Aðalhlutverk:** Sam Worthington, Liam Neeson, Ralph Fiennes, Gemma Arterton

Goðheimur þeirra Forn-Grikkja er ofboðslega heillandi ef ekki hreinlega ómótstæðilegur þar sem breyskir guðir og mennskir tilbiðjendur þeirra eru í endalausu brölti og árekstrum í safaríkum og hressandi sögum.

Yfirguðinn, Seifur, var mikið fyrir að dreifa guðlegu sæði sínu á milli dauðlegra lenda og átti því alls kyns hálfguðleg afkvæmi úti um allar koppagrundir. Í Clash of the Titans segir af einum slíkum, Perseifi, sem er guð í aðra ættina en maður í hina. Þessi dagfarsprúði fiskimaður æsist allur upp þegar undirheimaguðinn Hades, bróðir Seifs, kostar fósturfjölskyldu hans lífið og ætlar sér barasta að drepa þennan frænda sinn. Hvorki meira né minna.

Bægslagangurinn í Hadesi er bein afleiðing þess að mennirnir hafa ofmetnast svo svakalega að þeir hafa sagt goðunum stríð á hendur. Seifur, skapari þeirra, hefur leyft óþekktarormunum sínum að komast upp með derringinn þar sem hann þrífst á ást þeirra. Hinn bitri bróðir hans, Hades, nærist hins vegar á ótta mannanna og er því meira fyrir að refsa hyskinu með því að siga á það forynjum þannig að íbúar borgarinnar Argosar bíða með hjartað í brókunum eftir að títaninum Kraken verði sleppt lausum.

Kraken þessi er forynja ógurleg sem líkist einhverju sem Godzilla gæti breyst í ef hún dytti í sterapott og fengi síðan fimm tonn af amfetamíni eftir á. Eyðileggingarkrafturinn er sem sagt svakalegur og enginn getur mögulega stöðvað skrímslið nema hálfguðinn Perseifur sem ætlar að vinna allar sínar hetjudáðir sem maður þar sem hann hafnar guðlegum uppruna sínum.



Því miður er því nú þannig farið í tilfelli Clash of the Titans að hinn magnaði goðaheimur er skemmtilegri í bókum. Efniviðurinn er skotheldur en myndin rambar því miður lengst af á barmi leiðinda. Samt er engu til sparað og því má segja að um stórmynd sé að ræða en voðalega er illa farið með peninginn. Þrívíddar-tæknibrellurnar eru ekki einu sinni flottar og ná engan veginn að breiða yfir hallærislegheitin í samtölum og söguþræði. Sá góði maður Liam Neeson er sorglega hallærislegur og Jedi-riddaralegur í hlutverki Seifs og Sam Worthington, sem virðist vera aðalgæinn um þessar mundir eftir Terminator 4 og Avatar, er rétt yfir meðallagi.

Þetta er samt ekki alglatað og Medúsa er nú alltaf soldið sexí og loksins þegar hún hefur skotið upp sínum skæða skrattakolli hressist myndin nokkuð og við dembum okkur í hressilegt en alveg ofboðslega dæmigert lokauppgjör sem hefði verið frábært þrjúbíó fyrir fjörutíu árum en gerir lítið fyrir bíógesti dagsins í dag.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Hér er sótt í dásamlegan goðsagnaheim Forn-Grikkja en því miður er illa farið með efniviðinn. Ljósu punktarnir eru samt fleiri en í Troy en mikið óskaplega er samt pirrandi þegar Hollywood tekur sögur og efni sem er búið að gera mörg þúsund ár og tekst samt að klúðra öllu saman.





| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DATE NIGHT LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 - 5.50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| KÓNGAVEGUR | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 8 - 10.25 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 8 - 10.20 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOVELY BONES | kl. 10.15 | 12 |
| THE GOOD HEART | kl. 5.50 - 8 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 6 | 12 |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| EARTH | kl. 5.45 | L |
| SHUTTER ISLAND | kl. 8 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 6, 8 og 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.50, 8, 10.10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D ÍSL | kl. 4 og 6 - 3D | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 2D ÍSL | kl. 4 | L |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 3.50 | L |
| GREEN ZONE | kl. 8 og 10.10 | 12 |




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON M/ ensku. Tali | kl. 10:30 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG | kl. 5:50 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D M/ ísl. Tali | kl 6 | L |
| WHEN IN ROME | kl. 6 | L |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 6 - 8:10 - 9 - 10:30 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 3:50 - 6 - 8:10 - 10:20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 3:50 - 6 | L |
| ALICE IN WONDERLAND 3D | kl. 3:50 | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| WHEN IN ROME | kl. 5:50 - 8 | L |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR



## > Njarðvík hefur ekki unnið heimaleik í úrslitakeppni í þrjú ár

Njarðvíkingar halda áfram að berjast fyrir lífi sínu í úrslitakeppni Iceland Express-deild karla þegar þeir taka á móti nágrönnum sínum úr Njarðvík í Ljónagryfjunni klukkan 19.15 í kvöld. Keflavíkurliðið vantar áfram aðeins einn sigur enn til þess að komast í lokaúrslitin en Njarðvík tryggir sér oddaleik á fimmtudagskvöld með sigri í kvöld. Njarðvíkingar reyna í kvöld að enda fimm leikja taphrinu liðsins í Ljónagryfjunni í úrslitakeppninni. Njarðvík hefur ekki unnið heimaleik í úrslitakeppni síðan í fyrsta leik í lokaúrslitum 2007.



**sport**

sport@frettabladid.is

**KR-INGURINN SKÚLI JÓN FRIÐGEIRSSON:** DÆMDI ÆFINGALEIK MILLI KVENNALIÐA VALS OG GRINDAVÍKUR

## *Stelpurnar voru þægar og æstu sig ekki mikið*



Skúli Jón Friðgeirsson sýndi á sér nýja hlið á Spáni um helgina þegar hann tók upp flautuna og dæmdi æfingaleik milli kvennaliða Vals og Grindavíkur. Fjöldi íslenskra liða er í heitari löndum um þessar mundir til að undirbúa sig fyrir komandi sumar. KR-ingar komu heim í gær eftir að hafa dvalið í viku á Spáni.

„Þetta hefur verið virkilega fínt. Veðrið er fínt og vellirnir sem við höfum æft á góðir. Það eru fleiri íslensk lið hérna og skemmtileg stemning verið á hótelinu," sagði Skúli við Fréttablaðið í gær.

Þegar dómara vantaði í leik Vals og Grindavíkur voru góð ráð dýr. „Það kom upp umræða á sundlaugarbakkanum hver væri best til þess fallinn að taka að sér dómarastarf. Ég var ráðinn í verkið. Freyr [Alexandersson] kom að mér og spurði hvort ég gæti tekið þetta að mér. Ég gerði það með miklum sóma," sagði Skúli sem var að dæma sinn fyrsta fótboltaleik.

„Ég er ekki einu sinni með dómararéttindi en þetta er frekar einfalt hlutverk og ég var með góða menn með mér og þetta gekk vel. Stelpurnar voru líka þægar, voru ekki mikið að æsa sig. Þau vafaatriði sem komu upp tækluðum við rétt. Þetta var virkilega gott samstarf," sagði Skúli en aðstoðardómarar hans í leiknum voru tveir aðrir leikmenn KR, Gunnar Kristjánsson og Eggert Rafn Einarsson. Valskonur unnu sannfærandi 5-0 sigur.

KR-ingum hefur gengið vel á undirbúningstímabilinu og unnu Reykjavíkurmeistaratitilinn á dögunum. Skúli er bjartsýnn fyrir komandi tímabil. „Við vonum bara að þetta haldi svona áfram fram að móti. Þá ættum við að koma sterkir til leiks," sagði Skúli Jón.



**ÓGNANDI** Hólmfríður Magnúsdóttir lék sem vinstri bakvörður. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hólmfríður Magnúsdóttir:

# Með sláarskot í fyrsta leiknum

**FÓTBOLTI** Hólmfríður Magnúsdóttir var nálægt því að skora í sínum fyrsta leik með Philadelphia Independence þegar bandaríska kvennadeildin fór af stað í fyrrinótt.

Philadelphia-liðið gerði þá markalaust jafntefli á heimavelli á móti Atlanta Beat en það lið þjálfar Gareth O'Sullivan, fyrrverandi þjálfari KR og Aftureldingar.

Hólmfríður lék allan leikinn í stöðu vinstri bakvarðar í leikkerfinu 4-3-3. Hólmfríður komst tvisvar nálægt því að skora á lokamínútum leiksins. Hún átti þrumuskot af um 30 metra færi í slána á 82. mínútu og sex mínútum síðar náði markvörður Atlanta að verja frá henni aukaspyrnu. - óój



**JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON** Enskir miðlar vakandi. MYND/AFP

Jóhannes Karl settur í bann:

# Gagnrýndi Laws á íslensku

**FÓTBOLTI** Jóhannes Karl Guðjónsson hefur verið gerður útlægur frá enska liðinu Burnley næstu tvær vikurnar eftir að hafa tjáð sig um stjóra liðsins, Brian Laws, sem hefur ekki gefið íslenska miðjumanninum nein tækifæri með liðinu.

„Hann er löngu búinn að tapa klefanum," sagði Jóhannes Karl í viðtali við vefsíðuna fotbolti.net fyrir helgi. „Ég held að allir leikmenn séu búnir að missa trú á honum. Gengi liðsins segir sig sjálft og mér sýnist allt stefna niður á við."

Enskir fjölmiðlar tóku síðan ummælin upp og Laws var ekki hrifinn. Jóhannes Karl hefur verið úti í kuldanum og ekki spilað fyrir Burnley síðan Laws tók við en liðið er í fallsæti. Burnley vann hins vegar 4-1 sigur á Hull um helgina og Laws svaraði þá ganrýni Jóhannesar á eftirfarandi hátt: „Við tökum á þessu máli á fagmannlegan hátt, annað en leikmaðurinn sjálfur," sagði Laws. - óój

# Oddaleikur á fimmtudag

**KR-ingar tryggðu sér oddaleik á fimmtudaginn með 76-72 sigri á Snæfelli í miklum baráttuleik í Hólminum í gær. Morgan Lewis bætti fyrir skotin sem misfórust í lok leiks þrjú með því að eiga frábæran leik og skora 31 stig í gær.**



**FRÁBÆR Í GÆR** Morgan Lewis bætti fyrir klúðrið í lokin á þriðja leiknum og á stóran þátt í því að KR-ingum tókst að tryggja sér oddaleik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar unnu sinn þriðja sigur í Stykkishólmi á fjórum vikum eftir ótrúlega stöðu- og varnarbaráttu tveggja öflugra liða í Stykkishólmi í gærkvöldi. KR vann leikinn 76-72 eftir að hafa unnið síðustu sex mínútur leiksins 18-10. Leikurinn einkenndist af sterkri vörn, lélegri hittni og baráttu um hvert einasta smáatriði sem gat ráðið úrslitum.

Morgan Lewis var greinilega staðráðinn í því að bæta fyrir skotin tvö sem klikkuðu á úrslitastund í leik þrjú því hann hélt KR-liðinu á floti í fyrri hálfleik (17 af 30 stigum) og kláraði síðan leikinn í lokin.

Morgan Lewis kórónaði frábæran leik sinn með því að verja skot Sean Burtons á glæsilegan hátt 9 sekúndum fyrir leikslok og hitti síðan úr tveimur vítum sem hann fékk í kjölfarið. Morgan klikkaði reyndar á öðrum tveimur vítum en Fannar Ólafsson tryggði sínum mönnum sigurinn.

Morgan var með 31 stig og 10 fráköst í leiknum en fékk mikla hjálp frá Pavel Ermolinskij sem tók yfir leikinn í seinni hálfleiknum þar sem hann var með 15 af 16 stigum sínum.

„Við kláruðum þennan leik en við vorum ekki að gera það um daginn. Þá vorum við ekki að setja niður mikilvæg skot í lokin en þeir gerðu það. Við gerðum það í kvöld og stjórnuðum þessum leik meira eða minna í seinni hálfleik. Þetta var ekki fallegur körfubolti því þetta er bara blóðug barátta. Menn eru að kljást frá upphafi til enda," sagði Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, í viðtali á Stöð 2 Sport eftir leikinn í gær.

„Morgan Lewis er búinn að vinna á og hann er búinn að standa sig mjög vel í þessari seríu. Ég er alltaf að reyna að koma Tommy Johnson inn í þetta og ég er að reyna að koma Brynjari inn í þetta. Það hefur gengið hægt en Brynjar steig upp hérna í lokin og setti niður mikilvæga körfu," sagði Páll en umrædd þriggja stiga karfa kom KR í 67-64 og liðið var með frumkvæðið í leiknum það sem eftir var.

„Ég er gríðarlega svekktur út í okkar lið og fyrst og fremst út í sjálfan mig. Það var mjög lélegt hjá okkur að tapa þessu. Mér fannst hvorugt liðið geta skorað lengi framan af en mér fannst þeir hitta meira af þessum stóru skotum. Það var svo lágt skor í þessu að það skipti allt svo rosalega miklu máli. Einn eða tveir þristar voru miklu stærri en í flestum leikjum. Mér fannst þeir eiga allar svoleiðis körfur í þessum leik," sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, í viðtali á Stöð 2 Sport.

KR komst í 7-0 og 14-5 en eftir að Snæfellsliðið náði tökum á leiknum stefndi lengi vel í heimasigur. Snæfell var 33-30 yfir í hálfeik og náði mest átta stiga forskoti í þriðja leikhluta.

KR-ingar gáfust hins vegar ekki upp þótt lítið gengi og tókst að tryggja sér oddaleik sem fer fram í DHL-höllinni á fimmtudaginn og er skylduáhorf fyrir alla alvöru körfuboltaáhugamenn.

ooj@frettabladid.is

## SNÆFELL-KR 72-76

Stig Snæfells: Hlynur Bæringsson 20, Martins Berkis 18, Sean Burton 15 (6 stoðs.), Sigurður Þorvaldsson 12 (13 frák.), Pálmi Freyr Sigurgeirs son 5, Emil Þór Jóhannsson 2

Stig KR: Morgan Lewis 31 (10 fráköst), Pavel Ermolinskij 16 (10 frák., 5 stoðs.), Brynjar Þór Björnsson 9, Fannar Ólafsson 8, Jón Orri Kristjánsson 4, Finnur Atli Magnússon 4, Tommy Johnson 2, Darri Hilmarsson 2.



**Á HEIMLEIÐ** Logi Geirsson í leik með íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FH fær mikinn liðsstyrk:

# Logi samdi við FH í gær

**HANDBOLTI** Landsliðsmaðurinn Logi Geirsson er á heimleið en hann skrifaði í gærkvöldi undir tveggja ára samning við uppeldisfélag sitt, FH.

Logi hefur leikið með þýska félaginu Lemgo undanfarin ár en samningur hans við félagið rennur út í sumar. Hann hefur lítið leikið í vetur vegna meiðsla en er á batavegi og leikur væntanlega með íslenska landsliðinu gegn Frökkum á föstudag og laugardag.

Það þarf ekkert að fjölyrða um hversu gríðarlegur liðsstyrkur þetta er fyrir hið unga FH-lið sem var afar óstöðugt í vetur og missti að lokum af sæti í úrslitakeppninni. Þetta eru einnig ánægjuleg tíðindi fyrir íslenskan handknattleik enda mun hinn litríki Logi vafalítið draga fólk á völlinn. FH mun kynna þennan nýja liðsmann sinn á blaðamannafundi í Kaplakrika klukkan 13.00 í dag. - hbg

Dagur Sigurðsson segir að íslenska handboltalandsliðið hafi fengið flottan drátt í undankeppni EM:

# Nokkuð skýrt að Ísland mun fara áfram

**HANDBOLTI** Dagur Sigurðsson, þjálfari landsliðs Austurríkis, telur Ísland hafa verið heppið með drátt í undankeppni Evrópumótsins. Dregið var í riðla í Serbíu í gær en þar mun lokakeppnin verða haldin 2012.

Tvö efstu liðin munu komast í úrslitakeppnina en Ísland er í riðli með Austurríki, Þýskalandi og svo sigurvegaranum úr undanriðli B. Í þeim riðli keppa Lettland, Ítalía, Finnland og Georgía.

„Þetta er fínn dráttur fyrir Ísland. Ég tel það nokkuð skýrt að Þýskaland og Ísland fara áfram upp úr þessum riðli. Ég tel að hin liðin eigi ekki að geta staðið í vegi fyrir því," segir Dagur sem vill meina að leikur Íslands og Austurríkis á síðasta Evrópumóti hafi verið einsdæmi. Liðin gerðu þá jafntefli í dramatískum leik. „Í tíu leikjum gegn Íslandi nær Austurríki kannski einum svona leik. Allir sem sáu þennan leik á EM vita að það var ansi mikill heppnisstimpill á honum fyrir Austurríki."

Dagur metur Ísland sem sigurstranglegasta lið riðilsins. „Þetta er fínn dráttur fyrir Ísland. Ég tel það nokkuð skýrt að Þýskaland og Ísland fara áfram upp úr þessum riðli. Ég held að hin liðin eigi ekki að geta staðið í vegi fyrir því. Ég tel Ísland með betra lið en Þýskaland. Síðustu tvö ár hafa Þjóðverjar ekki verið sannfærandi og það eru brotalamir í landsliðsmálunum hjá þeim. Það þarf heilmikið að gerast hjá þeim svo þeir geti talist ein af þessum toppþjóðum. Ísland er þó í þeim flokki í dag að mínu mati," segir Dagur.



**LÍKLEGA AÐ HÆTTA** Dagur Sigurðsson, þjálfari Austurríks. MYND/DIENER

Undankeppnin fer af stað í október en Dagur reiknar með því að vera við stjórnvölinn þá. „Minn samningur er bara fram á sumar svo ég spái ekkert í þetta. Að öllu óbreyttu hætti ég með austurríska liðið eftir leikina í sumar. Það er náttúrulega freistandi að mæta Þýskalandi og Íslandi en maður verður að horfa á þetta með þeim augum að ég er með fangið fullt í Berlín. Það gengur ekki til lengdar að vera með tvö lið að mínu mati," segir Dagur sem er einnig þjálfari þýska liðsins Fuchse Berlin.

Hann mun stýra Austurríki gegn Hollandi í sumar í leikjum um að komast á heimsmeistaramótið á næsta ári og líklegt að það verði hans síðustu leikir með liðið. - egm

## > Juliette Lewis

„Fólk heldur að það geri börnum sínum greiða með því að upplýsa þau um hvernig heimurinn í raun og veru er. Það gerir sér ekki grein fyrir því að á sama tíma gæti það hugsanlega verið að gera lítið úr draumum barna sinna.“

***Lewis leikur í myndinni Daltry Calhoun sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HVERFUR INN Í HUGARHEIM HEFÐARKVENNA

# *Loksins fékk lafðin á baukinn*

Ég hef lesið bækurnar, horft á kvikmyndirnar, bæði bandarísku og bresku, horft á þættina frá BBC, farið á fyrirlestra um höfundinn og horft á myndir sem á einhvern hátt eru tengdar hinni goðsagnakenndu Jane Austen, jafnvel glataðar myndir á borð við The Jane Austen Bookclub.

En ég fæ aldrei nóg. Ef það tengist Austen, þá er ég mætt á svæðið. Því gladdist ég óheyrilega yfir þáttunum sem Sjónvarpið sýndi um páskana sem kallast Lost in Austen og fjallar um nútímakonu, Amöndu Price, sem heillast hefur af hugarheimi Jane Austen og finnur leynihurð inn í þennan heillandi heim. Þannig skiptir hún um hlutverk við Elisabeth Bennett og lendir inni í miðjum söguþræði Hroka og hleypidóma.

Þættirnir stóðu í einu og öllu undir væntingum. Þarna var þó ekki tuggin sama gamla tuggan heldur fékk áhorfandinn að kynnast hinum vel þekktu persónum Darcy, Jane, Bingley og fleiri góðum frá allt annarri hlið. Þannig var hinn ófyrirleitni Whickham alls ekki jafn slæmur og Austen vildi vera láta, Darcy lifði í blekkingu og ástæðan fyrir því að ungfrú Bingley var grimm og dónaleg var að hún hneigðist til kvenna, sem hlýtur jú að vera gremjulegt á tímum hefðarkvenna.



Amanda hefur að markmiði að halda hinni upprunalegu sögu gangandi en tilkoma hennar verður þó til þess að riðla söguþræðinum. Að lokum gefst hún upp á að reyna að hafa áhrif og fellur að lokum sjálf fyrir hinum þurrpumpulega Darcy sem þrátt fyrir allt er maður drauma hennar en Elisabeth Bennett er fullsátt við að geta sent sms, notað krítarkort og horft á sjónvarp í framtíðinni.

Einstaklega fullnægjandi var einnig að sjá og heyra frú Bennett hella sér yfir hina þóttafullu og ógeðfelldu lady Catherine de Bourgh og þar fékk lafðin loksins á baukinn eins og hún átti skilið.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.00** Njarðvík – Keflavík, beint, STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.35** Með öngulinn í rassinum SKJÁREINN



▶ **20.45** Læknamiðstöðin SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Bones STÖÐ 2



▶ **21.50** American Idol STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.10 Skýrsla rannsóknarnefndar** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Frumskógar Goggi** (26:26)

**17.52 Sammi** (2:52)

**18.00 Múmínálfarnir**

**18.25 Dansað á fákspori**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.00 Skólahreysti 2010** Þáttaröð um keppni stráka og stelpna í 9. og 10. bekk grunnskólanna í upphífingum, armbeygjum, dýfum og hraðaþraut.

▶**20.45 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.

**21.30 Leiðin á HM** (8:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Whitechapel** (Whitechapel) (1:3) Breskur sakamálaflokkur. Aðalhlutverk: Rupert Penry-Jones, Phil Davis, Steve Pemberton, Claire Rushbrook og Alex Jennings.

**23.05 Njósnadeildin** (Spooks VII) (6:8) (e)

**00.00 Kastljós** (e)

**00.30 Fréttir** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Dumb and Dumber**

**10.00 Unaccompanied Minors**

**12.00 Mermaids**

**14.00 Dumb and Dumber**

**16.00 Unaccompanied Minors**

**20.00 Daltry Calhoun** Grínmynd um mann sem fær óvænt inn í líf sitt 14 ára dóttur sem hann yfirgaf fyrir mörgum árum. Aðalhlutverk: Johnny Knoxville, Juliette Lewis, Beth Grant og Elizabeth Banks.

**22.00 On Her Majesty's Secret Service**

**00.20 Kin**

**02.00 Lie With Me**

**04.00 On Her Majesty's Secret Service**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Einu sinni var** (7:22)

**10.55 Numbers** (9:23)

**11.45 Cold Case** (20:23)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Collage Road Trip**

**14.35 Notes From the Underbelly** (6:10)

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofuröndin, Ben 10 og Strumparnir.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (23:23)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (16:24)

**19.45 How I Met Your Mother** (20:22)

**20.10 How I Met Your Mother** (8:24)

**20.35 Modern Family** (11:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

▶**21.00 Bones** (10:22) Spennuþáttur um Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðing.

**21.45 Entourage** (11:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.

**22.15 Daily Show: Global Edition**

**22.40 Louis Theroux: The Most Hated Family in America** Heimildarmynd með Louis Theroux þar sem hann heimsækir eina hötuðustu fjölskyldu Bandaríkjanna.

**23.40 Collage Road Trip**

**01.05 The Aristocrats**

**02.35 Numbers** (9:23)

**03.15 Two and a Half Men** (16:24)

**03.40 How I Met Your Mother** (8:24)

**04.05 Modern Family** (11:24)

**04.30 Entourage** (11:12)

**04.55 Bones** (10:22)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Snæfell - KR** Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.

**16.50 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**17.20 Snæfell - KR** Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Expressdeildarinnar í körfubolta.

▶**19.00 Njarðvík - Keflavík** Bein útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.

**21.00 Bestu leikirnir: Víkingur - Valur 02.09.07** Árið 2007 var ekki ár Víkinga í efstu deild og fátt gekk upp hjá liðinu. Það kristallaðist í heimaleik liðsins gegn Val þann 2. september en nóg var af mörkum skorað í þeim leik.

**21.30 WGC - CA Championship** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.

**22.25 Njarðvík - Keflavík** Útsending frá leik í úrslitakeppni Iceland Express-deildarinnar í körfubolta.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.15 Blackburn - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.55 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**18.50 Chelsea - Bolton** Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.30 West Ham - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**23.10 Chelsea - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Matarklúbburinn** (4:6) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Matarklúbburinn** (4:6) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**17.10 7th Heaven** (18:22)

**17.55 Dr. Phil**

**18.40 Girlfriends** (8:22) (e)

**19.00 Still Standing** (19:20)

**19.20 America's Funniest Home Videos** (36:50)

**19.45 King of Queens** (15:25).

**20.10 Accidentally on Purpose** (12:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.

▶**20.35 Með öngulinn í rassinum** (2:6) Ný, íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og öðru sem viðkemur veiði.

**21.05 Nýtt útlit** (7:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit. Að þessu sinni er það Guðný Halldórsdóttir, leikstjóri sem fær yfirhalningu.

**21.55 The Good Wife** (14:23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshneyksli.

**22.45 Jay Leno**

**23.30 CSI** (6:23) (e)

**00.20 Heroes** (6:26) (e)

**01.05 Heroes** (7:26) (e)

**01.50 Battlestar Galactica** (3:22)

**02.35 The Good Wife** (14:23) (e)

**03.25 King of Queens** (15:25) (e)

**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ipad og Apple heimurinn. Gestir Ingva Hrafns eru Jón Axel Jónsson, Steingrímur Árnason og Bjarni Ákason.

**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir sýnir réttu handbrögðin við garðyrkjustörfin.

**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður fer yfir það allra helsta í íslenskum þjóðmálum.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


GOTT VERÐ & FRÁBÆR GREIÐSLUKJÖR
fyrir þá fjölmörgu sem þurfa að kaupa ný dekk fyrir sumarið.

MIKIÐ ÚRVAL
GOTT VERÐ



VAXTALAUST Í ALLT AÐ 6 MÁNUÐI
VAXTALAUST
Gildir til 31. maí 2010
VISA & MASTERCARD

Allar gerðir dekkja á frábærum kjörum!

ÞRJÁR FULLKOMNAR ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR
www.pitstop.is
pitstop

Rauðhellu 11, Hfj. ☎ 568 2035
Hjallahrauni 4, Hfj. ☎ 565 2121
Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10



Í þessari fjórðu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er. Á undan þættinum verður endursýndur þáttur úr annarri seríu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Whitechapel
### Sjónvarpið kl. 22.15



Bresk sakamálasyrpa í þremur hlutum sem gerist í Whitechapel-hverfinu í London þar sem finnast lík ungra kvenna sem myrtar hafa verið á hroðalegan hátt. Við nánari rannsókn kemur í ljós að morðinginn hermir nákvæmlega eftir morðum Jacks the Ripper eða Kobba kviðristu á 19. öld.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Ekkert eins og var
**21.20** Tríó
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Ally McBeal** (2:22) Ally og Jenny takast á við dragdrottningu í máli dagsins, Ling er orðin dómari og Cage hressir upp á útlitið.

**18.30 Friends** (2:25) Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Ally McBeal** (2:22)

**20.30 Friends** (2:25)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 American Idol** (28:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins níu bestu söngvararnir eru eftir. Keppendur þurfa því að leggja enn harðar af sér til þess að vinna hylli og atkvæði almennings.

**23.15 American Idol** (29:43) Nú kemur í ljós hvaða átta keppendur halda áfram í American Idol og eiga áfram von um að verða næsta söngstjarna Bandaríkjanna.

**00.00 Supernatural** (6:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**00.40 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**01.10 Fréttir Stöðvar 2**

**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** Sensitive Skin **13.10** The Weakest Link **13.55** New Tricks **14.45** Allo, ‚Allo! **15.15** Only Fools and Horses **15.45** The Black Adder **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Ashes to Ashes **20.10** After You've Gone **20.40** New Tricks **21.30** Jonathan Creek **22.30** Waterloo Road **23.20** Ashes to Ashes

## DR 1

**12.00** Det sode liv **12.30** Verdens vildeste by **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.05** Tagkammerater **15.15** Benjamin Bjorn **15.30** Lille Nord **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander **21.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **22.20** Dodens detektiver **22.45** Boogie Mix

## NRK 1

**12.00** Historien om **12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dynastiet **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Forkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Lisa goes to Hollywood **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Monty Pythons verden **22.10** Fem dager **23.10** Viggo på lordag **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.15** Taxi 13 **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Molinska skrönor **18.50** Kurt & Oves bilservice **19.00** Åh, Herregud! **19.30** Kvartersdoktorn **20.00** Dox. King of Kong **21.20** Kommissarie Winter **22.20** Bubblan **22.50** Det kungliga bröllopet **23.50** Alla säger I Love You





Ný rannsókn á áhrifum meðferðar við psoriasis í Bláa Lóninu

Bláa Lónið, Læknadeild HÍ og húðsjúkdómadeild Landspítalans vinna nú að viðamikilli rannsókn á áhrifum psoriasismeðferðar Bláa Lónsins. Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif Bláalónsmeðferðar annars vegar á psoriasis útbrot og hins vegar á ónæmiskerfið. Niðurstöðurnar verða síðan bornar saman við áhrif hefðbundinnar ljósameðferðar (UVB ljósameðferð). Rannsóknin er unnin í samstarfi við Landspítalann og er hún jafnframt doktorsverkefni Jennu Huldar Eysteinsdóttur, læknis á húðsjúkdómadeild Landspítala háskólasjúkrahúss.

Rannsóknin er styrkt af Tækniþróunarsjóði og Vísindasjóði Landspítalans. Rannsóknin er samþykkt af Vísindasiðanefnd og ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Jón Hjaltalín Ólafsson, yfirlæknir á húðsjúkdómadeild Landspítala háskólasjúkrahúss.

Við leitum að einstaklingum sem hafa áhuga á að taka þátt í rannsókninni. Þátttakendur þurfa að vera með skellupsoriasis. Meðferð er þátttakendum að kostnaðarlausu. Allir þátttakendur fá rakakrem á meðan á rannsókn stendur. Umsóknarfrestur er til 30. apríl.

Kynningarfundur verður haldinn í kvöld klukkan 20.00 í fundarsal Hreyfingar í Glæsibæ, þar sem Jenna Huld mun fara yfir allt sem snýr að þáttöku í rannsókninni. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Nánari upplýsingar má finna á www.bluelagoon.is eða með því að senda Jennu Huld tölvupóst á netfangið jennahuld@gmail.com.



Bláa Lóns psoriasismeðferðin er einstök náttúruleg meðferð. Hún byggir fyrst og fremst á böðun í jarðsjó Bláa lónsins sem þekktur er fyrir lækningamátt og virku efnin kísil, steinefni og þörunga. Meðferðin fer fram í Bláa Lóninu lækningalind sem fjöldi íslenskra og erlendra psoriasissjúklinga nýtir sér á hverjum degi með góðum árangri.

HÁSKÓLI ÍSLANDS · LANDSPÍTALI · BLUE LAGOON ICELAND

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er búin að vera að hlusta svolítið mikið á hitt og þetta undanfarið. Mest hef ég hlustað á Dj Major Lazer og lagið Pon de Floor.“*

Rebekka Bryndís Björnsdóttir, tónlistarkona í hljómsveitinni Hjaltalín.

# Selur gosmyndir sínar um allan heim

Myndir ljósmyndarans Sigursteins Baldurssonar, eða Steina fjalls eins og hann kallar sig, af eldstöðvunum við Fimmvörðuháls hafa birst í heimsfjölmiðlum á borð við CNN og The Guardian auk fjölda dagblaða í Kína, Indlandi og víðar.

Sigursteinn hefur unnið að uppsetningu ferðavefsins Planeticeland undanfarin ár en þar geta áhugasamir ferðast um landið með því að skoða myndir sem teknar eru á fimmtán kílómetra fresti og sýna landslag og staði í 360 gráða vinkli. „Þetta er einn stærsti sýndarveruleiki í heimi og þarna getur fólk upplifað það að ferðast um landið á Netinu. Við neyðumst þó til að hætta með vefinn innan skamms því hvergi er fjármagn að finna. Í staðinn mun ég leggja aukna áherslu á landslagsmyndir auk þess sem ég er farinn að leggja drög að verkefni sem ég nefni Waiting For Katla,“ útskýrir Sigursteinn sem hyggst koma um tuttugu myndavélum fyrir á ýmsum stöðum í kringum Kötlu. Vélarnar munu taka myndir á tuttugu mínútna fresti og því ætti að nást mynd af gosinu ef af því verður. „Mig langar að mynda Suðurlandið og svæðið í kringum jökulinn því gera má ráð fyrir því að þetta landsvæði verði fyrir miklum breytingum á næstunni. Mig langar með þessum hætti að búa til minnismerki um þá atburði sem hafa átt sér stað.“

Áhugasömum er bent á aðdáendasíðu Steina Fjalls á Facebook. - sm



**MYNDAR KÖTLU** Sigursteinn Baldursson ljósmyndari hyggst vakta Kötlu og ná þannig myndum af Kötlugosi verði það að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | 13 | | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ullarband, 6. frá, 8. tæki, 9. meðal, 11. 950, 12. kompa, 14. tárfelldu, 16. vörumerki, 17. persónufornafn, 18. ennþá, 20. mun, 21. málmhúða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** steintegund, 3. pot, 4. stjórnmál, 5. angan, 7. felustaður, 10. fjór, 13. andlit, 15. yndi, 16. bekkur, 19. ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. lopi, 6. af, 8. tól, 9. lyf, 11. lm, 12. klefi, 14. grétu, 16. ss, 17. sín, 18. enn, 20. ku, 21. tína.
**LÓÐRÉTT:** 1. talk, 3. ot, 4. pólitík, 5. ilm, 7. fylgsni, 10. fer, 13. fés, 15. unun, 16. set, 19. nn.

NICOLAS BRO: ER EINLÆGUR AÐDÁANDI DAGS KÁRA PÉTURSSONAR

# Íslandsvinurinn sem fer á kostum í Forbrydelsen

Danski leikarinn Nicolas Bro fer á kostum í hlutverki dómsmálaráðherrans Thomas Buch í dönsku sakamálaþáttunum Forbrydelsen, eða Glæpnum, sem sýndir eru á sunnudagskvöldum á RÚV. Bro er íslenskum kvikmyndaáhugamönnum að góðu kunnur fyrir leik sinn í Dags Kára-myndinni Voksne Mennesker en hann lék einnig lítið hlutverk í síðustu mynd íslenska leikstjórans, The Good Heart. Bro viðurkennir að hann sé einlægur aðdáandi Dags. „Ég bíð bara eftir því að hann hringi í mig og biðji mig um að leika í næstu mynd hans. Mér væri alveg sama hversu stórt hlutverk það væri, ég myndi taka því,“ segir Bro í samtali við Fréttablaðið.

Bro þykir takast einstaklega vel upp sem dómsmálaráðherrann Buch í Glæpnum II. Bro sjálfur segir þennan sérkennilega stjórnmálamann fyrst og fremst vera hugarfóstur handritshöfundanna þótt vissulega sé eitthvað af honum sjálfum í þessari skrautlegu persónu. Sjálfur hafi hann viljað að Buch væri gamaldags stjórnmálamaður með hugsjónir. „Maður saknar svoleiðis manna, stjórnmálamanna sem vinna eftir eigin sannfæringu og eru reiðubúnir að vera mennskir og viðurkenna mistök sín. Ameríkuvæðing stjórnmálanna, allavega hérna í Danmörku, hefur ekki haft góð áhrif,“ segir Nicolas.

Önnur þáttaröð af Glæpnum sló eftirminnilega í gegn í Danmörku á sínum tíma og hefur notið töluverðra vinsælda hér á landi. Bro segist ekki hafa neina einfalda skýringu á því af hverju þættirnir hafi náð svona mikilli hylli meðal sjónvarpsáhorfenda. „Kannski er það þessi myrki undirtónn og að þættirnir eru ekki uppfullir af einhverjum klisjum. Það er ekki mikil sápa í þessum þáttum heldur fjalla þeir bara um venjulegt fólk sem er að vinna sína vinnu,“ segir Bro. Framleiðendur þáttanna hafa einnig gert mikið úr verklaginu við gerð þáttanna, leikarar fá til að mynda að vita sem minnst um framvinduna. „Ég veit samt ekki alveg hvort það hafi skipt einhverju máli fyrir mann sjálfan. Og þó, þetta hafði kannski einhver áhrif á stemninguna á tökustað en ég veit ekki hvort það komst til skila, það getur vel verið.“

Bro hefur komið nokkrum sinnum til Íslands, meðal annars í tengslum við tökurnar á The Good Heart. Hann segist elska land og þjóð og man sérstaklega eftir útreiðartúr sem hann fór í ásamt fríðum flokki Íslendinga. „Ég var mjög lélegur knapi,“ segir Bro og skellihlær.

freyrgigja@frettabladid.is





**FRÁBÆR Í FORBRYDELSEN**
Danski leikarinn **Nicolas Bro** fer á kostum sem dómsmálaráðherrann Thomas Buch í spennuþáttaröðinni Glæpnum sem sýnd er á sunnudagskvöldum á RÚV. Bro segist vera einlægur aðdáandi íslenska leikstjórans **Dags Kára** og myndi ekki hugsa sig tvisvar um ef Dagur hringdi og bæði hann um að leika í mynd eftir sig.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Það styttist enn frekar í sýningar á Bachelorette-þáttaröðinni þar sem Ísland kemur töluvert við sögu enda kom piparmeyjan Ali Fedotowsky hingað til lands ásamt níu heppnum piparsveinum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var **Eyþór Guðjónsson** víst einn af þeim sem sinntu tökuliðinu. Eyþór og Mike Fleiss, framleiðandi þáttanna, eru miklir vinir eftir Hostel-ævintýri Eyþórs sem Fleiss framleiddi.



Og ögn meira af Bachelorette því Skjár einn mun sýna umrædda þáttaröð með **Ali** í aðalhlutverkinu. Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri stöðvarinnar, segir þó ekki vitað hvenær þáttaröðin verður á dagskrá, íslenskum áhorfendum verði þó eitthvað örlítið seinna sinnt en þeim amerísku.



Tónlistarmaðurinn **Bubbi Morthens** fagnar sem kunnugt er þrjátíu ára starfsafmæli sínu og hyggst halda í mikla tónleikareisu um landið af því tilefni. Frítt verður inn á tónleikana en Stöð 2 hyggst fylgja kónginum eftir og taka upp nokkra tónleika með honum sem síðan verður skeytt inn í þrjá þætti um líf og starf Bubba. - fgg


**Blaðberinn bíður þín**

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.**



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

**SÍÐASTA HJÓNANÁMSKEIÐIÐ**

Vegna fjölmargra áskorana verður bætt við auka hjóna og sambúðarnámskeiði í Hafnarfjarðarkirkju **9. og 10. maí næstkomandi.**
Leiðbeinandi er sem fyrr sr.Þórhallur Heimisson.
Á námskeiðunum er nú lögð sérstök áhersla á hvernig hægt er að styrkja innviði fjölskyldunnar og samband hjóna á þeim erfiðu tímum sem ganga yfir land og þjóð.

**Skráning fer fram á thorhallur33@gmail.com.**
**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á hafnarfjardarkirkja.is**
***Athugið að takmarkaður fjöldi kemst að.***


# Halla og Ásgeir saman á Austur

„Við Halla erum búin að vera góðir vinir lengi og höfum þekkst í langan tíma,“ segir Ásgeir Kolbeinsson en söng- og leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir var ein þeirra sem heiðruðu Ásgeir og félaga hans þegar Austur steikhús var opnað í Austurstræti um helgina. Nærvera Höllu vakti nokkra athygli enda sjaldséð hér á Íslandi því hún býr í Svíþjóð. Ásgeir var ánægður með opnun nýja staðarins og sagði hana hafa gengið vonum framar. „Þetta heppnaðist gríðarlega vel og ætli það hafi ekki 250 manns kíkt til okkar á föstudagskvöldið.“

Halla kom til landsins fyrir páska. „Ég gerði þetta líka í fyrrasumar, var þá hér í sex vikur og tók mér smá frí frá Svíþjóð,“ segir Halla en hún býst við að vera ögn lengur á landinu núna, jafnvel út sumarið. „Ég ætla að gá hvort það sé ekki eitthvað að hafa hérna. Svo erum við pabbi að vinna að plötunni minni og það er margt gott sem er að koma út úr því,“ segir Halla en bætir því við að enginn ákveðinn útgáfudagur hafi verið negldur niður. - fgg



**Á AUSTUR** Halla og Ásgeir Kolbeins hafa verið vinir lengi en hér eru þau ásamt Viðari Þorlákssyni við opnun steikhússins Austur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Allt í steik

*Vegna mikillar eftirspurnar verður Allt í Steik framlengt til mánudagsins 19. apríl*

## 4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

**1**
KRYDDLEGIN KLAUSTURSBLEIKJA
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

**2**
RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI FJOGURRA AÐALRÉTTA

**3**
FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

RIB EYE
með kartöfluturni, Bearnaisesósu og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

**4**
SÚKKULAÐIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



*Allt í steik verð frá* **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
*Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

## Nýr A la Carte hefst 20. apríl

FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

Pósthúsið

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Góð vinkona

Tónlistarmaðurinn **Davíð Þór Jónsson** hefur verið á ferð og flugi undanfarið. Fyrir skemmstu dvaldist Davíð vestanhafs, annars vegar við tónleikahald í Texas með Ólöfu Arnalds og hins vegar í New York þar sem hann og Ragnar Kjartansson unnu að sýningu í Moma. Davíð Þór er hvers manns hugljúfi og vekur jafnan athygli hvert sem hann fer. Á ferðum sínum komst hann í kynni við leikkonuna **Chloe Sevigny** í góðgerðakvöldverði og segir sagan að leikkonan góðkunna hafi kolfallið fyrir íslenska hljómborðsleikaranum. Eyddu þau í kjölfarið nokkrum dögum saman og skemmtu sér að sögn hið besta.



### Smekklegar myndir

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er mál málanna í dag. Augljóst er að mikil vinna hefur verið lögð í skýrsluna og þykir hún öll hin smekklegasta. Það er ekki síst að þakka ljósmyndaranum **Rebekku Guðleifsdóttur** en landslagsmyndir hennar prýða kápur allra níu binda skýrslunnar og eru afar glæsilegar. Rebekka hefur fyrst og fremst getið sér gott orð á Netinu en er greinilega á hraðri uppleið.



### Eins og barón

**Hrafn Gunnlaugsson** hefur verið mikið í fréttum vegna bygginga sinna úti á Laugarnestanga. Hann gaf sér þó tíma frá byggingavinnu og skellti sér í World Class um helgina, klæddur í hvítt frá toppi til táar þannig að leikstjórinn minnti einna helst á barón frá Suður-Ameríku. **- hdm**



## Mest lesið vísir.is

1. Skýrslan gerð opinber – lesið hana hér
2. Geir var skíthræddur við Davíð
3. Björgvin segir af sér formennsku í þingflokknum
4. Bombur dagsins – fleyg orð úr skýrslunni
5. Ritstjóri Pressunnar skuldaði yfir hálfan milljarð í Kaupþingi

ÁTT ÞÚ ÞÉR LEYNDARMÁL?




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Og nú góðu fréttirnar!

## Verðlækkun á veiðigræjum



DAM vöðlutaska. Með öllum vöðlum fæst vönduð vöðlutaska frá DAM
á aðeins 3.995
á meðan birgðir endast





Ron Thompson vöðlupakki
Ron Thompson neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki á hreint ótrúlegu vortilboðsverði.
Alklæðnaður í veiðina
á aðeins 24.995



DAM Taslan vöðlur
Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum. Belti fylgir.
Vortilboðsverð aðeins.
Ódýrustu vöðlurnar í bænum?
Aðeins 8.995



Ron Thompson NyloStretch vöðlur
Léttar og sterkar vöðlur með áföstum stígvélum.
Góður brjóstvasi. Belti fylgir.
Frábært vortilboðsverð
aðeins 12.995



DAM veiðistangapakki.
Glæsileg DAM Quick Stick 10 feta veiðistöng ásamt
DAM Quick Finessa veiðihjóli
með 9 legum og aukaspólu
á frábæru vortilboðsverði.
Aðeins 14.995





DAM vöðlupakki
DAM neoprenvöðlur og vatnsheldur veiðijakki á frábæru vortilboðsverði.
Aðeins 28.995 og þú ert klár í slaginn



DAM öndunarvöðlupakki
Vandaðar DAM öndunarvöðlur og vöðluskór með filtsóla. Frábært vortilboð.
Aðeins 34.995 fyrir vöðlur og skó



Ron Thompson öndunarvöðlupakki
Ron Thompson Hydrowave vöðlur og vöðluskór með filtsóla. Besta verð í bænum?
Vortilboðsverð aðeins 29.995 fyrir vöðlur og skó

SPORTBÚÐIN





Munið vinsælu gjafabréfin okkar

VEIÐIHORNIÐ

Sportbúðin • Krókhálsi 5 • 517 8050 • Veiðihornið • Síðumúla 8 • 568 8410
veidihornid.is • sportbudin.is